

KRISTJÁN RÚNARSSON

### Lærir hótélstjórnun í Neuchatel í Sviss

nám ferðir bílar börn

allt MIÐJU BLAÐSINS



INGÓLFUR MARGEIRSSON

### Glersúlan er hluti af friðar- iðnaði Yoko Ono

Ekki skyldi vanmeta viðskiptavit listakonunnar

FÓLK 38



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. mars 2006 — 59. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Vegur víkinga með haglabyssu

Breskur rithöfundur hefur skrifað samtímaspennusögu um Gretti Ásmundarson. Þessi dáða hetja Íslendinga heldur nú til í London og drepur óvini sína með skotvopnum.



FÓLK 30

## Adrenalinflæði að keppa á ís

Íslenski hesturinn er sjaldan flottari en á góðum ís. Guðmundur Björgvinsson sigraði í keppni sem haldin var á ísilögðu Lagarfljóti og ræðir muninn á því að keppa á ís og malarvelli.



FÁKAR 18


## Rússnesk rúletta

„Fólki er talin trú um að það standi frammi fyrir fátækt og vesöld ef strangari reglur eru settar á iðnfyrirtæki,“ segir Guðmundur Hörður Guðmundsson.

Í DAG 20


## Valur verður meistari

Sex leikir fara fram í DHL-deild karla í kvöld en þar ber hæst leikur Fram og Vals í Safamýrinni. Jóhannes Bjarnason spáir Valmönnum tapi í leiknum en samt sem áður sjálfum Íslandsmeistaratitlinum.



ÍPRÓTTIR 35

## VEÐRIÐ Í DAG



### BJART SUNNAN OG VESTAN

- Í dag verður hæg norðlæg átt en þó strekkingur allra austast. Stöku el norðan og austan til en bjartviðri syðra og á Vesturlandi. Frost 0-7 stig, mildast syðst.

VEDUR 4

## > Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkid ... FYLGR MED FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN - A preview of the market section of the newspaper, including headlines and small images.

# Fimmtíu milljarða hagnaður á einu ári

Exista skilaði 50,3 milljarða hagnaði fyrir árið í fyrra sem er Íslandsmet. Hagnaður banka og helstu fjárfestingarféлага nemur á þriðja hundrað milljarð króna.

**VIÐSKIPTI** Exista, fjárfestingarfélag að stærstum hluta í eigu Ágústs og Lýðs Guðmundssona hagnaðist um 50,3 milljarða í fyrra, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hagnaðurinn er að mestu tilkominn vegna eignarhlutar félagsins í KB banka og Bakkavör, en eignarhlutir í Símanum og Vátryggingafélagi Íslands eru færðir í bókum félagsins og

kaupvirði. Aðrir eigendur Exista eru KB banki og nokkrir sparisjóðir.

Exista sló með þessum hagnaði met KB banka sem hagnaðist um 49,3 milljarða í fyrra. Hagnaður banka og helstu fjárfestingarféлага landsins nemur á þriðja hundrað milljarð króna. Til samamburðar eru fjárlög ríkisins um 300 milljarðar og heildareignir lífeyrissjóða landsmanna um 1.200 milljarðar króna.

Fjárfestingarfélagin eiga talsverðan hluta hagnaðar síns að þakka hækkun á gengi bankanna og því er sama krónan talin tvisvar í sumum tilvikum þegar hagnaður banka og fjárfestingarfélaganna er lagður saman.

Sem fyrr segir skilaði Exista mestum hagnaði og KB banki næstmestum. Í þriðja sæti er Baugur með 28 milljarða í hagnað

á síðasta ári og því næst Straumur-Burðarás með 26,6 milljarða króna.

Þá eru ótalin eignarhaldsfélög sem ekki hafa birt uppgjör svo sem Milestone sem lýtur stjórn Karls Wernerssonar og Ker og Kjalar sem Ólafur Ólafsson stýrir. Þessi félög eru stórir eigendur í Íslandsbanka og KB banka. Einnig má nefna félag Pálma Haraldssonar, Fons, sem á hagsældarár að baki.

Þá er enn ótalið eignarhaldsfélagið Samson, en gera má ráð fyrir að gengishagnaður af eign í Landsbankanum hafi verið á fimmta tug milljarða króna.

Alls nemur því hagnaður af fjárfestingum og fjármálastarfsemi stærstu fyrirtækjanna um það bil sömu fjárhæðum og fjárlög ríkisins.

- hh / sjá Markaðurinn

## HAGNAÐUR HELSTU BANKA OG FJÁRFESTINGARFÉLAGA

allar tölur í milljónum króna

Exista	50.300
KB banki	49.260
Baugur	28.000
Straumur-Burðarás	26.617
Landsbankinn	24.740
Íslandsbanki	19.099
FL Group*	16.921
<b>SAMTALS</b>	<b>214.937</b>

\*meðaltalsspá greiningardeilda bankanna



DÖPUR BYRJUN HIJ EYJÓLFI Landsliðsþjálfaraferill Eyjólfis Sverrissonar hófst ekki vel þegar Ísland mætti Trínídad og Tóbagó á Loftus Road í Lundúnum í gærkvöld. Íslenska liðið átti mjög slakan leik og leikmenn Trínídad unnu verðskuldaðan sigur, 2-0. Það verður verk að vinna hjá Eyjólfí að byggja upp sterkt lið á næstu mánuðum. Nánar um leikinn á síðu 35.

Enn barist fyrir rannsóknaraðstöðu á Keldum til greiningar á fuglflensuveirunni:

# Ódýrara að greina sýnin hér

**FUGLAFLENSA** Áætlað er að það þurfi að minnsta kosti 90 milljónir króna til að koma upp rannsóknaraðstöðu á Keldum til greiningar á mótfní gegn veirum, svo sem fuglflensuveirunni, erfðafni þeirra og aðstöðu til ræktunar þeirra, að sögn Sigurðar Ingvarssonar prófessors og forstöðumanns tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði. Tillaga þessa efnis liggur fyrir ríkisstjórninni.

Áætlað er að taka á fjórða þúsund sýna úr alifuglum og villtum fuglum hér á landi. Þau verða send

utan til rannsóknar á því hvort fuglflensuveira leynist í þeim. Spurður hvort ekki sé ódýrara að koma upp aðstöðu á Keldum til að rannsaka sýnin segir Sigurður svo vera.

„En það fer eftir sýnamagninu hverju sinni,“ segir hann. „Það borgar sig ekki að vera með mikil umsvif við að setja upp rannsóknaraðstöðu ef það eru fáein sýni sem mæla á á ári. En ef þetta er farið að skipta hundruðum eða þúsundum sem á að mæla þá er hagkvæmni í að hafa þetta hér.“

Sigurður segir enn fremur að

barist hafi verið fyrir fullkominni veirurannsóknarstofu á Keldum í fimm ár þar sem hægt væri að vinna með veirur, sem gætu verið hættulegar mönnum og kvikfén- aði.

„Við erum með klárar tillögur frá okkur, sem við höfum unnið með Framkvæmdasýslu ríkisins,“ segir Sigurður. „Þær ganga út á að það verði brugðist skjótt við og komið upp bráðabirgðaaðstöðu, þannig að minnsta kosti sé hægt að kryfja á Keldum. Áætlaður kostnaður við það væri um 25 milljónir króna.“ - jss / sjá baksíðu bls.16



ICELAND Viðsnúningur rekstrarins tók skamman tíma.

Kaupendur Iceland-keðjunnar:

## Fá kaupverðið endurgreitt

**VIÐSKIPTI** Íslenskir fjárfestar leggja nú lokahönd á að gera upp upphaflega fjárfestingu sína í bresku verslanakeðjunni Iceland.

Baugur, Fons, sem er í eigu Pálma Haraldssonar, og Milestone, sem lýtur stjórn Karls Wernerssonar, keyptu félagið fyrir tæpu ári og fengu til liðs við sig stofnanda þess, Malcolm Walker.

Nú ári síðar greiða þeir sér til baka með vöxtum um níu milljarða króna og hreinsa upp skammtíamaskuldur vegna kaupanna við Landsbankann sem sá um fjármögnun.

Viðsnúningur rekstrarins tók því skamman tíma. Sérfræðingar í Bretlandi höfðu minnsta trú á kaupum á Iceland af þeim fyrirtækjum sem voru í kaupum á Big Food Group, en hin voru Booker og Woodward.

- hh / sjá Markaðurinn

Hollendingar argir út í Belga:

## Bera plastflöskur yfir landamærin

**AMSTERDAM, AP** Sparsamir Belgar valda Hollendingum höfuðverk þessa dagana. Belgarnir flykkjast nú yfir landamærin með bílana fulla af tónum Coca-Cola plastflöskum, aka beinustu leið í næsta stórmarkað og hirta endurvinnslugjald fyrir flöskurnar, en í Hollandi fást tæpar 20 íslenskar krónur fyrir hverja flösku.

Coca-Cola hækkaði verð á gosi í Hollandi um 30 til 40 prósent í janúar eftir tveggja ára verðstríð og hóf um leið sölu á nýju plastflöskunum sem eru eins og þær sem fást í Belgíu. Talskona Coca-Cola sagðist ekki telja að margir Belgar stunduðu þessa iðju.

- smk



## HEILBRIGÐUR ÚTBOÐS-MARKAÐUR?

Ráðstefna SI á stórsýningunni Verk og Vit 2006

Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á www.si.is



## SPURNING DAGSINS

**Alfred, voru gufuböðin í morgunsárið auglýsingabrella?**

Nei, en þetta minnr okkur hins vegar á hversu þýðingarmikið heita vatnið er fyrir Reykjavíkinga og aðra höfuðborgar-búa.

Mikla gufu lagði yfir Reykjanesbraut í gærmorgun eftir að fjórútu sentimetra gat kom á aðflutningsæð Orkuveitu Reykjavíkur. Alfred Þorsteinsson er stjórnarformaður Orkuveitunnar og berst nú um viðskiptavinina við aðrar veitur, þar sem samkeppni á raforkumarkaði hefur verið gefin frjáls.

Banaslys á Sæbraut:

## Nítján ára stúlka lét lífið

**LÖGREGLA** Nítján ára stúlka lést í bílslysi á Sæbraut rétt eftir miðnætti í fyrrinótt. Stúlkan missti stjórn á bifreið sem hún ók og keyrði niður tvo ljósastaura og hafnaði á götuvatna. Vitni að slysinu fengu áfallahjálpar sérfræðinga á Landspítalanum. Þau sögðu að svo virtist sem stúlkan hafi verið í kappakstri við annan bíl á Sæbrautinni.

Lögregla rannsakar slysið og segir að stúlkan hafi ekki verið í belti, en hún kastaðist út úr bílnum við áreksturinn. Lögregla segir erfitt að sannreyna að stúlkan hafi verið í kappakstri en segir ljóst að jeppabifreið hafi verið ekið greitt samsíða bíl hennar. Ungur piltur ók jeppanum og þekkti stúlkuna ekki.

Stúlkan var fædd árið 1987. Hún var ein í bílnum. Ekki er hægt að greina frá nafni hennar látnu að svo stöddu. - gag

## KJARAMÁL

**Verkfall líklegt** Fundi í kjaradeilu slökkviliðsmanna lauk í gær án teljandi árangurs. Atkvæðagreiðsla 280 slökkviliðsmanna um hvort boðað verður til verkfalls stendur yfir.

## SVÍPJÓÐ

**Grunur um kúariðu** Verið er að rannsaka hvort veik kýr í Svíþjóð hafi sýkt af kúariðu, að sögn sænskra heilbrigðisyfirvalda í gær. Bráðabirgðarannsóknir úr 12 ára gamalli kú frá Vastmanland í miðhluta Svíþjóðar reyndust jákvæðar og hafa verið sendar til frekari rannsókna. Kúariða hefur ekki fyrr fundist í Svíþjóð.

## BRETLAND

**Leitað á bændabýli** Breska lögreglan gerði í gær húsleit á bændabýli í grennd við Tonbridge í Kent, þar sem 53 milljónum sterlingspunda var rænt í síðustu viku. Sky-sjónvarpsstöðin greindi frá þessu en lögreglan vildi ekki veita nánari upplýsingar að svo stöddu.

Fíkniefnin sem fundust á víðavangi utan við borgina:

# Þrjú kíló í einni pakkningu

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnin sem fundust í jörðu úti á víðavangi fyrir utan borgina í síðustu viku reyndust vera amfetamín, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar lögreglu. Um var að ræða 3,2 kíló amfetamíns í einni pakkningu.

Efnið var grafið í holu á afviknum stað rétt austan við borgina. Ábending kom frá vegfaranda sem taldi óeðlilegar mannaferðir vera á þessu svæði. Hann lét lögregluna í Reykjavík vita sem fann efnið.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur enginn verið handtekinn né yfirheyrður vegna amfetamínfundarins. Fíkniefna-



**AMFETAMÍN** Lögreglan hefur tekið gríðarlegt magn af amfetamíni það sem af er þessu ári.

deild lögreglunnar heldur rannsókn málsins áfram. - jss

Deildin rannsakar jafnframt ennþá mál tveggja Litháa sem reyndu að smygla amfetamínþasa hingað til lands. Annar þeirra kærði úrskurð Héraðsdóms um framlengingu gæsluvarðhalds fyrir í vikunni. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn í gær. Þetta er í annað sinn sem sami maður kærir úrskurð um framlengingu gæsluvarðhalds en hann hefur ekki haft erindi sem erfiði.

Gæsluvarðhald yfir honum rennur út á morgun, en hinn Litháinn, sem tekinn var með amfetamínþasann í fórum sínum, var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 7. apríl. - jss

Þjónustuíbúðir á Selfossi:

## Aldraðri konu bjargað úr eldi

**LÖGREGLA** Kona á vakt í þjónustuíbúðum aldraðra á Selfossi kom aldraðri konu til bjargar, eftir að eldur kviknaði í íbúð hennar laust fyrir miðnætti í fyrradag. Báðar voru fluttar á sjúkrahúsið á Selfossi vegna snerts af reykeirun og dvöldu þar um nóttina en voru útskrifaðar í gær.

Um klukkustund tók að slökkva eldinn og reykræsta íbúðina sem er ein af átta þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var í viðbragðstöðu en þurfti ekki að fara á vettvang. Eldsupptök eru ókunn og rannsakar lögregla málið. - gag

# Rassía í Dugguvogi

Hópur Litháa er talinn ólöglegur við störf í Dugguvogi. Fulltrúar ASÍ stormuðu á staðinn í gær og reyndu að kalla til lögreglu og fulltrúa byggingareftirlits en gekk ekki. Eigandinn segir allt löglegt við framkvæmdirnar.

**VINNUMARKAÐUR** Grunur leikur á að sjö Litháar, fjórir karlar og þrjár konur, séu ólöglega að störfum við framkvæmdir á efri hæðinni í Dugguvogi 10 í Reykjavík. Tveir fulltrúar verkalyðshreyfingarinnar stormuðu inn í framkvæmdastaðinn í gær, ræddu við fólkið og reyndu að ná í eiganda hússins til að kynna sér hvort allt væri lögum samkvæmt.

Ákveðið var að kalla lögreglu og starfsmenn byggingafrulltrúa á staðinn en ekki náðist í þá. Búist er við að rannsókn hefjist í dag og svæðinu lokað með innsigli.

Björn Einarsson innanhússarkitekt stendur fyrir framkvæmdunum ásamt félag sínum í fyrirtækinu B og G en fyrirtækið Efríhlíð á húsnæði. Björn segir að fjórir til fimm Litháar starfi löglega við framkvæmdirnar. Útlendingaefrtirlitinu hafi verið tilkynnt um það.

Litháarnir eru að hans sögn frá starfsmannaleigunni Salivir í Litháen. Björn segir að Litháarnir fari úr landi síðar í vikunni þegar fólkið sé búið að vera hér í þrjú mánuði. Sjálf sagðist fólkið hafa verið hér frá því í desember, fá 80 þúsund krónur á mánuði og búa á tveimur stöðum í miðborginni.



**VIÐ MÁLNINGARVINNU** Þrjár konur vinna við breytingarnar í Dugguvogi. Fólkið segist fá 80 þúsund á mánuði og fritt húsnæði. Eigandinn segir að kjör þeirra séu í samræmi við kjarasamninga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**IÐNAÐARHÚSNÆÐI BREYTT** Litháar vinna við breytingar innanhúss í Dugguvogi 10 en þar á að vera búið að breyta iðnaðarhúsnæði í skrifstofur og íbúðarhúsnæði um miðjan mars. Talið er að Björn Einarsson innanhússarkitekt hafi fengið þá til starfa án þess að hafa tilskilin leyfi. Björn segir allt lögum samkvæmt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í Dugguvogi 10 er verið að breyta iðnaðarhúsnæði á efri hæð í skrifstofu, lager og íbúðarhúsnæði, en á neðri hæðinni er meðal annars dekkjaverkstæði. Björn segir að ekki sé gert ráð fyrir íbúðum. Samkvæmt upplýsingum hjá byggingafrulltrúaembættinu í Reykjavík hafði verið sótt um leyfi til að innrétta íbúð og vinnustofu í stað skrifstofuhúsnæðis í norðurhluta og fjölga eignum í suðurhluta. Málinu hefur verið frestað.

Halldór Jónasson, fulltrúi hjá Trésmiðafélagi Reykjavíkur, segir að verkalyðshreyfingin hafi verið að elta við Björn í nokkurn tíma. Hann sé grunaður um að fá fólk til landsins sem ferðamenn. ASÍ hafi



**DUGGUVOGUR 10** Verið er að breyta efri hæðinni úr iðnaðarhúsnæði í skrifstofur, lager og íbúðarhúsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

áður komið á framkvæmdastað hjá Birni og einu sinni hafi tveir Litháar og Tékki „látið sig fljúga fjóra metra fram af palli og stungið af út í bláinn“ þegar þeir hafi gert sér grein fyrir því að lögregla væri á leiðinni. ghs@frettabladid.is



**SAMNINGAR INNSIGLAÐIR** Svissneski utanríkisráðherra Micheline Calmy-Rey og fulltrúar ESB, Ursula Plassnik og Benita Ferrero-Waldner, skála í Brussel.

ESB semur við Svisslendinga:

## Sviss greiðir í þróunarsjóð

**BRUSSEL, AP** Samkomulag hefur náðst um þátttöku Sviss í að fjármagna þróunarverkefni í ríkjum tíu sem gengu í Evrópusambandið vorið 2004. Á næstu fimm árum mun Sviss leggja um einn milljarð svissneskra franka, andvirði um 50 milljarða króna, í þar til gerðan þróunarsjóð.

Sjóður þessi verður hliðstæður Þróunarsjóði EFTA, sem EES-ríkin í EFTA, Ísland, Noregur og Liechtenstein, greiða alls um 90 milljarða króna í á sama tímabili.

Nú þegar liggur fyrir að um helmingur fjárens úr svissneska sjóðnum muni renna til verkefna í Póllandi. - aa

Lóðaútbóðið í Úlfarsárdal:

## Hæstbjóðendur fá eina lóð

**SKIPULAGSMÁL** Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar hefur haft samband við þá sem áttu hæstu tilboð í byggingarrétt í Úlfarsárdal. Þeir þurfa nú að ákveða við hvaða tilboð þeir ætla sér að standa.

Einn maður átti hæsta tilboð í allar lóðirnar nema eina en þær voru 40 alls. Borgarráð Reykjavíkur samþykkti tillögu borgarstjóra um að hver einstaklingur fengi aðeins að kaupa eina einbýlis- eða parhúsalóð. - shá

Allt bendir til þess að aðeins tveir listar bjóði fram í Reykjanesbæ í vor:

# Átök A- og D-lista um völdin

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn og óflokksbundnir í Reykjanesbæ hafa ákveðið að bjóða fram sameiginlegan lista fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í vor. Að óbreyttu stefnir í framboð og átök aðeins tveggja lista, D-lista Sjálfstæðisflokksins og nýja framboðslistans sem fer fram undir merki A-listans.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins og Jóhann Geirdal, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ, fagna sameiginlegu framboði mjög, en báðir hafa þeir ákveðið að víkja fyrir nýju fólki.

Fram kom á blaðamannafundi í Reykjanesbæ í gær að uppstillingarnefnd hefur þegar lagt fram tillögu um listann, og verður hann borinn undir viðkomandi flokksfélög á næstunni.

Sjálfstæðisflokkurinn myndar



**KJARTAN MÁR KJARTANSSON OG JÓHANN GEIRDAL** Tákn A-listans var afhjúpað í gær. Tveggja turna átök blasa við í Reykjanesbæ.

einn meirihluta í Reykjanesbæ á yfirstandandi kjörtímabili með sex bæjarfulltrúa af ellefu. Talsmenn A-listans líta svo á að með sameiginlegu framboði megi mynda breiðfylkingu fólksins gegn ríkjandi meirihluta. „Hér má vænta stórátaka milli A- og D-lista í sveitarstjórnarkosningunum í vor.“ sagði Eysteinn Jónsson talsmaður kosningastjórnar A-listans, á fundinum í gær.

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins í Reykjanesbæ telja að staða bæjarstjóðs sé orðin háalvarleg og Reykjanesbær skuldi mest af öllum bæjarfélögum landsins á hvern íbúa.

Sjálfstæðisflokkurinn hlaut nærri 53 prósent atkvæða í Reykjanesbæ í síðustu kosningum en aðrir flokkar um 47 prósent. - jh

Sjálfskipt og allt allt öðruvísi



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



1.750.000,-

Sjálfskipt, 1,8 l. vél og hlaðin aukabúnaði

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 ih.is



# Öskudagur í Kringlunni

## Ronja Ræningjadóttir kl. 10.45

Ronja Ræningjadóttir kemur í heimsókn í Kringluna

## Kötturinn sleginn úr tunnunni kl. 11.00

- Verðlaun fyrir að slá köttinn úr tunnunni eru 4 miðar á Ronju Ræningjadóttur í Borgarleikhúsinu
- Verðlaun fyrir besta búninginn eru 4 miðar á Ronju
- Allir sem slá í tunnuna fá nammi frá **Nóa Sírúsi\***

## Ævintýraland Kringlunnar


- Opið kl. 12.00 - 18.30
- Andlitsmálun í boði
- Allir sem koma fá nammipoka frá **Nóa Sírúsi\***



**BORGARLEIKHÚSIÐ**

\*Nói Sírúsi gefur nammi í Kringlunni og þess vegna er ekki gefið sælgæti á skrifstofu Nóa Sírúsar.

## Öskudagsbíó kl. 13



Bambi 2, Litli kjúllinn eða Narnia á **300 kr.** í Kringlubíói.

## Dagskrá lýkur kl. 15.00

**Kringlan**  
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

**Verslanir**  
**Ævintýraland**

**Mán. til mið.**  
10.00 til 18.30  
14.00 til 18.30

**Fimmtudagur**  
10.00 til 21.00  
14.00 til 19.00

**Föstudagur**  
10.00 til 19.00  
14.00 til 19.00

**Laugardagur**  
10.00 til 18.00  
11.00 til 18.00

**Sunnudagur**  
13.00 til 17.00  
13.00 til 17.00

**Veitingastaðir og Kringlubíó**  
hafa opið lengur á kvöldin

[www.kringlan.is](http://www.kringlan.is) / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 28.2.2006

## KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	65,31	65,63
	Sterlingspund	114,19	114,75
	Evra	77,65	78,09
	Dönsk króna	9,67	9,726
	Norsk króna	9,67	9,726
	Sænsk króna	8,223	8,271
	Japanskt jen	0,5625	0,5657 0

SDR 93,93 94,49

Gengisvísitala krónunnar  
110,3704

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meintir hryðjuverkamenn króaðir af í Sáði-Arabíu:

## Fimm féllu í skotbardaga

**SÁÐI-ARABÍA, AP** Sáði-arabískar öryggissveitir skutu á mánudag fimm meinta hryðjuverkamenn, sem voru eltir uppi í kjölfar bíl-sprengjuárásar á stærstu olíu-hreinsistöð landsins á föstudag, í Abqaiq við Persaflóa. Í gær staðfestu yfirvöld að fjórir hinna skotnu hefðu verið eftirlýstir al-Kaída-liðar.

Al-Kaída lýsti árásinni á hendur sér en hún varð til þess að heimsmarkaðsverð á olíu hækkaði snarlega um tvo bandaríkjadali, þrátt fyrir að tjón hafi verið minniháttar þar sem sprengjurnar sprungu er verðir skutu á bíla árásarmannanna.



FRÁ VETTVANGI Við áningarstöðina í útjaðri Riyad þar sem mennirnir féllu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í dögum á mánudagsmorgun gerðu sérsveitir áhlaup á

áningar-veitingastað við þjóðveg í útjaðri Riyad, þar sem mennirnir fimm féllu í skotbardaga. Sjötti maðurinn var handtekinn í sama borgarhluta, að því er segir í tilkynningu frá innanríkisráðuneytinu.

Samkvæmt upplýsingum innanríkisráðuneytisins voru þrjár af mönnum fimm á lista yfir fimmtán hættulegustu hryðjuverkamenn landsins sem var birtur í júní í fyrra. Ökumenn sprengjubílana voru það einnig. Með dauða þeirra eru alls þrettán af listanum ekki lengur á lífi en tveir eru enn ófundnir.

- aa

Erlendir ríkisborgarar:

## Flestir búa á Austurlandi

**FÓLK** Ríflega fjórðungur karlmanna á Austurlandi er með erlent ríkisfang samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Erlendar konur á Austurlandi eru mun færri eða innan við sjö prósent.

Austurland sker sig verulega úr hvað varðar fjölda erlendra ríkisborgara en næst á eftir Austurlandi koma Vestfirðir en þar er hlutfall íbúa með erlent ríkisfang 6,2 prósent.

Flestir erlendu ríkisborgaranna á Austurlandi eru frá Póllandi en þar á eftir koma Kínverjar og Portúgalar.

- kk



LEITAD AÐ ORSÖK LEKANS Skyggni var lítið sem ekkert af völdum gufunnar.

Heitavatsæð sprakk:

## Gufumökkur olli öngpveiti

**UMFERÐIN** Önnur aðalheitavatsæð Orkuveitunnar frá Reykjum sprakk í gærmorgun með þeim afleiðingum að mikinn gufumökk lagði yfir stórt svæði. Miklar umferðartafir urðu á móts við Sprengisand og í Artúnsbrekku vegna þess hve skyggni var slæmt af völdum gufunnar.

Æðin sprakk í stökk undir Reykjanesbraut og við það rann vatn upp á annan vegarhelminginn. Um 40 sentimetra löng rífa kom á lögnina en tæring er talin líklegasta skýringin.

Engin óhöpp eða slys hlutust af völdum lekans.

-shá

## DÓMSMÁL

**Gjaldprot fyrir dómi** Þrjár fyrrverandi forsvarsmenn CRM markaðslausna komu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í gær. Þeir eru ákærðir fyrir að hafa ekki greitt um 760 þúsund krónur í virðisaukaskatt og um 4,6 milljónir í staðgreiðslu opinberra skatta. Fyrirtækið er gjaldproti og krefst ríkissaksóknari að mennirnir greiði tvöfalda upphæðina í skaðabætur og sæti tveggja til þriggja mánaða skilorðbundnum dómi í tvö ár.

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var haft eftir Degi B. Eggertssyni í Fréttablaðinu í gær. Rétt er eftirfarandi. „Við töldum ekki ráðlegt að fara út í að draga úr umsóknum um lóðir í Úlfarsfelli þar sem okkur bárust þær upplýsingar að helmingur þeirra sem fengu lóð í Lambaseli hafi þegar selt lóðina sína.“ Beðist er velvirðingar á mistökunum.

## Námismenn niðurgreiða ríkisframlög

Liðlega 28 þúsund krónum af 45 þúsund króna skrásetningargjaldi nemenda í Háskóla Íslands ár hvert er varið til að greiða niður framlög ríkisins til skólans. Skólagjöld einkareknu háskólanna renna óskipt til rekstrar skólanna.

**MENNTAMÁL** Um 63 prósent skrásetningargjalda, sem Háskóli Íslands innheimtir af nemendum ár hvert, koma til lækkunar á framlagi ríkisins til skólans.



GUNNLAUGUR H. JÓNSSON Framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs HÍ.

Eins og fram hefur komið telja starfsmenn skólans að hækka þurfi framlag með hverjum nemanda um allt að 50 prósent sé ætlunin að koma HÍ í röð fremstu háskóla í heimi.

Tvær deildir skólans vilja innheimta skólagjöld fyrir framhaldsnám.

Skrásetningargjald fyrir hvern nemanda er nú 45 þúsund krónur, en skráðir nemendur við HÍ eru nálægt því níu þúsund.

Gunnlaugur H. Jónsson framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs HÍ segir að skrásetningargjaldið komi Háskóla Íslands til góða aðeins að hluta. „Teknar eru 28.275 krónur af hverjum nemanda til þess að greiða niður framlög ríkisins til skólans. 4.225 krónur renna til Félagsstofnunar stúdenta samkvæmt gömlum lögum.“

Jóhann Hjartarson, fjármála- stjóri Háskólans í Reykjavík, segir að í fjárframlaginu frá ríkinu komi sama upphæð til frádráttar og hjá HÍ, en skrásetningargjöld séu ekki innheimt. Skólagjöld séu hins vegar frá 99



HÁSKÓLI ÍSLANDS Skólar sem innheimta skólagjöld fá þau óskipt í reksturinn. Skrásetningargjöldum sem innheimt eru í Háskóla Íslands er að meirihluta varið til að niðurgreiða framlög til skólans.

þúsund krónum á ári í grunnnámi upp í 625 þúsund krónur á ári í MBA-framhaldsnámi og þau renni óskipt í skólareksturinn.

Í samningum við Háskóla Íslands er gert ráð fyrir fullu framlagi ríkisins með 5.675 nemendum. „Við fáum bara greitt fyrir virka nemendur og nemendur sem heimildir kveða á um samkvæmt kvótanum,“ segir Gunnlaugur.

Framlög ríkisins til Háskólans eru áætluð liðlega 4,8 milljarðar króna á þessu ári. Sértekjur skólans eru auk þess um hálfur millj-

arður króna, meðal annars vegna rannsóknna og verkefna sem styrkt eru af Evrópusambandinu. Framkvæmdir við svonefnd Háskólatorg eru á áætlun þessa árs og er ráðgert að verja allt að einum milljarði króna í þær. „Sértekjurnar og framkvæmdafé, sem að hluta er tekið að láni, veldur því að framlög með hverjum nemanda í HÍ sýnast mun hærri en í Háskólanum á Akureyri. Munurinn á skólunum varðandi sjálfa kennsluna er hins vegar lítil,“ segir Gunnlaugur H. Jónsson.

johannh@frettabladid.is

Menntamálaráðuneytið:

## Kennurum ekki sagt upp

**MENNTAMÁL** Af og frá er að menntamálaráðuneytið víki þeim sex til sjö kennurum úr starfi sem eiga í



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

harðvítugum deilum við Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði.

Þórir Ólafsson, deildarstjóri í skóladeild hjá ráðuneytinu, segir það ekki verða gert þótt aðrir kennarar komi til með að segja upp láti þessir ekki af störfum.

„Gerð var úttekt á stöðu mála af Félagsvísindastofnun. Þar voru ræddir möguleikar til viðbragða við stöðunni. Einn af þeim möguleikum væri að skólameistari færi frá. Skýrsluhöfundar mátu það svo að það yrði ekki til lausnar á málinu nema að einhverjir kennarar færu líka. Sú leið var ekki valin heldur tekin sú ákvörðun að fara að tillögum um sátttaferli.“

Þórir segir að áfram verði unnið að lausn málsins með tveimur sálfræðingum.

- gag

Pólitískt morð í Kasakstan:

## Efasemdir um rannsókn

**KASAKSTAN, AP** Sérskipuð nefnd sem fylgist með rannsókn á morði á stjórnarandstöðuleiðtoga í Kasakstan sagðist í gær draga í efa þá opinberu niðurstöðu að starfsmaður þingsins hefði staðið á bak við morðið. Nefndin, sem fyrrverandi yfirsaksóknari fer fyrir, hvetur til þess að rannsókn málsins verði víkkuð út.

Á mánudag tilkynnti lögregla að skrifstofustjóri öldungadeildar þingsins hefði jatað að hafa fyrirskipað morðið vegna „persónulegrar óvildar“ á hinum myrta, Altynbek Sarsanbayev.

- aa

## Sálrænn stuðningur

Kópavogsdeild Rauða kross Íslands heldur námskeið í sálrænum stuðningi í Hamraborg 11, 2. hæð, mánudaginn 6. mars kl. 17-21.

- Námskeiðsgjald: 4.900 kr.
- Skráning í síma 554 6626 eða með tölvupósti á kopavogur@redcross.is eigi síðar en 3. mars.

Þátttakendur læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geita veitt stuðning og umhyggju. Viðfangsefni eru m.a.: Mismunandi tegundir áfalla, áhrif áfalla á einstaklinginn, sálræn skyndihjálp, stuðningur við úrvinnslu áfalla, sorg og sorgarferli.

 **Rauði kross Íslands**  
Kópavogsdeild

Sjálfbodamiðstöð Hamraborg 11 • Opin hæsta daga kl. 11-15 • www.redcross.is/kopavogur


## VEÐURSPÁ

um hádegis »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KALDIR DAGAR**  
Næstu dagar verða frostdagar um allt land. Sýnu kaldast verður inn til landsins norðaustan til. Einn bjartast verður við og í kringum höfuðborgina en stöku el verða á landinu norðan- og austanverðu. Vindur verður einna mestur við austurströndina í dag og næstu daga, yfirleitt 8-13 m/s, en annars hægari vindur á landinu. Ekki er að sjá hlýndi alveg á næstunni.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**  
Hæg norðaustlæg átt. Bjartviðri. Vægt frost.



Kaupmannahöfn	0°C snjókoma	Paris	4°C hálfskýjað	Alicante	15°C hálfskýjað
Oslo	-4°C alskýjað	Berlín	3°C hálfskýjað	Milano	3°C léttskýjað
Stokkhólmur	-1°C hálfskýjað	Frankfurt	2°C snjóel	New York	6°C léttskýjað
Helsinki	-6°C alskýjað	Madrid	13°C heiðskirt	San Francisco	14°C þrumur
London	6°C léttskýjað	Barcelona	11°C hálfskýjað	Orlando/Flórída	24°C heiðskirt


\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



Strekkingur austan til, annars hægari.

» fimmtudagur



Strekkingur austast, annars 5-10 m/s.

# STÓRGÓÐUR



Lipur  
Traustur  
Öruggur  
Rúmgóður  
Hagkvæmur  
Skemmtilegur  
Endursöluvænn

= STÓRGÓÐUR

**Polo Trendline 1.395.000 kr.**

Þú getur eignast hann með aðeins 139.500 kr. útborgun, miðað við bílasamning SP



Aus Liebe zum Automobil



## KJÖRKASSINN

Viltu láta reisa friðarsúlu Yoko Ono í Viðey?

Já	52%
Nei	48%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að taka upp skólagjöld í Háskóla Íslands?

Segðu þína skoðun á [visir.is](http://visir.is)



Eiga engan fulltrúa í notendahópum sem undirbúa hátæknisjúkrahús:

# Unglækna segjast settir hjá

**LANDSPÍTALI** Unglækna eru óánægðir með að eiga ekki fulltrúa í svokölluðum notendahópum sem eiga að vinna tillögur að fyrirkomulagi og skipulagi deilda á nýju hátæknisjúkrahúsi Landspítala.

„Sem formaður Félags ungra lækna finnst mér óásættanlegt að enginn unglæknir hafi verið skipaður í þessa notendahópa. Því er alveg horft fram hjá þeim hópi sem mun skipa kjarna þeirra lækna sem koma til með að starfa á þessum nýja spítala,“ segir Bjarni Þór Eyvindsson, formaður Félags ungra lækna.

Hann bætir við að í ljósi þess



**BJARNI ÞÓR** Formaður Félags ungra lækna kveðst vona að persónulegri óvild yfirstjórnar LSH í garð Félags ungra lækna ráði ekki ferð þarna.

að flestir ungir lækna séu mjög ósáttir með stöðu sína á LSH og óánægðir með margt í skipulagi vinnu og aðstöðu á LSH þá hjálpi

ekki til að fá engu ráðið um hvernig framtíðarvinnustaður þeirra kemur til með að líta út.

„Ljóst er að þekking ungra lækna á ýmsum tæknibáttum er mun meiri en sumra eldri sérfræðinga,“ segir Bjarni Þór enn fremur. „Þar sem talað er um að byggja „hátæknisjúkrahús“ skýtur það skökku við að fá ekki álit „hátæknikynslóðarinnar“. Jafnframt eykur þetta hættu á að ungrir lækna sem fara út í sérnám, óánægðir með skipan mála á LSH og algjörlega óvissir með framtíðina, setjist að og starfi þar. Þar með værum við að glata miklum mannaúð.“

- jss

Morðin í El Salvador:

## Enginn handtekinn enn

**SAKAMÁL** Enn hefur rannsókn lögreglu á morðinu á Jóni Þór Ólafssyni og Brendu Salinas Jovel ekki leitt til handtöku. Engar upplýsingar fást um framgang hennar. Að sögn ættingja Brendu hefur fjölskyldufyrirtæki þeirra, sem vinnur að öryggismálum, hafið eigin rannsókn á þessu sakamáli.

Að sögn Lárusar Elíassonar, framkvæmdastjóra Enex, hefur engin ákvörðun verið tekin um það hvenær íslensku starfsmennirnir tveir snúi aftur til El Salvador en fyrirtækið mun halda sínu striki við verkefnið þar í landi.

Jón Þór Ólafsson var borinn til grafar í gær.

- jse

# Hart deilt um málefni Nota bene hf.

Karl Sigurðsson, sem var stjórnarmaður í Nota bene hf., sagði áætlanir Marteins Jónassonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, óraunhæfar. Þeir tveir og Eyjólfur Sveinsson eru í kærú sagðir ábyrgir fyrir vanskilum fyrirtækisins.

**DÓMSMÁL** Harkalega var tekist á um það í héraðsdómi í gær, hverjir það voru sem báru raunverulega ábyrgð á því að Nota bene hf. greiddi ekki opinber gjöld og virðisaukaskatt á árunum 2001 og 2002. Aðalmeðferð í máli fyrirtækja sem tengjast Frjálsri fjölmöðum var fram haldið í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Halldór Jónsson, lögmaður Eyjólf Sveinssonar, segir Eyjólf ekki hafa verið stjórnarformann í félaginu. „Eyjólfur var meðstjórnandi í félagi sem hélt áfram starfsemi á grundvelli bjartsýniáætla. Eyjólfur hafði ekki ástæðu til þess að ætla annað en að það yrði allt með felldu.“

Karl Sigurðsson, sem sat í stjórn fyrirtækisins fyrir hönd Hans Petersen hf. sem var einn eigenda fyrirtækisins, sagðist ekki „hafa viljað hlaupa frá fyrirtækinu þó það stæði illa,“ því það væri hans háttur að vinna vel og samviskulega að öllum þeim verkefnum sem hann tæki að sér.

Karl kom ekki að daglegum rekstri fyrirtækisins á þeim tíma sem hann var í stjórn fyrirtækisins.

Karl og Árni Ármann Árnason, varamaður hans í stjórninni og lögmaður hjá Skeljungu, fengu Jón Steingrímsson rekstrarráðgjafa til þess að meta rekstrarstöðu Nota Bene hf. þegar illa stóð. Jón komst að þeirri niðurstöðu að áætlanir Marteins Jónassonar, sem var framkvæmdastjóri fyrirtækisins og einn eigenda, hefðu verið óraunhæfar en þær gerðu ráð fyrir þó nokkrum hagnaði af rekstri fyrirtækisins, skömmu áður en það varð gjaldþrota.

Jón, sem flutti vitnisburð sinn



**LÖGMENN ÁKÆRÐU Í DÓMSMÁL** Tíu lögfræðingar ákærðu hafa setið í dómssal við aðalmeðferð málsins en hér sjást sex þeirra koma sér fyrir. Alls eru tíu einstaklingar ákærðir fyrir brot á lögum um opinber gjöld, lög um virðisaukaskatt og umboðssviki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

simleiðis frá Austurríki, sagði fyrir dómi í gær að eignastaða Nota Bene hf. hefði verið stórlega ofmetin og ýmis rekstrarkostnaður fyrirtækisins ekki tekinn með inn í áætlanir.

Deilt var um það hver hefði verið stjórnarformaður Nota Bene hf. á umræddum tíma, og þar með ábyrgur fyrir daglegum rekstri fyrirtækisins ásamt framkvæmdastjóra. Karl minntist þess að Eyjólfur Sveinsson hefði ekki viljað taka að sér stjórnarformennsku í fyrirtækinu, en Eyjólfur, Martein og Karl hafa ekki svarað því skýrt fyrir dómi hver hafi verið formaður stjórnar Nota Bene hf. á þeim tíma sem krafist var borgunar á virðisaukaskatti og opinberum gjöldum að hálfu tollstjórans í Reykjavík. Samkvæmt lögum er ónaúðsynlegt að hafa sérstakan stjórnarformann.

Valdimar Grímsson, sem ákærður er ásamt Eyjólf fyrir brot á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda þegar hann varð framkvæmdastjóri Póstflutninga ehf., segir ríkislögreglustjóra hafa farið offorsi við rannsókn á málinu.

Valdimar, sem starfaði sem framkvæmdastjóri Póstflutninga ehf. frá því í apríl 2001 til október sama ár, fékk aldrei tilkynningu um það frá sýslumanni að ekki hefðu öll gjöld verið greidd. „Mér finnst hafa verið gerð fljófærnisleg mistök við rannsókn þessa máls. Ég sá gögn í þessu máli í fyrsta skipti þegar ég fór í skýrslutöku hjá ríkislögreglustjóra. Hefðu gögn málsins verið skoðuð áður, og úr þeim unnið með faglegri hætti, hefði komið í ljós að ég starfaði að heilindum í mínu starfi.“

[magnush@frettabladid.is](mailto:magnush@frettabladid.is)

Skólasystur stúlku sem lést í bílslysi í Garðabæ gengu á fund bæjarstjóra:

## Krefjast úrbóta eftir banaslys

**UMFERÐARÖRYGGI** Skólasystur Höllu Margrétar Ásgeirsdóttur, stúlkunnar sem lést eftir umferðarslysi á Bæjarbraut í Garðabæ 15. febrúar síðastliðinn, gengu á fund bæjarstjóra Garðabæjar í gær. Stúlkurnar kynntu hugmyndir sínar um úrbætur í umferðarmálum og sérstaklega við gangbrautina þar sem Halla Margrét varð fyrir bíl með þeim afleiðingum að hún lést.

Stúlkurnar sem funduðu með bæjarstjóra voru 25 talsins og segja þær að Gunnar Einarsson bæjarstjóri hafi tekið þeim vel. Umferðaröryggi á umræddum stað á Bæjarbraut var mest til umræðu vegna þess að áður hefur orðið banaslys á þessari gangbraut. Einnig kom fram að tvær stúlkunnar í hópnum hafa þar orðið fyrir bíl og litlu mátti muna að illa færi.



**Á FUNDI MEÐ BÆJARSTJÓRA** Skólasystur Höllu Margrétar Ásgeirsdóttur sem lést eftir bílslysi 15. febrúar sl vilja úrbætur í umferðarmálum.

Um fundinn sagði Gunnar Einarsson bæjarstjóri að samtalið við stúlkurnar hefði verið afar ánægjulegt þó að tilefnið hefði verið sorglegt. Gunnar fór með hópnum yfir hugsanlegar aðgerðir til að draga úr hættu á göngu-

brautum almennt og ekki síst þar sem umrætt slys átti sér stað. Gunnar og stúlkurnar ætla að hittast eftir rúmlega viku til að fara aftur yfir málið og vinnu sérfræðinga sem kallaðir hafa verið til.

- shá

**SKJÁREINN**

**Allar vörur í Heil og Sæl færðu hjá okkur**

**heilsuhúsið**

**Leik Höllin**  
Leikur og List

**Námskeiðin hefjast vikuna 6-12 mars. Hringdu og skráðu barnið þitt núna!**

- Íþrótt og leikjanámskeið
  - Tónlistanámskeið
  - Listanámskeið
  - Meðgöngujöga
  - Ungbarnanudd
- Haltu uppá **afmælið** fyrir barnið þitt í Leikhöllinni

**Námskeiðin eru fyrir börn frá aldrinum 1 mánaða til 9 ára.**

**S: 517-7900**

[www.leikhollin.is](http://www.leikhollin.is) Bæjarlind 14-16 kóp

www.listahatid.is

### Langvinsælasti dansflokkur S-Ameríku í dag

Grupo Gorpo frá Brasilíu  
Borgarleikhúsinu 12., 13. og 14. maí  
Miðaverð: 3.500



GRUPO GORPO



LE PAYS

### Ástsælustu söngvararnir og Sinfónían

frumflytja Le Pays eða Föðurlandið  
í portí Hafnarhússins 26. og 27.  
maí. Miðaverð: 3.900



BENNI HEMM HEMM


# Vorið er að koma!



MIRIAM MAKEBA

### Einn af stærstu listamönnum heims Miriam Makeba -Grand Finale

Laugardalshöll 20. maí  
Miðaverð: 5.500 / 5000



STINA EKBLAD

### Caput hópurinn og Stina Ekblad

Frumflytja stórvirkid Tár Diónýsúsar  
Háskólabíói 17. maí  
Miðaverð: 2.500

### Mögnuð miðnætur músík

Vorvindar, Divan og djassmaðurinn  
og Benni Hemm Hemm -stórhljómsveit  
lönó 13., 20. og 27. maí. Miðaverð: 2.500



MUGISON

### Skærasta stjarnan

Mugison og hljómsveit  
Austurbæ 28. maí  
Miðaverð: 2.500



I FAGOLINI

### Skemmtilegasta söngsveit Englendinga I Fagolini og Hilmir Snær Guðnason

Íslensku óperunni  
25., 26. og 28. maí  
Eskifirði 27. maí  
Miðaverð: 3.200



MOTION TRIO

### Uppgötun ársins

Motion Trio -stórskemmtilegt  
pólskt harmónikkuband  
Nasa 13. og 14. maí  
Miðaverð: 3.000



ANGELITE

### Yfirskilvitlegt frá Balkanskaga

Búlgarski kvennakórinn Angelite  
Hallgrímskirkju 20. og 21. maí  
Miðaverð: 2.800

### Einn albesti djasspíanisti samtímans

Anders Widmark flytur Carmen  
Nasa 1. og 2. júní. Miðaverð: 3.000



ANDES WIDMARK

# Miðasalan hefst í dag á [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is)

### Kammersveit Reykjavíkur -Mozart 250 ár

Ásamt Einarí Jóhannessyni klarinettuleikara, Unu Sveinbjarnardóttur fiðluleikara og Víkingi Ólafssyni pínaðleikara.  
Langholtskirkju 21. maí. Miðaverð: 2.500

### Sunnudagsmorgnar með Schumann

Sex íslenskir píanóleikarar úr fremstu röð leika sex af þekktustu  
píanóverkum Schumanns á þrennum tónleikum.  
Ými 14., 21. og 28. maí. Miðaverð: 2.300

### Orðið tónlist -Fjölljóðahátíð

Fjölbreytt ljóða- og tónlistardagskrá.  
Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi 19., 20. og 21. maí  
Miðaverð: 2.000 á tónleika, ókeypis inn á málþing og workshop

### Rússibanatónleikar

Líflegur flutningur og tónlist úr öllum áttum.  
Gestasöngvari: Kolbeinn Ketilsson  
Íslensku óperunni 23. maí. Miðaverð: 2.500

### Mr. Skallagrímsson

Frumfyrir á einleik um Egil Skallgrímsson  
eftir Benedikt Erlingsson. Í tengslum við opnun  
Landnámsseturs í Borgarнесi, 13. maí. Miðaverð: 2.500

### Danshátíð á Listahátíð

We are all Marlene Dietrich FOR  
Borgarleikhúsinu 15. 16. og 17. maí  
Miðasala hjá Íslenska dansflokknum  
OBSTRUCSONG frá Danmörku, Hélium frá Belgíu og Magnolia  
og Póllandi. Borgarleikhúsinu 27. og 28. maí  
Miðaverð: 2.000. 4.500 á allar þrjár sýningarar

### Einn vinsælasti útvarpsþáttur Bandaríkjanna

Á A Prairie Home Companion hlýða milljónir manna í  
hverri viku. Upptaka með íslenskum listamönnum.  
Þjóðleikhúsinu 16. maí. Miðaverð: 2.800

### Óperan Galdraskyttan

Sumaróperan ásamt 110 manna hljómsveit og kór frumflytja  
óperu Webers. Gestasöngvari: Kolbeinn Ketilsson  
Þjóðleikhúsinu 2. júní.  
Miðasala í Þjóðleikhúsinu

### Umbreyting -Ljóð á hreyfingu

Óður til lífsins eftir Berndt Ogródnik, hinn þekktu  
brúðugerðarmann. Þjóðleikhúsinu 14. maí.  
Miðasala í Þjóðleikhúsinu

### Listahátíð í Reykjavík



Sjá allt um viðburði Listahátíðar  
á [www.listahatið.is](http://www.listahatið.is)

KB BANKI

ICELANDAIR

SAMSKIP

Radisson



## VEISTU SVARIÐ

- 1 Hvar er Bygðastofnun staðsett?
- 2 Hvað heitir höfundur bókarinnar *Da Vinci* lykillinginn?
- 3 Hver er þjálfari íslenska karla-landslíðsins í knattspyrnu?

SVÖR Á BLS. 38

20 ár frá Palme-morðinu:

## Palme orðinn átrúnaðargoð

**SVÍPJÓÐ** 20 ár voru í gær liðin frá morðinu á Olof Palme, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, og minnst Svíar þess með margvíslegum hætti og fjölmiðlar voru sneisafullir af nýjum uppljóstrum um morðið, meðal annars birtist grein um að Christer Petterson hefði myrt Palme.



OLOF PALME Dáður áratugum eftir dauða sinn.

Palme er þjóðhetja og átrúnaðargoð í augum margra Svía. Þannig prýðir andlit hans stuttermaboli og lampa og hann hefur orðið innblástur að ljóðum, tónlist, kvikmyndum og bókmenntum. „Hugrekki hans og alþjóðleg barátta er fólki enn innblástur,“ sagði Zanyar Adami, ritstjóri í Svíþjóð.

- ghs

## FINNLAND

**Endur og kráka rannsakaðar** Óttast er að fuglaflensan hafi borist til Finnlands. Verið er að rannsaka 23 dauðar endur og dauða kráku sem fundust í Kotka í Suður-Finnlandi með tilliti til H5N1 vírusins. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar búa sig undir að fuglaflensa geti breiðst út.

Beðið mats sérfræðinga á tjóni af olíusamráði Essó, Olís og Skeljungs:

## Stefnurnar sameinaðar í eina

**DÓMSMÁL** Stefnur olíufélaganna þriggja Olís, Essó og Skeljungs gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu frá því í júlílok í fyrra hafa verið sameinaðar í eina fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Olíufélögin vilja að úrskurður samkeppnisyfirvalda sem liggur fyrir áfrýjunarnefnd verði felldur úr gildi vegna formgalla á rannsókn þeirra. Þau gera varakröfu um að sektin verði felld niður, því brotin hafi verið fyrnd. Verði ekki fallist á þau sjónarmið í héraði gera þau þrautakröfu um að 1,5 milljarða sektin verði lækkuð þar sem félögin þrjú hafi ekki



**OLÍUFÉLÖGIN SNÚA VÖRN Í SÓKN** Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Samkeppniseftirlitsins, horfir hér á þrjá af fimm lögmönnum olíufélaganna sem mættu fyrir héraðsdóm í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

haft eins mikinn ávinning af samráðinu og samkeppnisfyrirvöld hafa reiknað út.

Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður Olís, segir samkeppnisfyrirvöld haf rekið málið sem eitt á hendur félögum og því ákveðið að þau gerðu slíkt hið sama: „Allt annað yrði margföldun á því verki sem þarf að vinna.“ Hann vildi ekki tjá sig frekar um málið.

Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Samkeppniseftirlitsins og íslenska ríkisins, segir næstu skref málsins að sérfræðingar sem olíufélögin réðu skili niðurstöðum sínum um ávinning félagna af samráðinu. „Ekki er hægt að taka ákvörðun um hvernig málin þróast fyrir en mat sérfræðinganna liggur fyrir.“

- gag

Norski olíusjóðurinn:

## Kominn í 14.000 milljarða

**ÓSLÓ, AP** Norski olíusjóðurinn skilaði 11,1 prósentis hagnaði af fjárfestingum sínum á árinu 2005.

Heildareignir sjóðsins eru þar með komnar í 1.400 milljarða norskra króna, að því er norski seðlabankinn greindi frá í gær. Sú upphæð samsvarar tæplega 14.000 milljörðum íslenskra króna á núverandi gengi.

„Hin góða ávöxtun er aðallega rakin til hækkunar á gengi hlutabréfa,“ segir í tilkynningu frá bankanum.

Noregur er þriðji stærsti olíuútflytjandi heims á eftir Sádi-Arabíu og Rússlandi. ■

# Íranar segjast ekki ætla að hætta auðgun úrans

Íranar halda því staðfastlega fram að þeir muni halda áfram auðgun úrans, þó að Rússar hafi neitað samvinnu við þá nema þeir hætti þeirri vinnslu á heimavelli. Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur boðað fund um mál Írana á mánudag þar sem ákvörðun um afskipti Öryggisráðsins verður tekin.

**KJARNORKUMÁL, AP** Íranar muna halda áfram að auðga úran jafnvel þó þeir hefji samvinnu við Rússa um hið sama. Manouchehr Mottaki, utanríkisráðherra Írans, lýsti þessu yfir í samtali við japönsku fréttastofuna Kyodo í gær. Yfirlýsingin vakti ugg í brjóstum margra, enda verða kjarnorkumál Írana sífellt flóknari og heldur Íransstjórn áfram að hunsa fyrirspurnir alþjóðlegra eftirlitsmanna.

Í byrjun febrúar samþykkti Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA, að vísa umfjöllun um kjarnorkuáætlun Írans til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna vegna ótta við að Íranar ætli sér að framleiða kjarnorkuvopn, en gáfu þeim frest fram í mars til að gera hreint fyrir sínum dyrum. Öryggisráðið getur ákvarðað refsiaðgerðir og viðskiptaþvinganir gagnvart landinu.

Íranar hafa staðfastlega haldið því fram að þeir ætli kjarnorkuna eingöngu til raforkuframleiðslu og í kjölfar ákvörðunar IAEA skipaði Mahmoud Ahmadinejad, for-



**ÁÐ STÖRFUM** Rússneskur kjarnorkusérfræðingur vinnur í Bushehr-kjarnorkuverinu í Íran á sunnudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/SP

seti Írans, kjarnorkustofnun landsins að hefja aftur auðgun úrans, en fyrir í vetur setti Íransstjórn ný lög sem fyrirskipa bæði þá vinnslu sem og samvinnuslit við eftirlit SP með kjarnorku-

stöðvum landsins, komi til kasta Öryggisráðsins.

Þó var vonast til þess að samvinna milli Írans og Rússa um auðgun úrans myndi auðvelda alþjóðaeftirlit með kjarnorku-

áætlun Írana og gæti afstýrt afskiptum Öryggisráðsins. Undanfarið hafa þjóðirnar tvær fundað um þau mál, en skiptar skoðanir eru um árangurinn. Írönsk yfirvöld hafa sagt fundina vera góðan árangur, en á mánudag lýstu Rússar því yfir að áður en til nokkurrar samvinnu kæmi, yrðu Íranar að stöðva auðgun úrans á heimavelli. Hingað til hafa Íranar neitað því og staðfesta fréttirnar frá Japan þá stefnu þeirra.

Í gær tilkynnti utanríkisráðuneyti Rússlands að viðræður Írana og Rússa myndu halda áfram í Moskvu í dag, og gert er ráð fyrir því að þeir haldi áfram í næstu viku.

Starfsmenn IAEA tilkynntu á mánudag að þeir telji lítinn samstarfsvilja Íransstjórnar benda ískyggilega til þess að tilgangur þeirra sé ekki með öllu friðsamlegur. Á mánudag skilar IAEA skýrslu um kjarnorkuáætlun Írana og verður þá ákvörðun tekin um afskipti Öryggisráðsins af Íran.

smk@frettabladid.is



## Aðalfundur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 2006

**Aðalfundur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis verður haldinn á Nordica-hótelu við Suðurlandsbraut í Reykjavík, mánudaginn 6. mars 2006 og hefst hann kl. 16.30.**

Komin er fram ósk um hlutfallskosningu til stjórnarkjörs á aðalfundinum. Framboðslistum skal skilað til stjórnar fyrir kl. 17.00 föstudaginn 3. mars á skrifstofu sparisjóðsins, Ármúla 13a. Framboðslistum skulu fylgja meðmæli fimm stofnfjáreigenda og samþykki frambjóðenda.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað í fundarbyrjun.

Reykjavík 1. mars 2006  
Sparisjóðsstjórnin.

**spron**



**VOTTUN** Haukur Ingibergsson, forstjóri Fasteignamats ríkisins, tekur á móti staðfestingarskjali um vottunina frá Arna H. Kristinssyni framkvæmdastjóra BSI á Íslandi. Á myndinni eru einnig Jónas Sturla Sverrisson frá IMG ráðgjöf, Sólveig J. Guðmundsdóttir gæðastjóri, Margrét Hauksdóttir aðstoðarforstjóri og Sigurjón Friðjónsson forstöðumaður tölvudeildar Fasteignamats ríkisins.

Undirbúningsvinna í þrjú ár skilar árangri:

## Fasteignamatið fær alþjóðlega vottun

**FASTEIGNAMAT** Fasteignamat ríkisins hefur hlotið vottun frá Bresku staðlastofnuninni, BSI, samkvæmt BS 7799-2:2002 staðlinum um stjórnun upplýsingaöryggis. Undirbúningur vottunarinnar hefur staðið í þrjú ár og hefur IMG ráðgjöf aðstoðað Fasteignamatið við undirbúning og innleiðingu.

Haukur Ingibergsson segir að vottun frá faggildum aðila sýni fram á að öryggi upplýsinga hjá Fasteignamati ríkisins sé sett á sama stall og öryggi upplýsinga

hjá fjármálastofnunum og öðrum fyrirtækjum sem geri miklar kröfur til öryggis upplýsinga.

„Vottunin sýnir fasteignaeigendum, yfirvöldum og hagsmunaaðilum að meðferð og varsla upplýsinga um fasteignir og þinglýst eignaréttindi er tryggð eins og best verður á kosið,“ segir hann.

Fasteignamat ríkisins er eina opinbera stofnunin hér á landi sem hlotið hefur vottun samkvæmt BS 7799-2:2002 staðlinum en fimm íslensk fyrirtæki hafa hlotið þessa vottun.

- jss





Þú getur fengið allt að

# 10,15% vexti

á SPRON **VAXTABÓT**, hávaxtasparnaðarreikningi\*

## Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON Vaxtabót er óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – og auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils.

- Algjört frelsi
- Engin lágmarksinnborgun en verðlaunað fyrir hærri innstæðu
- Enginn binditími en verðlaunað fyrir lengra sparnaðartímabil
- Engin úttektargjöld á Netinu

**Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á [www.spron.is](http://www.spron.is)**

\*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. mars 2006.

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á [www.spron.is](http://www.spron.is)

 **spron**  
– fyrir allt sem þú ert

**CASA FIESTA**

HUGSAÐU MEÐ BRAGÐLAUKUNUM

ENNEUM / SIA / INZIGR

NISSAN MICRA

ÖLLU MICRA VERÐUR ÞAÐ EKKI!

Nissan Micra

Verð frá 1.360.000 kr.

6 diska geislaspilar, lyklalaus, sjálfvirkar rúðuburrkur.

**17** ÞU BORGAR AÐEINS\* ÞÚSUND Á MÁNUÐI!

MICRA er betra!

\*Mánaðarleg greiðsla 16.367 kr. miðað við 20% útborgun og bílasaming í 84 mánuði

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mán - fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

Hreppsnefnd Tjörneshrepps andæfir álvershugmyndum:

## Vilja ekki álver á Bakka við Húsavík

**STÓRIÐJA** Hreppsnefnd Tjörneshrepps er andsnúin álversframkvæmdum á Bakka við Húsavík þar sem slík starfsemi myndi binda endi á fasta búsetu tíu einstaklinga á Héðinshöfða. „Vilji ábúendur á Héðinshöfða ekki láta af fastri búsetu þá mun hreppsnefndin verja ákvörðun þeirra,“ segir Jón Heiðar Steinþórsson, oddviti Tjörneshrepps.

Alcoa tilkynnir í dag hvort félagið hyggist reisa álver á Norðurlandi en verði Bakki fyrir valinu áskilur hreppsnefnd Tjörneshrepps sér allan rétt til athugasemda og aðgerða á síðari stigum.

Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins, segir Húsavíkurbæ hafa skipulagsvald á Bakka og því sé staða þeirra sterk. Athugasemdir Tjörneseinga verði hins vegar vegnar og metnar. Reinhard Reynisson, bæjarstjóri á Húsavík, segist virða athugasemdir Tjörneseinga en segir það myndi koma sér verulega á óvart ef eitt sveitarfélag geti stöðvað framkvæmdir í öðru sveitarfélagi.

- kk



BÖRNIN MÓTMÆLA Frá göngu skólabarnanna í Karachi í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Börn í Pakistan mótmæla Múhameðsteikningum:

## Vilja dauðadóm yfir teiknurunum

**PAKISTAN, AP** Um 5.000 börn fylktu liði um götur Karachi, stærstu borgar Pakistans, í gær og hrópuðu „Hengjum þá sem móðguðu spámanninn“. Börnin, á aldrinum sex til tólf ára, brenndu líkneski af danska forsætisráðherranum Anders Fogh Rasmussen og líkkistur með þjóðfánum Danmerkur, Bandaríkjanna og Ísraels. Óeirðalögregla stóð á lengdar á meðan á þessu gekk.

Uppákomana var skipulögð af Jamaat-el-Islami, stærstu samtökum heittrúaðra múslima í landinu. Börnin voru mörg í skólabúningum, enda gefið frí úr skóla til að taka þátt. Sum voru með ennisband með áletruninni „Guð er mikill“.

Jamaat-el-Islami er hluti af fylkingu sex heittrúarflokka sem hafa róað í múslimum út um allt Pakistan að taka þátt í fjölda-mótmælum vegna Múhameðsteikninganna, þvert á bann við slíkum mótmælafundum sem sett hefur verið í nokkrum borgum. Á undanförunum vikum eru mörg dæmi þess að slík mótmæli hafi breyst í hamslaus skrífslæti gegn öllu sem minnti á Vesturlönd.

Liaqat Baluch, liðsmaður Jamaat-el-Islami og þingmaður í stjórnarandstöðu, ítrekaði að Danir yrðu að biðjast afsökunar; þeir hefðu „enn ekki gengist við misgjörðum sínum“.

- aa

Múhameðsteikningamálið:

## Utanríkisráðherrar ESB verja birtingu

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, fagnaði í gær yfirlýsingu sem utanríkisráðherrar Evrópusambandsins samþykktu um Múhameðsteikningamálið í fyrradag. Sagði hann ESB-yfirlýsinguuna fyllilega í takt við afstöðu dönsku ríkisstjórnarinnar.

Í yfirlýsingu ESB-ráðherranna segir að Múhameðsteikningarnar séu „álitnar móðgandi“ af múslimum víða um heim, en þar segir jafnframt að tjáningarfrelsið sé „grundvallarréttur og nauðsynlegur hluti lýðræðislegrar umræðu“.



SÁTTIR VIÐ ESB Per Stig Möller utanríkisráðherra og Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, ræða við fjölmiðla um Múhameðsteikningamálið.

NORDICPHOTOS/AFP

# Töskutíloboð

Ný sending 2006 árgerð



**FRÁBÆRT  
VERÐ!**

**Aðeins  
4.990.-**  
Þriggja tösku sett.

**OUTBACK**

## Ferðatöskuset

3 Outback ferðatöskur í setti

Vörunúmer: 402x3

Þrjár ferðatöskur í setti á hjólum með handfangi að ofan. Stílhrein og falleg hönnun.

**OUTBACK**

## Ferðatöskuset

3 Outback ferðatöskur í setti

Vörunúmer: 4023016

Mjög góðar og vandaðar ferðatöskur frá Outback. Þrjár ferðatöskur í setti á hjólum með handfangi að ofan. Stílhrein og falleg hönnun.

**Aðeins  
9.990.-**  
Þriggja tösku sett.

**FRÁBÆRT  
VERÐ!**



**FRÁBÆRT  
VERÐ!**

**Aðeins  
13.990.-**  
Fjögurra tösku sett.

**OUTBACK**

## Ferðatöskuset

4 Outback ferðatöskur í setti

Vörunúmer: 4023008

Mjög góðar og vandaðar ferðatöskur frá Outback. Fjórar ferðatöskur í setti á hjólum með handfangi að ofan. Stílhrein og falleg hönnun.

**DESIGN GO**

## Ferðavörur

GO ferðavörur á 20% afslætti í mars

**20%  
AFSLÁTTUR**



Verið tilbúin  
í fríð!!!

# Office 1 Superstore

Spennandi nám hjá NTV

# KERFISSTJÓRINN

**Kerfisstjórar eru lykilmenn**

í öllum fyrirtækjum sem hafa **tölvukerfi!**

Námið er tvískipt og undirbýr nemendur fyrir tvö alþjóðleg próf:

- A+ prófið frá Comptia
- MCP (Microsoft Certified Professional)

**Fyrri hluti - Tölvuviðgerðir (20. mars til 24 apríl.)**

Nemendur læra að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað. Kennslan fer fram í nýrri, fullkominni tölvuviðgerðarstofu NTV.

**Seinni hluti - MCP – XP netumsjón (4. sept. til 14. okt.)**

Nemendur öðlast færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows XP stýrikerfinu, öðlast viðtækan skilning á netkerfum og verða færir í að leysa vandamál sem að þeim snúa.

▪ **Kvöld og helgarnámskeið**

Kennt er mánudaga og miðvikudaga frá 18-22 og laugardaga frá 8:30-12:30.

**ntv**

Hlíðasmára 9 - Kópavogi

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

[www.icelandexpress.is/gautaborg](http://www.icelandexpress.is/gautaborg)



## Nóg að gerast!

» 6.–13. ágúst: Göteborgskalaset Liseberg skemmtigarðurinn: Stanslaust fjór fyrir alla fjölskylduna í allt sumar.

## MED EXPRESS FERÐUM:

» 2.–5. júlí  
Robbie Williams í Gautaborg  
Nánar á [www.expressferdir.is](http://www.expressferdir.is)

Express Ferðir  
Sími: 5 900 100

# GAUTABORG

Heimborg með smábæjarsjarma



Gautaborg er önnur stærsta borg Svíþjóðar. Heimamönnum þykir hún alveg passlega stór og kalla hana „heimborg með smábæjarsjarma“ sem er býsna nálægt tilfinningu þeirra sem borgina heimsækja.

» Gautaborg er stundum kölluð San Fransisco Svíþjóðar enda er mikið um hæðir, brýr, sporvagna og sjávarrétta- staði í báðum borgum. Samgöngur til og frá Gautaborg eru með þægilegasta móti; hægt er að taka ferjuna til og frá helstu nærliggjandi ferðamannastöðum þar sem tilvalið er að hafa það huggulegt og leigja sumarhús eða gista á hóteli.



Verð frá: **7.995 kr.\***

Barnaverð: **5.995 kr.\***

**Iceland Express**

[www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is), Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

\*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Verjendur Dans Brown höfundar Da Vinci lykilsins:

## Ekki höfundarréttur

**LUNDÚNUM, AP** Verjandi rithöfundarins Dans Brown í réttarhaldi sem nú stendur yfir í Lundúnum sagði í gær að hugmyndir sem tveir aðrir rithöfundar segja Brown hafa stolið frá sér og birt í metsölubókinni Da Vinci-lyklinum séu svo almenns eðlis að höfundarréttur nái ekki yfir þær.

Michael Baigent og Richard Leigh, höfundar heimildarrits sem kom út árið 1982 undir titlinum „Hið helga blóð og heilagi kal-eikurinn“ kærðu útgefandann, Random House, þar sem þeir telja að hlutar úr bók þeirra hafi verið notaður sem grundvöllur bókar Browns, sem kom fyrst út árið



UMDEILDAR BÆKUR Bækurnar tvær sem réttarhöldin snúast um.

2003 og selst hefur í yfir 40 milljónum eintaka. - aa



ISLENSKIR TÓMATAR Eftir samkomulagið opnast möguleikar á að hefja útflutning á íslenskum tómötum. Erlendir fjárfestar hafa sýnt því áhuga. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Nýtt samkomulag Íslands og Evrópusambandsins:

## Tómatar og gúrkur án nokkurra tolla

**VIÐSKIPTI** Tækifæri fyrir aukinn útflutning íslenskra landbúnaðarværa skapast í kjölfar undirritunar samnings á milli Íslands og Evrópusambandsins á dögunum. Um er að ræða tvíhliðaviðskipti með landbúnaðarvörur sem grundvallast á 19. gr. EES-samningsins. Samkomulagið nú er það fyrsta sem gert er á grundvelli þessarar greinar.

Tollar falla niður í viðskiptum samningslandanna með vörur eins og hesta, hreindýrakjöti í heilum og hálfum skrokkum, tómata, agúrkur og vatn.

Tollfrjáls lambakjötskvóti Íslands er stækkaður auk þess

sem ESB fær tollfrjálsan kvóta á 25 tonnum af kartöflum og 15 tonnum af rjúpum. Samþykktir voru gagnkvæmir 15 tonna tollfrjálsir kvótar á pylsum og 20 tonnum af osti til Íslands. Ísland fær 20 tonna smjörkvóta til Evrópusambandslanda. Felldir verða niður kvótar af jólatrjáum, frostnu grænmeti og ávaxtasafa.

Þau útflutningstækifæri sem helst hafa verið nefnd er útflutningur á tómötum og agúrkum. Erlendir fjárfestar sýna slíkum útflutningi áhuga en forsenda þeirra viðskipta hefur verið að tollar séu felldir niður á mörkuðum innan ESB. - shá

Réttarhaldið yfir Saddam Hussein:

## Lögmenn hættir að sniðganga réttinn

**ÍRAK, AP** Verjendur Saddams Hussein eru hættir að reyna að sniðganga réttarhaldið yfir honum og mættu í dómsal er vitnaleiðslur héldu áfram í gær, þrátt fyrir að yfirdómarnir, sem verjendurnir vildu að viki, sæti sem fastast.

Að verjendurnir skyldu sætta sig við dóminn eins og hann er skipaður virtist staðfesta að óbilgjörn stjórn nýja yfirdómarans, Raouf Abdel-Rahman, skilaði árangri. Hann lét réttarhaldið halda áfram jafnvel þótt verjendurnir væru ekki viðstaddir.

Réttarhaldið í gær fór betur fram en oftast hefur verið tilfellið frá því réttarhöldin hófust í október síðastliðnum. Saddam og hinir sakborningarnir sjö höfðu sig



SÝNDU STILLINGU Saddam Hussein, t.h., og meðsakborningar hans voru aldrei þessu vant hinir prúðustu í réttarsal í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hæga, en þeir hafa ítrekað hleypt öllu í bál og brand með reiðilestri og deilum við dómarrann. - aa

Landspítali háskólasjúkrahús:

## Aldraðir liggja mun lengur

**HEILBRIGÐISMÁL** Meðallegutími sjúklinga á Landspítalanum er lengri eftir því sem þeir verða eldri. Sem dæmi er meðallegutími þeirra sem fara í gerviliðaaðgerð um 12 dagar hjá sjúklingum sem eru 80 ára eða eldri, tæplega átta dagar ef þeir eru á aldrinum 70-79 ára og um sjö dagar hjá þeim sem eru 60-69 ára.

Þetta kemur fram í stjórnunarupplýsingum LSH fyrir janúarmánuð. Þar segir einnig að skurðaðgerðum hafi fjölgað um 7,3 prósent frá sama tíma í fyrra. Komum á slysa- og bráðamóttökur spítalans fjölgaði um 4,7 prósent frá sama mánuði í fyrra. - jss

Aðalfundur félags eldri borgara í Reykjavík:

## Óánægja með tekjutengingu

**ÖLDRUNARMÁL** Mikil reiði kom fram á nýafstöðnum aðalfundi Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni vegna þeirra gríðarlegu tekjutenginga og aukinnar skattbyrði sem lífeyrisþegar Tryggingastofnunar verða fyrir, að því er fram kemur hjá formanni félagsins, Margréti Margeirsdóttur.

Á fundinum voru samþykktar fjölmargar áskoranir. Má þar nefna áskorun til borgarstjórnar um fjölgun þjónustuíbúða, dagvistarpláss og eflingu heimaþjónustu, svo og hækku á tekjuviðmiðun vegna afsláttar á fasteignagjöldum.



MARGRÉT MARGEIRSDÓTTIR Formaðurinn segir mikla reiði hafa komið fram á aðalfundinum.

Þá beindi fundurinn þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að

fram fari endurskoðun á lögum um málefni aldraðra og jafnframt að málaflókkurinn verði færður í heild til sveitarfélaga. Þá skora eldri borgarar á stjórnvöld að hækka skattleysismörk, hækka lífeyri frá Tryggingastofnun, tvöfalda ráðstöfunarfé íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum og að gera bindandi samning við Tannlæknafélag Íslands um gjaldskrá fyrir tannlæknaþjónustu.

Að síðustu var samþykkt ályktun til ríkisstjórnar þar sem fundurinn mótmælir harðlega hve ríkisstjórnin hefur dregið á langinn viðræður við fulltrúa eldri borgara um hækku á lífeyri. - jss



KJÖTID KVATT Íbúi þýska bæjarins Rottweil stekkur að fornum síð um götur gamla bæjarins íklæddur hefðbundnum kjötkveðjuhátiðarbúningi, svonefndum „Federhansel“.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



A.P.J. ABDUL KALAM, FORSETI INDLANDS Þorgerður Katrín fundaði með forsetanum í gær. Hann lýsti mikilli ánægju með opnun sendiráðs Íslands í Indlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Þorgerður í Indlandi:

## Viðskipti landanna aukin

**UTANRÍKISMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, staðgengill utanríkisráðherra í opinberri heimsókn til Indlands, fundaði með forseta landsins í fyrradag.

Á fundinum voru rædd tvíhliða samskipti ríkjanna á fjölmörgum sviðum, en þó einkum hvað varðar vísindi og tækni. Forsetinn er ánægður með stofnun íslensks sendiráðs í Indlandi og áréttaði vilja sinn til að stofnað verði sendiráð Indlands á Íslandi.

Ráðherra hitti jafnframt viðskiptaráðherra Indlands í gær og ræddu þau möguleika á vaxandi viðskiptum á milli landanna. - shá



BLÁFJÖLL Lyfturnar voru lokaðar almenníngi í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skíðasvæðið í Bláfjöllum:

## Ekkert skíðað í febrúarmánuði

**SKÍÐI** Snjóleysi aftraði því að hægt væri að opna skíðasvæðið í Bláfjöllum fyrir almenningi í febrúarmánuði. Bláfjöll voru opin í tólf daga í janúar.

Grétar Hallur Þórisson, forstöðumaður Bláfjalla, segir afar óvenjulegt að ekki sé hægt að opna skíðasvæðið í febrúar. „Ég held ég geti sagt að þetta hafi aldrei gerst áður. Stundum hefur verið nægur snjór en lokað vegna illviðra en nú hefur alveg vantað snjóinn.“ Hann segir að með tilfæringum á snjó hafi verið hægt að halda skíðaæfingar í fjóra til fimm daga í febrúar en það hafi ekki verið mögulegt síðustu daga. - bps

## KJARAMÁL

**Sálfræðingar semja** Samninga-nefndir Reykjavíkurborgar og Sálfræðingafélags Íslands hafa undirritað kjarasamning fyrir sálfræðinga hjá borginni. Samningurinn er á svipuðum nótum og þeir sem gerðir hafa verið við aðrar háskólastéttir. Í honum er gert mögulegt að starfsmat á störfum sálfræðinga verði tekið upp á samningstímanum.

# Hve glöð er vor æska?

Ráðstefna um stöðu barna í íslensku samfélagi haldin 3. mars 2006 á Grand Hótel í Reykjavík

### Dagskrá:

- 8:30-9:00 Afhending gagna - skráning  
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar leikur létt lög
- 9:00-9:10 Ráðstefnan sett  
Gunnar Einarsson, bærarstjóri Garðabæjar
- 9:10-9:30 Ávarp  
Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson
- 9:30-10:00 Föruneyti barnsins og gildin í lífinu  
Gunnar Hersveinn, rithöfundur
- 10:00-10:15 Viðhorf til barna, bernsku og fjölskyldugildin  
Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari
- 10:15-10:30 Staða íslensku fjölskyldunnar og hvert skal haldið  
Björn Ingi Hrafnsson, formaður nefndar um stöðu íslensku fjölskyldunnar
- 10:30-10:45 Staða barnafjölskyldunnar í dag  
Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi
- 10:45-11:15 Kaffihlé
- 11:15-11:30 Atvinnulífið, fjölskyldur og börn  
Gústaf Adolf Skúlason frá Samtökum atvinnulífsins
- 11:30-11:45 Börn og leikskólar í OECD löndunum  
Jón Torfi Jónsson, prófessor
- 11:45-12:00 Tilvera barna í leikskólum  
Jóhanna Einarisdóttir, dósent í KHÍ
- 12:00-12:15 Barnið og bernskan í sögulegu samhengi  
Guðrún Helgadóttir, rithöfundur
- 12:15-13:00 Sköpum sátt um velferð barna  
Pallborðsumræður  
Stjórnandi pallborðs er Árni Sigfússon, bærarstjóri Reykjanesbæjar
- 13:00 Ráðstefnuslit.  
Ragnheiður Ríkhardsdóttir, bærarstjóri Mosfellsbæjar

Skráning á [www.congress.is](http://www.congress.is) Verð kr. 4.500. Innifalið ráðstefnugögn, kaffi og meðlæti.



## Heimaöryggi

Heimaöryggi er öryggiskerfi sem er tengt Öryggismiðstöðinni allan sólarhringinn. Í grunnbúnaði er hreyfiskynjari, reykskynjari, hurðarprofi, vatnsskynjari og stjórnstöð.



Við bjóðum góða nótt  
á 4.450 kr. á mánuði


## Síminn býður Heimaöryggi frá Öryggismiðstöðinni

Síminn býður öllum viðskiptavinum sínum sem eru með internet um ADSL upp á grunnbúnað á þráðlausu öryggiskerfi frá Öryggismiðstöðinni á aðeins **4.450 krónur á mánuði**. Tveir fyrstu mánuðirnir eru **án endurgjalds**.

**Tilboðið gildir til 31. mars.** Skráðu þig á [siminn.is](http://siminn.is) og starfsmenn Öryggismiðstöðvarinnar hafa samband og koma í heimsókn.

**Svona erum við**

> Heildarþykkt ósonlagsins yfir Reykjavík í febrúar í dobsoneiningum. Ein dobsoneining er 0,001 cm ósons, miðað við loftkennt ástand, einnar loftþyngdarþrýsting og 0 °C hita.



Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**

fréttir og fróðleikur

**FBL-GREINING: RANNSÓKNIIN Á PALME-MORÐINU**

**Böndin beinast enn að Pettersson**

Þótt heilir tveir áratugir séu liðnir frá því Olof Palme, þáverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, var skotinn til bana á götu í Stokkhólmi er þetta umtalaðasta allra norrænna morðmála enn óupplýst. Alls kyns samsærkenningar lifa því góðu lífi og setja mark sitt á alla opinbera umræðu og stjórnmál í Svíþjóð.

**Hvað gerðist?**

Síðla kvölds þann 28. febrúar 1986 fóru Palme-hjónin í bíó í miðborg Stokkhólms. Er þau komu út úr bíóinu vatt sér að þeim maður sem því næst skaut Palme í bakið og hleypti af öðru skoti að eiginkonu hans, Lisbet, en lét sig svo hverfa út í nóttina. Vitað er að hann hljóp inn í húsasund þar hjá en þar sleppir líka sporinu. Lögregla leitar enn morðingjans, morðvopnsins og ástæðunnar fyrir morðinu. Verðlaunafétt upp á andvirði rúmlega 400 milljóna króna er enn í boði fyrir þann sem veitt getur upplýsingar sem leitt geti til lausnar málsins.

**Hver er staða rannsóknarinnar?**

Vitað er að Palme var skotinn með stórrí skammtbyssu, með hlaupviddinni .357 magnum, sem er sjaldgæft vopn í Svíþjóð. Þó hefur morðvopnið aldrei fundist. Í sjónvarpsþætti um Palme-málið sem sýndur var á sænsku ríkissjónvarpsstöðinni SVT2 á sunnudag kemur fram að byssa af þessu tagi hafi verið gerð upp-tæk af lögreglu í íbúð fíkniefnasala skammt frá morðstaðnum, en þeir sem rannsökuðu Palme-morðið hefðu aldrei frétt af þessari byssu.



Henni var eytt. Í þættinum er sú kenning rakin að Christer Pettersson, eini maðurinn sem ákærður hefur verið fyrir morðið en var sýknaður í hæstarétti vegna skorts á sönnunargögnum, hafi í reynd skotið Palme, en hann hafi farið mannavilt.

**Er enn unnið að rannsókninni?**

Yfir 500.000 skjöl tengd rannsókninni fylla heilu skjalageymslurnar í höfuðstöðvum sænsku lögreglunnar í Stokkhólmi. Unnið hefur verið úr yfir 20.000 ábendingum sem lögreglunni hafa borist vegna málsins. Enn eru fjórtán lögreglumenn að vinna að málinu, ekki þó í fullu starfi.

**Áhættumat verður ekki hækkað**

Starfshópur Landbúnaðarstofnunar um viðbrögð við fuglaflensu ákvað að hækka ekki áhættumat, þótt grunur leiki á að tvær skúfendur hafi drepist úr veikinni í Svíþjóð. Veiran hefur enn ekki greinst í sýnum í Bretlandi. Sóttvarnarlæknir segir Landlæknisembættið ekki grípa til sérstakra viðbragða.

Áhættumati vegna fuglaflensu verður ekki breytt, þrátt fyrir grun um að tveir fuglar hafi drepist af hennar völdum í Svíþjóð. Fuglaflensa af H5 stofninum fannst í tveimur skúföndum við Oskarhamn í Svíþjóð í gær. Sýni úr fuglunum hafa verið send til rannsóknarstofu á Englandi og er búist við endanlegri niðurstöðu um hvort þær hafi verið smitaðar af H5N1 stofninum í næstu viku.

Að breyta ekki áhættumatinu var niðurstaða starfshóps Landbúnaðarstofnunar um viðbrögð við fuglaflensu, að sögn Jerle Reiersen dýralæknis alifuglasjúkdóma. Hann sat fund með fuglafræðingum Náttúrufræðistofnunar áður en ákvörðunin var tekin, í ljósi síðustu viðburða í gær.

„Skúfendur, eins og þær sem fundust dauðar, halda til í suðausturhluta Svíþjóðar. Þær eru ekki líklegar til að koma hingað til lands. Því sjáum við ekki ástæðu til þess að færa okkur upp í áhættustig II enn sem komið er,“ segir Jarle. „Ef þetta hefði komið upp vestar í Skandinavíu, til dæmis í vesturhluta Norðs þá hefði málið horft allt öðruvísi við. Þá skiptir máli við gerð áhættumats hvaða fuglategundir er um að ræða. Matið sem við gerðum var meðal annars byggt á að um skúfendur væri að ræða.“

**Engin flensa í Bretlandi**

Jarle kveðst hafa verið í sambandi við Bretland í gærmorgun og þeir hafi tekið mikið af sýnum á undanföllum vikum og mánuðum. Ekki eitt einasta sýni hefði greinst með flensuveiruna H5N1. Bretar hafi ekki hækkað viðbúnaðarstig sitt.

„Við erum búnir að senda út tilmæli um það sem fólk þurfi að huga að. Þegar við færum okkur upp á áhættustig II þá verða til-mælin að tilskipun í reglugerðar-formi þar sem þess er krafist að allir alifuglar verði haldnir innan dyra.“

Spurður um hvort það dugi með tilliti til þess að alifuglar hafi smitast í Frakklandi, þrátt fyrir tilskipun þess efnis að halda þeim inni, segir Jarle að það taki ákveðinn tíma fyrir fólk að koma fuglunum inn. Svo séu alltaf einhverjir sem framfylgi ekki reglum, sama hvernig sem þær séu útbúnar.


Á fundi dýralækna frá 50 löndum sem funduðu í París í gær kom fram að ekkert land getur talið sig öruggt gegn fuglaflensu. Jafnframt telja dýralæknarnir að flensan muni halda áfram að dreifast meðal villtra fugla og alifugla.

**Heldur sínu striki**

Ekki er um sérstök viðbrögð að ræða að hálfu Landlæknisembættisins þótt grunur leiki á að

**Útbreiðsla fuglaflensu**

Mannskæða fuglaflensuveiruafbrigðið H5N1 hefur fundist á fuglabúgarði í Austur-Frakklandi og hefur dreift sér frá Nígeríu til Níger í Afríku. Verið er að rannsaka H5 tilfelli í Suður-Svíþjóð.



fuglaflensan hafi stungið sér niður í Svíþjóð, að sögn Haraldar Briem sóttvarnarlæknis.

„Við litum á þetta sem sjúkdóm í dýrum, sem í algjörum undantekningum getur sýkt menn“ segir Haraldur. „Til þess hefur þurft nán samskipti við alifugla. Við höfum engin dæmi þess að fólk hafi smitast af villtum fuglum. Almennungi stafar ekki nein hættu af þessu hvort sem það er í Svíþjóð eða Tyrklandi. Okkar almennu ráðleggingar til ferðamanna ganga ekki út á að þeir geti ekki ferðast til landa þar sem flensan er í gangi. Okkar ráðleggingar eru þær að ferðafólk sé helst ekki innan um fugla, forðist fugladrit og svo framvegis. Þetta myndi gilda hér á landi ef flensan bærst hingað.“

Haraldur bendir á að þeir sem starfi við kjúklingarækt í löndum þar sem flensan hefur látið á sér kræla hafi ekki smitast, heldur börn og ungt fólk sem hefði verið að handfjatla fiðurfénað sem gengi út og inn í hífýli eða væri haldið í bakgöðum.

„Þetta berst því ekki auðveldlega frá fugli til manns og alls ekki frá manni til manns.“ H5N1 veirustofninn fannst í dauðum ketti á á Rügen eyju í Þýskalandi. Þetta er í fyrsta sinn sem flensan finnst þar í landi í öðru dýri en fuglum. Á eyjunni hafa um 100 fuglshrá fundist sýkt af veirunni. Eins fannst H5N1 veiruafbrigðið í Bæjaralandi í Þýskalandi, og verið var að kanna hvort H5 veira sem fannst í alifuglum í Rúmeníu væri af H5N1 afbrigðinu.

Enn er verið að leita fuglaflensu í Finnlandi, en engar niðurstöður höfðu borist í gær. Yfir 90 manns hafa farist úr fuglaflensu síðan árið 2003 samkvæmt tölum Alþjóðaheillbrigðisstofnunarinnar, og óttast yfirvöld að veiran geti stökkbreytt svo hún smitist á milli manna og geti þá valdið heimsfaraldri. Enn sem komið er virðist fólk þurfa að handfjatla sýkta fugla til að smitast.

**SMITLEIÐIR VEIRUNNAR** Fuglaflensuveiran lifir í göllum andfugla, þaðan sem hún getur borist í hænsn og úr hænsnum í fólk og aðrar skepnur sem komast í snertingu við sýkta fugla. Stökkbreyttist hún, eins og heilbrigðis-yfirvöld telja líklegt, getur hún tekið að berast frá manni til manns líkt og spænska veikin gerði árið 1918. Enn sem komið er verður fólk að hafa komist í snertingu við dauða fugla til að smitast.

**DV**

**Hefur þú séð DV í dag?**

**MÁL FREYGARÐS JÓHANNSSONAR TEKIÐ FYRIR Í HÉRAÐSDÓMI**

**Laminn ítrekað með felgulykli í hefndarskyni**

**„DJÖFULL Í MANNSMYND,“ SEGIR FYRRVERANDI FÓSTURDÓTTIR**

**Tvö stig áhættumats**

**Áhættustig I:**

- Lítil hættu á að fuglaflensa berist til landsins.
  - Fuglaflensa (H5N1) hefur ekki greinst á Bretlandseyjum eða í öðrum nágrennaríkjum.
- Viðbrögð**
- Tryggja að alifuglar hafi ekki aðgang að yfirborðsvatni.
  - Ekki fóðra alifugla utandyra.
  - Tryggja að ekkert í umhverfi alifuglabúa laði að villta fugla.
  - Skerpa umgengnisreglur.
  - Tryggja góðar meindýravarnir. Mikil hættu á að fuglaflensa berist til landsins.

**Áhættustig II**

- Fuglaflensa (H5N1) greinist á Bretlandseyjum eða í öðrum nágrennaríkjum.
- Fuglaflensa greinist í villtum fuglum hér á landi.

**Viðbrögð**

Til að forða því að smit berist inn á alifuglabú er lagt til að:

- Hýsa alla alifugla.
- Tryggja að fuglar sleppi ekki út úr húsum.
- Tryggja að ekkert í umhverfi alifuglabúa laði að villta fugla.
- Setja hatta á allar loftræstitúður.
- Setja fuglanet fyrir allar loftræstitúður, op og glugga.
- Öllum óviðkomandi verði bannaður aðgangur.
- Aðeins einn inngangur með fordyri verði í hverju eldshúsi.
- Hlíðarföt verði notuð fyrir nauðsynlega gesti.
- Þvottur og sóthreinsun handa verði í fordyri.
- Sóthreinsimottur eða -bakkar verði við inngang í fordyri.
- Rjúfa smitleiðir á milli dýrategunda.
- Tryggja góðar meindýravarnir.
- Tryggja góðar smitvarnir við vatnsból.
- Almennum hreinlætisreglum verði framfylgt.



**FRÉTTASKÝRING**  
JÓHANNA S. SIGÞÓRSDÓTTIR  
jss@frettabladid.is



**FRÉTTASKÝRING**  
SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR  
smk@frettabladid.is







**Vissir þú að** íslenski hesturinn hefur verið fluttur út til landa á borð við Nýja-Sjáland, Lítháen, Ungverjaland, Lítháen, Slóveníu og Grænland. Heimild: [www.worldfengur.com](http://www.worldfengur.com)

## fákar

og fólk

### HESTAMAÐURINN: RUT SKÚLADÓTTIR

## Stefnir með orkubombu á landsmót

„Þetta var mjög skemmtilegt og sterkt mót og gaman að keppa í því þá fær maður oft fram það besta í hestunum,“ segir Rut Skúladóttir hestakona sem keppti á mótnu Svellköldum konum sem haldið var í Skautahöll Reykjavíkur síðustu helgi til styrktar landsliði Íslands í hestaíþróttum. Rut varð önnur í öðrum flokki á hryssunni Veru frá Ingólfshvoli. Árangurinn var þeim mun sætari fyrir Rut þar sem hann vann sig upp úr B-úrslitum og alla leið í annað sæti í A-úrslitum.

„Ég eiginlega klúðraði forkeppninni og var heppin að lenda í B úrslitum til að geta ríðið mig upp,“ segir Rut og fannst hryssan sýna sitt rétta andlit í úrslitunum. Vera frá Ingólfshvoli er átta vetra undan Gusti frá Grund og Heru frá Gerðum, Ófeigsdóttur. „Þetta er algjör orkubomba, ofboðslega viljug og þegar fer að vora er ekkert grín að halda henni,“ segir Rut sem hefur verið með hryssuna í þjálfun í tvö ár. „Hún er mjög viljug og skemmtilegt hross og vonandi verður þetta gott ár hjá henni,“ segir Rut sem stefnir með hryssuna á Landsmót í sumar.



Rut fannst það skemmtileg tilbreyting að hafa ístóltsmót aðeins fyrir konur. Hún er sjálf þó ekki övön því að etja kappi við aðrar stelpur enda enn í ungmennaflokki þar sem meirihluti knapa er stelpur.

Rut stundar nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands en íhugar nú að því að söðla um og reyna fyrir sér í lækisfræði. Þrátt fyrir krefjandi nám er hestamennskan stór hluti af hennar lífi enda tilheyrir hún mikilli hestafjölskyldu. Sambylíismaður hennar er Davíð Matthíasson, bróðir Sigurðar V. Matthíassonar knapa sem hefur látið mikið að sér kveða á keppnisvellingum.

„Þetta heltekur mann á sumrin og vorin,“ segir Rut sem vill þó meina að hestamennskan sé ekki eina umræðuefnið á heimilinu þótt vissulega sé hún stór hluti þess.

Nokkur tímamót urðu í lífi Rutar síðastliðið haust þegar hún flutti í bæinn af Suðurnesjum og hóf búskap með Davíð. Hún er nú einnig orðinn félagi í hestamannafélaginu Fákí en hefur alla tíð verið í Mána.



Á SPIALLI Í MIÐJU RAUÐAVATNI Það hefur víðað vel til útreiða undanfarna daga. Himinninn er heiðskír og sólin lætur ljós sitt skína eftir dimma vetrardaga. Þessir knáur knapar gripu daginn og skelltu sér á kaf í Rauðavatn og virtist þeim líka vel, bæði manni og hesti, að busla í svalandi vatninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Gömul hefð að ríða á ís

Guðmundur Björgvinsson hefur í mörg horn að líta. Hann er nýbúinn að vinna Ístölt Austurlands og á næstu dögum fer hann til Árósa, þar sem hann keppir í Ístölti 2006. Svo er hann með 40 hross á járnnum og stefnir ótrauður á landsmót. Hann ræðir um hve ólíkt það sé að keppa á ís og malarvelli.

Guðmundur Björgvinsson, hestamaðurinn víðkunnur, hefur í nógu að snúast þessa dagana. Hann er nýkominn úr harðri keppni í Ístölti Austurlands, þar sem hann hafði sigur á Takti frá Tjarnarlandi gegn Hans Kjerúlf og Júpíter frá Egilsstaðabæ. Innan skamms heldur hann svo til Danmerkur þar sem hann keppir í Ístölti 2006 í Árósum. Svo stefnir hann á Ístölti hér heima og síðan á landsmót. Þetta gerir hann auk þess að vera með um 40 hross á járnnum og sjá um Kirkjubæjarbúið á Rangárvöllum. Þar eru honum til halds og trausts eiginkona hans, Eva Dyröy, og tveir aðstoðarmenn.

„Ístöltið er að verða æ vinsælla í öllum löndum,“ segir Guðmundur. „Eingöngu íslenski hesturinn er notaður í keppni á ís. Ég efast um að stór hestur myndi þora inn á ís, hvað þá að hann gæti fótad sig þar. Þetta er sérgrein okkar Íslendinga.“

Guðmundur segir það aldagamla hefð hér á landi að ríða á ís og menn séu með því að feta í fótspor forfeðra. Hesturinn þykir hvergi betri en á ís. Hann auki spyrnu, stækki og lengi skrefið, auki fótburð og það lofti meira undir hann.

„Það er fjöðrun í ísnum. Hesturinn vandar skrefið meira og þarf að leggja í það meiri spyrnu og meiri kraft. Hesturinn er einbeittari og fasmeiri. Það er meira adrenalínflæði í honum á ísnum. Hann þreystist fyrr og það er ekki hægt að ríða



Í SIGURVÍMU Guðmundur og Taktur frá Tjarnarlandi fögnuðu sigri á Ístölti Austurlands. FRÉTTABLAÐIÐ/HESTAR AXEL

honum eins lengi og á malarvelli. Það fer meiri orka og einbeiting í keppni á ísnum. Maður verður því að passa sig að hita ekki of mikið upp fyrir keppnina, því hesturinn getur ekki gengið lengi með þessum hætti.“

Guðmundur segir að hestar séu yfirleitt betri og vígalegrir í keppni á ís heldur en á malarvelli. Þó geti verið undantekningar þar á. Sumir þeirra séu skíthræddir við ísinn og hreyfi sig á honum með varð, rétt eins og mannfólkið. Þá þurfi

knappinn að varast að fara of hratt og hafa vit fyrir hestinum svo að hann detti ekki. Undirbúningurinn fyrir keppnina sé svipaður og fyrir mót á malarvelli.

Hestarnir eru járnaðir sérstaklega fyrir keppni á ís. Þeir eru á venjulegum sköflum, en síðan er tveimur ísfjöðrum bætt í tana á fram- og afturfótum.

„Þetta er rosagaman,“ segir Guðmundur, „en maður verður að passa sig að fara ekki yfir strikið.“

jss@frettabladid.is

# OUTLET

FISKISLÓÐ 75

Otrúlegt úrval af dómu, herra og barnaskóm á góðu verði

## VERÐHRUN Á ÖLLUM VÖRUM

### VERÐ FRÁ 500 KR

STAFERFI 36-40

2.900,-

STAFERFI 36-41

2.900,-

STAFERFI 36-41

3.000,-

STAFERFI 36-41

3.000,-

OPNUNARTÍMI: Mán.-Fös. 13:00-18:00 & Lau. 12:00-16:00

Fiskislóð 75 (lit. & Grandi), 101 Reykjavík, s:514-4407

### SÉRFRÆÐINGURINN: HALLDÓR GUNNAR VICTORSSON DÓMARI

## Leitað eftir hreinleika og mýkt í töltkeppnum

Tölt er fjórtaða gangtegund og sú sem hvað mestu skiptir fyrir gæði íslenska hestsins. Oft og tíðum fer fram keppni í tölti einu og sér þar sem keppt er í hægu tölti og hröðu auk hraðabreytinga þar sem sýnt er til skiptis hægt og hratt tölt á sömu langlið hringvallar.

Halldór Gunnar Victorsson dómari hefur dæmt í ófám úþróttakeppnum hesta. Hann segir almenning ekki alltaf gera sér grein fyrir aðaláherslum dómara þegar þeir horfi á keppni í tölti.

„Við erum fyrst og fremst að leita eftir hreinleika gangtegunda og mýkt en þar á eftir kemur fas, fótburður og hraði,“ segir Halldór og bendir á þá meginreglu að hestur verði að líta út fyrir að vera sáttur á vellingum. „Hann þarf að vera mjúkur í gegnum sig, með dillandi tagl og brotinn höfuðburð,“ segir Halldór og útskýrir að þrátt fyrir að fótalyfta skipi máli sé hún langt í frá höfuðatriði. „Ef þú ert með mýktina, taktinn og ríður þú rétt þá ert

þú að komast mun hærra en sá sem hefur einungis fótalyftu og minna af hinu, og þetta er held ég staðreynd í dag,“ segir Halldór sem dæmdi síðast ístóltskeppni um helgina síðustu. Þar vakti athygli hans hve mikið vantar upp á að fólk ríði þá rétt. „Það er til dæmis áberandi að fólk sé að ríða hraðabreytingar vitlaust,“ segir hann og áréttir að dómara vilji sjá hraða uppkeyrslu og hraða niðurbreytingu. „Við viljum ekki þessar gömlu þýsku hraðabreytingar þar sem þú keyrir upp í rólegheitum upp að miðri langliði og hægir niður í rólegheitum og kemur þannig inn í beygjuna. Við viljum sjá meiri sneru og kraft,“ útskýrir Halldór en um leið og hesturinn er orðinn beinn út úr beygju segir hann að auka eigi hraðann

og hesturinn þurfi að vera kominn niður á hægt tölt þegar knapi sveigir honum aftur inn í beygjuna hinum megin. Halldór bendir einnig á að fólk flaski allt of oft á því að ríða hæga töltið of hratt.

„Við dómara förum eftir ákveðnum leiðara og það er sá leiðari sem fólk þarf að ríða eftir líka,“ útskýrir Halldór sem finnst allt of oft að fólk athugi ekki hvað dómari sé að gera og fari sínar eigin leiðir í að ríða þá. „Fólk verður að fara eftir því sem verið er að biðja um,“ áréttir Halldór með áherslu.

Þess má geta að dómarskalin í íþróttakeppni er frá núll upp í tíu. Bestu topphestarnir sem eru að keppa á vellingum í dag eru að fá frá átta upp í 8,5 í einkunn.



## Grafísk hönnun

Sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar og kynningarefni sjálfir. Á þessu námskeiði er kennt á þrjú mest notuðu og vinsælustu hönnunarforritin á markaðnum í dag, Photoshop, Illustrator, og InDesign. Þátttakendur læra einnig að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF).

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum kl 18 - 21.30 og annan hvern laugardag kl 9 - 12.30. Lengd námskeiðs: 80 std. Sjá kennsluáætlun á heimasíðu skólans.

Kennsla hefst 21. mars og lýkur 9. maí með páskafrí frá 7. til 18. apríl. Verð kr. 79.000,- og er allt kennsluefni innifalið. (Síðast komust færri að en vildu)



## Vefsíðugerð 2

Námskeið ætlað þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðum í vefsíðugerð (FrontPage eða Dreamweaver) eða hafa sambærilega reynslu. Ásamt kennslu á Dreamweaver forritið kynnast nemendur m.a. grunnatriðum HTML og JavaScript og gerð CSS stílblaða. Með notkun CSS er tryggt að vefir séu fagmannlega unnir og áhugverðari fyrir þá sem þá heimsækja.

Síðustu tveir dagar námskeiðsins eru verkefnadagar og er þá hægt að vinna að lokaverkefni lögðu fyrir af kennara eða eigin heimasíðu. Sjá kennsluáætlun á heimasíðu skólans.

Lengd námskeiðs er 31 std. Verð kr. 39.000,-  
Kennt er mánudaga og miðvikudag kl. 18 -21.30. Kennsla hefst 20. mars og lýkur 5. apríl.

## Bókhald

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldi fyrirtækisins sem og öllum þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með aukinni menntun.

Kenndur er verslunarreikningur, meðferð og reglur um virðisaukaskatt, bókhaldsgrunnur í handfærðu bókhaldi og tölvufært bókhald í Navision. Kennsla byggir á fyrirlesturum og verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl, þau merkt og færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum. Þátttakendur þurfa að hafa grunnkunnáttu í Excel. Prufuútgáfa fylgir.

Lengd: 110 std. Verð: kr. 86.000,-  
Morgun og kvöldnámskeið hefjast 30. mars. (Páskafrí 8. - 18. apríl)



**Anna María Clausen**  
Skrifstofustjóri hjá Gólfloðnum ehf.

„Ég hafði sáralitla tölvu og bókhaldskunnáttu en sé núna að mestu leyti um allt bókhald fyrirtækisins. Sérlega hagnýtt nám sem nýttist mér strax og stóð undir öllum mínum væntingum.“

## Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna, um meðferð allra innflutningskjala og allar helstu reglur er varða innflutning. Að loknu námskeiðinu eiga þátttakendur að geta:

- Þekkt fylgiskjöl með vörusendingum og hvaða tilgangi þau þjóna
- Gert tollskýrslur og reiknað út aðflutningsgjöld
- Notað tollskrána til að tollflokka vöru
- Haft grunnkilning á fríverslunarsamningum og gildi þeirra
- Þekkt helstu reglur varðandi innflutning, innflutningstakmarkanir og undanþágur.

Lengd námskeiðs: 18 kst.  
Verð: kr. 24.000,-  
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 18 - 21.  
Hefst 7. mars og lýkur 16. mars.

## Næstu námskeið að hefjast Skráðu þig strax



### Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið á sérlega hagstæðu verði ætlað byrjendum í tölvunotkun á öllum aldri. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið með miklum endurtekningum. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi við tölvuna.

- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Excel kynning
- Internetið og tölvupóstur

Kennt er á mánudögum og miðvikudögum. Hægt að velja um morgunnámskeið kl 9 - 12 og kvöldnámskeið kl 18 - 21. Lengd: 60 std.

Kennsla hefst 13. mars og lýkur 8. maí (Páskafrí frá 6. til 19. apríl).  
Verð kr. 36.000,- (Allt kennsluefni innifalið)

### Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða hafa reynslu af tölvuvinnu en vilja auka við þekkingu sína, hraða og færni. Mikið lagt uppúr vinnusparandi aðgerðum í tölvu.

- Windows XP og skjalvarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook tölvupóstur og dagbók

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum. Hægt að velja um morgunnámskeið kl 9 - 12 og kvöldnámskeið kl 18 - 21. Lengd: 63 std.

Kennsla hefst 16. mars og lýkur 9. maí. (Páskafrí frá 7. til 17. apríl)  
Verð kr. 39.900,- (Allt kennsluefni innifalið)

### Önnur námskeið að hefjast í mars:

- |                            |          |
|----------------------------|----------|
| ● Outlook                  | 9. mars  |
| ● Eldri borgarar - frh     | 15. mars |
| ● Eldri borgarar - grunnur | 16. mars |
| ● Stafrænar myndavélar     | 8. mars  |



# TÖLVUSKÓLINN

## ÞEKKING

Skráning á vorönn hafin  
í síma 544 2210, á vef skólans;  
[www.tsk.is](http://www.tsk.is) og í netpósti á [skoli@tsk.is](mailto:skoli@tsk.is)

Faxafen 10 • 108 Reykjavík  
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215  
[www.tsk.is](http://www.tsk.is) • [skoli@tsk.is](mailto:skoli@tsk.is)

**SJÓNARMÍÐ  
PORSTEINN PÁLSSON**

Erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi.

## Lítið skref vekur upp spurningu

Þrátt fyrir opnun hagkerfisins eru erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi enn nokkrum takmörkunum háðar. Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, hefur nú kynnt áform um að taka lítið skref til opunar fyrir erlenda fjárfestingu á þessu sviði með því að heimila útlendingum að eiga og reka fiskmarkaði hér á landi.

Í sjálfu sér er hér ekki um mikla breytingu að ræða og ólíklegt að hún hafi teljandi áhrif. Ráðherrann stígur því afar varlega til jarðar í þessum efnunum. Hvað sem því mati líður er hér um skynsamlega ráðstöfun að ræða. Það voru fyrst og fremst varfærnessjónarmið, sem réðu því á sínum tíma, að þessi afmarkaði þáttur var skilinn frá almennum breytingum, er urðu við innngönguna í evrópska efnahagssvæðið.

Sú smávægilega breyting, sem nú er boðuð að því er varðar fiskmarkaðina, vekur hins vegar upp þá spurningu hvers vegna ekki er gengið lengra. Augu manna beinast þá að útgerðinni. Þar gilda enn verulegar takmarkanir á erlendri fjárfestingu. Hún lýtur þannig hámarks takmörkun og getur aðeins átt sér stað með óbeinun hætti í gegnum önnur íslensk fyrirtæki.

Hvers vegna eiga önnur sjónarmið að ráða varðandi erlenda fjárfestingu í útgerð en á öðrum sviðum atvinnulífsins? Það er að sjálfsgöðu ekki náttúrulegt, og þau rök, sem að baki liggja, þurfa stöðugt að vera til endurskoðunar í ljósi breyttra tíma og nýrra aðstæðna. En á sinni tíð voru höfuðrök skýr og einföld. Veidiretturinn er markaðsvara, sem felur í sér takmörkuð eignaréttindi. Rétt þótti að girða fyrir það, að útlendingar kæmst eftir þeim leiðum eins og inn um bakdyrnar í landhelgina.

Eitt af mörgum álítaefnum í þessu máli er, hvort þessi rök eru enn góð og gild. Segja má, að minnkandi vægi sjávarútvegsins í þjóðarþúskapnum hafi dregið úr þeirri almennu áhættu, sem erlendar fjárfestingar í útgerðarrekstri gætu haft í för með sér. Að því leyti er þessi röksemd meira matsatriði nú en fyrir áratug, en hún er eigi að síður ekki orðin gildislaus.

En hér hljóta fleiri röksemdir að koma til skoðunar. Sjávarútvegur samkeppnislandanna nýtur verulegra styrkja bæði að því er varðar veiðar og vinnslu. Þetta á ekki síst við innan Evrópusambandsins, og þar eru mikilvægustu keppinautarnir. Að þessu leyti er samkeppnisstaðan afar ójöfn. Í því ljósi eru skýr rök fyrir því að viðhalda að svo stöddu þeim takmörkunum, sem hér hafa gilt.

Erlendar fjárfestingar innan Evrópusambandsins leiddu til þess, að aðildarríkjunum var heimilað að setja ýmiss konar átt-hagatakmarkanir á útgerðina. Það á til að mynda við um hvar aflanum má landa, hvaðan aðföng eru keypt og hvaðan ráða má áhafnir. Í markaðsreknum sjávarútvegi eins og við búum við hefur engum dottið í hug að hneppa útgerðarreksturinn í fjöttra af þessu tagi. Óhagræði af slíkum takmörkunum gæti vegið upp hagræðið af því að opna þessa fjárfestingarmöguleika. Þessi atriði þarf því að hafa í huga þegar staðan er metin.

Fram til þessa hafa möguleikar til óbeinna fjárfestinga verið notaðir í óverulegum mæli. Það bendir ekki til þess að verulegur þrýstingur hafi verið á breytingar. Að öllu athuguðu sýnast því ekki vera gildar ástæður til þess að gera hér á breytingar eins og sakir standa.

### STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR

Vinsælt og hagnýtt 3ja kvölda námskeið um öll helstu grundvallaratriði stafræna myndavéla og meðferð stafræna mynda í tölvu.

- Stillingar stafræna myndavéla
- Stærðir og upplausn mynda
- Myndir færðar yfir í tölvu
- Skipulag myndasafns í tölvu
- Heimaprentun / framköllun
- Myndir skrifaðar á CD/DVD
- Frágangur mynda í tölvupósti
- Grundvallarlagfæringar
- Vinsælt, ókeypis myndvinnslu-forrit á Netinu tekið fyrir



Verð: kr. 15.000, (Innifalir er ný kennslubók á íslensku).  
Næsta kvöldnámskeið hefst 8. mars og lýkur 15. mars.  
Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld kl. 18 - 21.



**TÖLVUSKÓLINN**  
**PEKING**

Faxafan 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Hagsmunaárekstrar

Fjölmíðlar hafa sagt fréttir af miklum gengishagnaði bankanna. Varla hafi hann verið undir 100 milljónum króna á síðasta ári. - Það var nú gott hugsaði hugsandi útvegsbóndi norður í landi sem selur fiskafurðir og fær tekjur sínar í evrum og dollurum. Honum varð í leiðinni hugsað til vinar síns sem verið hefur í góðu plássi á frystitögara í tólf ár. Sá er upp á hlut og tekjur hans eru háðar aflaverðmætti sem rýrnað hafa um 30 prósent á fáeinum árum vegna þess hversu fáar krónur fást fyrir hvern dollar eða hverja evru. Það er nú svo. Á móti gengishagnaði bankanna er gengistap útflutnings- og samkeppnisgreinanna hugsandi útvegsbóndinn með sér. Og spurði: Er ekki hagsmunaárekstrar hér einhvers staðar? Hverra hagsmuna gæta bankarnir í þessu sambandi? Hafa þeir kannski fórnad hagsmunum útflutnings- og samkeppnis-

greinanna á altari eigin skammtímagróða? Hafa bankarnir nokkuð tekið þátt í að spila gengi krónunnar upp með því að dæla inn erlendu lánsfé, yta þar með undir kaup á hlutabréfum og verðhækkun þeirra? Hafa bankarnir slegið tvær flugur í einu höggi; spennt upp gengi krónunnar og hlutabréfanna um leið? Hver skyldi vera höfundurinn að skuldabréfaútgáfu í íslenskum krónum erlendis? Spyrjum ætíð um aðstöðuna og hagsmunina, sagði útvegsbóndinn við sjálfan sig.

#### Enn um skattbyrðina

„Skattar hafa hækkað hjá öllum nema hinum best efnuðu síðan núverandi ríkisstjórn tók við völdum. Aðeins þeir allra tekjuhæstu borga minna í skatta í dag en þegar Sjálfstæðisflokkurinn tók við fjármálaráðuneytinu.“ Þessar setningar, sem hér er

vitnað til, segir Össur Skarphéðinsson ekki vera sína eigin niðurstöðu heldur kjarnann í því sem hann kallar hlutlausu umfjöllun Jóhannu Vilhjálmssdóttur í Kastljósi Ríkisútvarpsins. Össur heldur áfram á vefsíðu sinni:

„Hún hefur á skýran og einfaldan hátt flýsjað utan af flókinni umræðu um skattamál og sett kjarnann fram á disk þar sem allir geta skoðað hann – og skilið. Umfjöllun hennar síðustu vikur er mjög fagleg, og þannig að fólk skilur hana. Hún hlýtur að koma til álita þegar fjölmiðla-verðlaunin verða veitt á næsta ári. Í kvöld sýndi Jóhanna fram á með einföldum hætti að engir nema þeir tekjuhæstu greiða minni skatta en árið 1995 – þegar núverandi ríkisstjórn tók við.“ Menn biða í ofvæni efir viðbrögðum við þessum útlæggingum þingmannsins.  
johannh@frettabladid.is



## Illugi í rússneskri rúllettu

Fyrir skömmu fjallaði Egill Helgason um loftslagsbreytingar í þætti sínum Silfri Egils og gestir hans voru Hjörleifur Guttormsson og Illugi Gunnarsson, fyrrverandi aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

Illugi gerði lítið úr ábyrgð mannkyns á þessari náttúruvá og lét eins og það væri ástæðulaust að minnka notkun olíu og kola. Vegna mikilvægis umræðuefnisins langar mig til að gera nokkrar athugasemdir við málflutning Illuga.

#### Náttúrulegar breytingar?

Illugi benti réttilega á að hitastigi hefði sveiflast til á undanförunum þúsund árum þrátt fyrir að koltvísýringur í lofti hefði verið stöðugur allt fram að upphafi iðnbýltingar. Þess vegna þyrftu þeir sem nú töluðu um loftslagsbreytingar af manna völdum að svara því hvernig stæði á hitabreytingum fyrir iðnbýltingu, áður en mannkynið hóf að losa mikið magn gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið.

Illugi hefur á réttu að standa þegar hann segir að sveiflur í hitastigi séu engin nýjung. Það sem er hins vegar alveg nýtt er hversu hröð hlýnunin er. Það er nú ljóst að á engu tímabili á undanförunum þúsund árum hefur orðið jafn ör breyting og á 20. öldinni, um 0,6 gráður.

Rannsóknir sýna líka að magn koltvísýrings í andrúmsloftinu var stöðugt síðustu nokkur hundruð þúsund ár en eftir að mannkynið hóf að brenna olíu og kol hefur það aukist um 30 prósent. Helmingur þessarar aukningar hefur átt sér stað síðan á miðjum átunda áratugnum og síðan þá hefur loftslagið hlýnað um 0,4 gráður. Þetta sýnir að hækkan hitastigs núna fellur ekki innan náttúrulegra sveiflna sem Illugi vísaði til.

#### Vísindaleg óvissa

Illugi vitnaði í danskar rannsóknir sem bentu til þess að eðlilegra væri að útskýra hækkan hitastigs með aukinni geislun sólar. Líklega átti Illugi þar við rannsóknir Knuds Lassen og Peters Thejll sem viðurkenndu árið 2000 veikleika í eigin niðurstöðum. Aukin geislun sólar gæti ekki útskýrt mikla hækkan hitastigs eftir

#### Í DAG HLÝNUN LOFTSLAGS



GUBMUNDUR  
HÖRÐUR  
GUBMUNDSSON

*Fólki er talið trú um að það standi frammi fyrir fátækt og vesöld ef strangari reglur eru settar á iðnfyrirtæki. En reynslan hefur hins vegar sýnt okkur að það er innantómur áróður.*

1980.

Ef Illugi kys að nefna fleiri svipaðar vísindalegar niðurstöður máli sínu til stuðnings þá verður hann samt að viðurkenna þá staðreynd að það er ekki fleiri en tíu starfandi vísindamenn sem eru ósammála því að núverandi hlýnun loftslags sé að öllum líkindum af manna völdum. Vísindamenn sem telja hins vegar að svo sé skipta hundruðum. Engu að síður kjósa sumir að fullyrða að um þessi mál sé ágreiningur innan vísindasamfélagsins. Tóbaksfyrirtæki beittu sömu aðferðum á sínum tíma þegar þau vísuðu til vísindalegrar óvissu um það hvort tóbak ylli krabbameini.

Auðvitað er ekki hægt að útiloka að geislun sólar eigi eftir að minnka á næstu áratugum og þá dragi úr hlýnuninni. En spurningin er hvort við viljum spila rússneska rúllettu og treysta á að eitthvað slíkt komi okkur til bjargar.

#### Pólitik og vísindi

Illugi sagði að það mætti ekki tengja saman pólitik og vísindi eins og stundum væri gert. Illugi ætti að hafa í huga þegar hann segir þetta að forystumenn Sjálfstæðisflokksins fóru fremstir í flokki í síðustu landhelgisdeilunni og tengdu þá saman pólitik og vísindi. Fiskifræðingar höfðu varað þá við að þorsstofinn væri að hruni kominn, ekki ósvipað viðvörnum vísindamanna núna um hlýnun loftslagsins. Ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hefðu getað tekið í

sama streng og Illugi og sagt að vísindin væru ekki nægilega langt á veg komin til að gripa þyrfti til aðgerða. Málið þyrfti að rannsaka betur. Sem betur fer voru sjálfstæðismenn þá nægilega framsýnir til að trúa niðurstöðum vísindamanna og breski flotinn var rekinn af miðunum, landhelgin færð út í 200 mílur og umhverfisvænni fiskveiðistjórn tekin upp. Ég vil ekki hugsa til þess hvaða afleiðingar það hefði haft ef ekki hefði verið gripið til þessara aðgerða. Ég vil heldur ekki hugsa til þess hvað gerist ef ekki verður gripið strax til aðgerða í loftslagsmálum.

#### Hræðsluáróður og hagvöxtur

Síðar í þættinum sagði Illugi að það væri beinlínis hættulegt að venja mannkynið af notkun olíu og kola vegna þess að það myndi draga úr hagvexti.

Þessi rök hafa verið notuð af stórfyrirtækjum sem sjá fram á að tapa peningum ef gripið er til aðgerða til að vernda umhverfið. Fólki er talið trú um að það standi frammi fyrir fátækt og vesöld ef strangari reglur eru settar á iðnfyrirtæki. En reynslan hefur hins vegar sýnt okkur að það er innantómur áróður. Honum var beitt þegar George Bush eldri setti reglur um að dregið yrði úr notkun ósoneyndandi efna og losun brennstoffsíoxíðs sem veldur súru regni. Árangurinn af reglunum hefur verið framar vonum og hræðsluáróður um minnkandi hagvöxt reyndist tilhæfalaus.

Illugi ætti frekar að hafa áhyggjur af ríkisstyrkjum sem olíu- og kolaíðnaðurinn fær, líklega um 200 milljarðar dala á ári. Ætli við Illugi getum ekki sammaðst um að því fé yrði betur varið í skattalækkanir en til að bregla samkeppni í orkuframleiðslu.

Önnur stórfyrirtæki, t.d. DuPont og Whirlpool, hafa beitt sér fyrir því að bandarísk stjórnvöld dragi úr losun koltvísýrings. Á sama tíma hefur eftirspurn eftir hlutabréfum í fyrirtækjum sem framleiða raforku með endurnýtanlegum orkugjöfum aukist mikið í bandarísku kauphöllinni. Ekki dregr það úr hagvexti.

Höfundur stundar meistaranám í umhverfisfræðum við Edinborgarháskóla.

## MARKAÐURINN


Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigrún M. Egiðsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSíMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFVANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## LISTAVEFUR FÜR BÖRN

Börn hafa mörg gaman að því að lita og mála. Listavefurinn er sniðug síða fyrir þau.

BÖRN 5



## MENTOR-VERKEFNIÐ

Katrín Dagmar Jónsdóttir og Elinborg Lorens eru þátttakendur í Mentor-verkefninu Vináttu. Þær hafa tekið sér ýmislegt fyrir hendur í vetur og Fréttablaðið fylgist með því af áhuga.

NÁM 6

# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[FERÐIR, BÖRN, BÍLAR OG NÁM]

**Alþjóðlega** bílasýningin í Genf hefst á morgun. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar og skoða myndir á heimasíðu sýningarinnar, [www.salon-auto.ch](http://www.salon-auto.ch).

**Flugferðir** á sérstöku tilboði má nú fá hjá Iceland Express í tilefni af afmæli flugfélagsins. Um er að ræða nokkrar vel valdar ferðir og eins og áður gildir fyrstir koma, fyrstir fá.

**Krakkar** á öllum aldri hljóta að fagna deginum í dag, sjálfum öskudeginum. Þeir mega þó ekki gleyma að borða yfir sig af nammi og muna að bursta vel tennurnar í lok dagsins.



**Doktorsvörn** Hákon Hrafn Sigurðssonar í lyfjafræði verður klukkan 13 í hátíðarsal Háskóla Íslands í dag. Doktorsritgerð Hákonar nefnist Lyfjagjöf í auga og slímhimnuviðloðandi fjölliður.



Kristján Rúnarsson lærir hóteltjörnun í Sviss.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagur 1. mars, 60. dagur ársins 2006.



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík	8.36	13.40
Akureyri	8.25	13.25

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

# Á orðið fjölda vina úti um allan heim

*Kristján Rúnarsson er að læra hóteltjörnun í Neuchatel í Sviss en er heima á Íslandi núna þar sem hann er í starfsnámi á þessari önn.*

Hóteltjörnun er þriggja ára nám til B.A. prófs og annirnar skiptast í bóklegt nám og starfsnám. „Þessa önn erum við í starfsnámi en svo fer ég aftur í skólann í haust,“ segir Kristján.

Kristján segist hafa stefnt á þetta nám lengi. „Ég er búinn að vera í þessum bransa síðastliðin tíu ár. Ég hef unnið sem þjónn og í gestamóttökum á hótelum og þess háttar. Ég hef alltaf haft áhuga á því að læra þetta og ákvað bara að drífa mig.“

Kristján segir að ekki sé boðið upp á sambærilegt nám hérna heima og því hafi hann ákveðið að fara til Sviss. „Sviss er þekkt fyrir góða hótelskóla og flestir hérna heima sem vilja læra þetta virðast skoða Sviss. Stúdentiferðir er umboðsaðillinn

fyrir þennan skóla og fleiri skóla þarna úti og starfsfólkið þar benti mér á skólann.“

Kristján er mjög ánægður í skólannum. „Það sem er langskemmtilegast er hvað maður hittir mikið af ólíku fólki frá ýmsum þjóðlöndum. Það er fólki í skólannum frá þrjátíu og fjórum þjóðlöndum og ég á orðið vini úti um allan heim.“

Kristján segir að krakkarnir sem eru með honum í skólannum séu núna í starfsnámi í ýmsum löndum. „Það er ein íslensk vinkona mín núna í Tailandi og svo er einn íslenskur strákur í Frakklandi og annar í London. Ég fór sjálfur til Tailands í starfsnám en aðstaðan sem var boðið upp á þar var ekki ásættanleg svo ég ákvað að koma heim.“

Kristján segir að það sé venjulega ekki erfitt að komast í starfsnám á hótelum. „Flestir hóteltjórar hafa staðið í okkar sporum og skilja mikilvægi starfsnámsins og oft er nemendum boðið starf að námi loknu í kjölfar þess.“ *emilia@frettabladid.is*

## Útsala

Full búð af aukahlutum allt á útsölu



**Neonljós, sportstýri, græjur, bílhátalarar, bassabox o. fl.**

Opið virka daga 8-18

Neonljós, Xenon perur, girhnúar ofl.

40%



Sportstýri, petalar, felgur ofl.

30%



Bíltæki, bassabox ofl.

20%

AG Mótorsport - Kletháls 9  
110 Reykjavík - s. 587 5547  
Verslun á netinu: [www.agmotersport.is](http://www.agmotersport.is)

## Klár í snjóinn! MAZDA TRIBUTE

Eigum til afhendingar strax nokkra vel útbúna bíla 31" dekkjum.

Umboðsaðilar:

SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444  
Bísalan Ös - Akureyri Sími 462 1430



Opið virka daga 10-18:30  
Laugardaga kl. 12:00 - 16:00

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.  
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: [x4@x4.is](mailto:x4@x4.is) - [www.x4.is](http://www.x4.is)





**48 DVD**

**Byltingarkennd tækninýjung!**

**NÝI ÖKUSKÓLINN**

Öll vinnuvélaréttindi  
Öll ökuréttindi  
Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Nýi ökuskólinn er í húsinu Kleppargördum 11  
Sí: 588-4500 www.et.is



Svanberg Sigurgeirsson, starfsmaður Frumherja, demparaprófar bíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Biluð ljós algengasta orsök athugasemda

*Margir kvíða því að fara með bílinn í skoðun. Það virðist alltaf vera eitthvað að. Bílað ljós, lélegar bremsur eða dauft slag í stýrinu. En hverjar eru algengustu bilanirnar sem hindra að bílar standist skoðun og hvað geta bílaeigendur gert til að tryggja sér nýjan miða á bílinn?*

Jón Hjalti Ásmundsson er tæknistjóri ökutækjasviðs hjá Frumherja bifreiðaskoðun. Hann segir að það sé algengt vandamál að ljósabúnaður sé ekki í lagi. „Algengasta athugasemdin sem fólk fær frá okkur er bilun í númeraljósi. Þar á eftir fylgja stöðuljós, helst afturljós, bremsuljós og jafnvel þokuljós,“ segir Jón.

Þegar um smávægileg vandamál er að ræða fær ökutæki fyrstu

dæmingu. Þá þarf ekki að koma aftur í skoðun heldur að laga vandamálið. Þetta á oft við um ljósvandamál. Það er tiltölulega auðvelt að skipta um ónýta peru. Þær fást á flestum bensinstöðvum og starfsfólk þar er yfirleitt liðlegt og tilbúið að hjálpa ökumönnum með peruskiptingar.

Sjötta algengasta skoðunarathugasemdin snýr að dekkjabúnaði. Það segir sig sjálft að gatslitin og glerhál dekk standast aldrei skoðun og því þarf að sjá til þess að dekkin séu í lagi. Einnig er algengt að pústkerfi standist ekki kröfur en ökumenn ættu ekki að vera í vandræðum með að meta ástand dekkja og pústkerfis og sjá hvort lagfæringa sé þörf.

„Svo eru algeng vandamál sem fólk er að fá aðra dæmingu á og endurkomu,“ segir Jón. „Þetta eru vandamál við t.d. stýrisbúnað, spindilkúlur og bremsubúnað.“ Það eru fáir sem ráða við að gera við

þessa hluti heima við og því mælir Jón með að fólk leiti sér aðstoðar fagmanna í þessum tilvikum.

Fyrir nokkrum árum tíðkaðist það að fara með ökutæki í skoðun hjá bílaumboðunum áður en opinber skoðun fór fram. Jón segir hins vegar að þessi siður sé á undanhaldi. „Fólk vill heldur koma og láta skoða bílinn og fá nákvæmar upplýsingar um það sem þarf að laga. Það getur verið pirrandi að fá athugasemd á smáatriði sem bílaumboðinu yfirsást,“ segir Jón.

Það er sjaldgæft að ökutæki fái á sig þriðju dæmingu sem sjálfkrafa hefur í för með sér akstursbann. Þó eru alltaf einhverjir sem freista gæfunnar í bjartsýniskasti og mæta í skoðun á bremsulausum eða númeralausum bílum. Þeim ökumönnum er lítið hægt að ráðleggja annað en að leita sér faglegar aðstoðar, og þá er ekki átt við á sviði bílaviðgerða.

tryggvi@frettabladid.is

visir

**NFS ER Á VISIR.IS**

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar



**Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar**



Partur-Spyrman-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

## Suzuki SX4 kynntur í Ungverjalandi

*Suzuki SX4 er samstarfsverkefni Suzuki og Fiat, vélin kemur frá Fiat en grindin og yfirvagninn frá Suzuki. Bíllinn verður einnig seldur af Fiat undir nafninu Fiat Sedici.*

Suzuki SX4 er háfættur jepplingur ætlaður fyrir Evrópumarkað. Bíllinn er búinn drifbúnaði sem leiðir stöðugan akstur á fjórhjóladrifi. Tölva sér um að skipta á milli framhjóladrifs, síteygds fjórhjóladrifs og mismunadrifs milli fram- og afturhjóla. Lægsti punktur bílsins er 19 cm.

Suzuki SX4 er framleiddur í Ungverjalandi og er áætlað að framleiða 60.000 bíla, 40.000 sem seldir verða af Suzuki og 20.000 sem seldir verða af Fiat.



Hiroshi Tsuda, forstjóri Suzuki, og Janos Koka, efnahagsráðgjafi Ungverjalands, skoða hinn nýja Suzuki SX4. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um hönnun bílsins sá Giorgio Giugiaro's Italdesign hönnunarstofan. Þess má geta að grindin og yfirvagninn eru þróuð út frá nýjustu gerð Suzuki Swift sem var valinn bíll ársins á Íslandi 2006 af Bandalagi bíla- blaðamanna. ■

# Bílasýningin í Genf að hefjast

**Alþjóðlega bílasýningin í Genf hefst á morgun. Þar verða ýmsar skemmtilegar nýjungar í hönnun bíla kynntar.**

Bílaframleiðendur og aðrir sem tengjast hinum risavaxna bílaiðnaði keppast við að koma öllum sínum trompum á framfæri á sýningunni. Mikið er um nýjungar og á sýningunni gefur að líta mikið af tækninýjungum framtíðarinnar, allt frá raddstýrðu hljóðkerfi til nýrra bremsuljósá.

Bílaframleiðandinn Fiat er eitt af fyrirtækjunum sem ætla að kynna tækninýjung. Fiat-bílar munu í framtíðinni verða net-tengdir og ef einhver vandamál koma upp verður hægt að senda fyrirspurn úr bílnum til verksmiðju þeirra og þeir senda aftur greiningu á vandamálinu um hæl. Fiat ætlar líka að kynna kerfi sem gerir fólki kleift að tengja tónlistarspilara, til dæmis iPod, og stjórna þeim með einföldum raddskipunum.

Bílaframleiðendur munu einnig



Þó sýningin í Genf hefst ekki fyrr en á morgun hafa alls kyns forkynningar og blaðamannafundur verið alla vikuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Frá einni frumsýningu fyrir bílasýninguna í Genf þar sem nýr Saab Aero X sportbíl var frumsýndur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Aukinn öryggisbúnaður fylgir nýjum Volkswagen Passat vegna aftanivagns.

## Aukið öryggi í dráttarbeislum

Allir Passat-bílar með dráttarbeisli frá verksmiðju hafa nú ESP-stöðugleikastýringu vegna aftanivagns sem staðalbúnað.

Meðal nýjunga í staðalbúnaði á nýjum Volkswagen-Passat er bætður öryggisbúnaður fyrir dráttarbeisli. Búnaðurinn felst í svokallaðri ESP-stöðugleikastýringu. ESP-kerfið skynjar yfirvofandi sveiflur á aftanivagni og bregst við með aðstoð markvissrar hemlunar til þess að koma í veg fyrir sveiflurnar. Ef hættuástand kemur upp hægir ESP-kerfið ferð bílsins með því að hemla með öllum hjólum dráttarbílsins og með að draga úr snúningsáttaki vélarinnar þar til stjórn hefur náðst á skjálftanum.

Volkswagen Passat er fánlegur framhjóladrifinn eða með 4MOTION-aldrifi og Haldex-kúplingu. Hægt er að fá 4MOTION-útgáfuna í þremur mismunandi gerðum, frá 150 hestöflum og upp í 3,2 lítra V6 vél sem skilar hátt í 250 hestöflum. ■

# LOFTDÆLA er nauðsynlegur búnaður

fyrir dekkinn á bílnum, gúmmibátinn, vindsængina í útilegunni, dekkinn á reiðhjólinu eða mótörhjólinu



VIAIR 420C 24.053 kr.



VIAIR 450H 27.767 kr.



VIAIR 500C 36.904 kr.

Þessar dælar koma í VIAIR töskum með öllum nauðsynlegum búnaði



VIAIR-taska fylgir



VIAIR 90P 10.500 kr.



VIAIR 100P 11.537 kr.



VIAIR 300P 19.900 kr.



VIAIR 400P 27.767 kr.



VIAIR 440P 27.767 kr.

**KAUPAUKI**

Öllum loftdælum fylgir DEKKJAVIÐGERÐARSETT meðan birgðir endast!

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is



**HYSTER 4,5T Dísel** árg. 2000 - Vst. 5.400



**JCB 3CX** árg.1999 - Vst.5.100



**JCB JS330 LC** árg.1999 - Vst.9.400



**JCB 3CX** árg.1996 - Vst.9.400



**Bobcat 328** árg. 2000 - Vst.1.600



Símar 588 2600 og 893 1722  
www.velaver.is



**48 DVD**  
**Tær snilld!**



Gengið á Kritt.

## Gönguferðir um Evrópu

### Reykjavík – Billund:

**Bjóðum flug frá Reykjavíkflugvelli til Billund á Jótlandi.**

Flogið til Billund alla mánudaga og til Reykjavíkur alla föstudaga frá 03. apríl til 20. júní. Frá 25. júní til 12. ágúst er svo flogið frá Reykjavík til Billund mánudaga, miðvikudaga og föstudaga og frá Billund til Reykjavíkur alla daga nema fimmtudaga og laugardaga. Millilient í Færejum.

Í tengslum við þennan nýja ferðamöguleika bjóðum við frábær fjölskyldutilboð í páskafríinu:

Flogið mánudaginn 10. apríl til Billund og til Reykjavíkur 14. apríl (föstudaginn langa). Verð á mann miðað við 4 í bíl og gistingu í sumarhúsi frá 50.100,- krónum

Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, bíll í C-flokki og gisting í sumarhúsi í sumarhúsabyggð við Løjt á Suður-Jótlandi eða í nágrenni Silkeborgar.

**Afsláttur fyrir börn innan 12 ára: 12.500,-**

Billund er vel í sveit sett á miðju Jótlandi og þaðan liggja leiðir til allra átta. Hringið og leitið nánari upplýsinga og frekari tilboða.

**FERÐASKRIFSTOFA GUDMUNDAR JÓNASSONAR EHF.**  
Borgartúni 34, sími 511 1515  
netfang: outgoing@gjtravel.is  
heimasíða: www.gjtravel.is

*Göngu-Hrólfur er gönguklúbbur sem starfað hefur í átta ár. Kveikjan að klúbbnum var gönguferð forkólfsins, Steinunnar Harðardóttur til Majorka 1989. Umsvif klúbbsins eru orðin æði mikil og hann stendur fyrir fjölmörgum spennandi gönguferðum í Evrópu í ár. Áhugasamir geta kynnt sér ferðirnar næsta laugardag.*

Steinunn Harðardóttir, fararstjóri og útvarpskona með meiru, gekk um fornar slóðir á Majorka árið 1989 og heillaðist svo af eyjunni að hún hóf að breiða út fagnaðar-erindið. Nokkrum árum síðar var gönguklúbburinn Göngu-Hrólfur stofnaður og eru um tvö þúsund meðlimir í honum. Þrjú hundruð manns fara í gönguferðir með klúbbnum ár hvert. Meðal nýjunga

á vegum klúbbsins í ár er gönguferð um svonefnda Lýkiuleið í Tyrklandi.

Steinunn segir Sunday Times hafa valið leiðina eina af tíu bestu gönguleiðum heims þegar hún var opnuð almenningi árið 2000. Þá fer Göngu-Hrólfur til Kritt, Spánar, Ítalíu og Slóvakíu í ár. En hvaða staðir skyldu vera í upphaldi hjá forkólfinum Steinunni? „Ég held mjög mikið upp á Majorka því gönguævintýrið hófst þar,“ segir Steinunn og segir að farið verði á slóðir smyglara, pígríma og erkihertoga á eyjunni sem margir Íslendingar þekkja einungis af góðum ströndum.

Steinunn segir boðið upp á þrjú flokka af gönguferðum, í léttum takti, en þá er gengið í tvo til fimm tíma dag hvern, í hefðbundnum takti en þá er gengið í fimm til átta tíma og svo í auknum taki þar sem gengið er allt að tíu tíma á degi hverjum. Svo má nefna gönguferðir í léttum sælkeratakti. Farið er í eina slíka til Toskana í sumar

og er sú ferð þá ætluð matgæðingum. Einnig verður farið í ævintýraferð til Kritt í haust þar sem bæði verður gengið og siglt á kajökum.

Áhugasamir geta kynnt sér ferðirnar nánar á ferðakynningu Göngu-Hrólfis í Nýju skátabúðinni í Faxafeni næstkomandi laugardag milli 13 og 16. Bókanir fara fram í gegnum ferðaskrifstofuna Úrval-Útsýn.

- Áfangastaðir Göngu-Hrólfis 2006**  
**Tyrkland 22.-1. maí:** Hefðbundinn taktur.  
**Majorka 19.-26. sept.:** Hefðbundinn taktur.  
**Kritt 23.-30. maí,** léttur taktur, **4.-11. sept.** hefðbundinn taktur, **11.-18. sept.** aukinn taktur.  
**Pyreneafjöll: 1.-8. júlí, 8.-15. júní og 19.-26. ágúst:** Hefðbundinn taktur.  
**Toskana: 3.-10. júní:** Hefðbundinn taktur.  
**17.-26. júní:** Léttur sælkeratakur.  
**Dólómítar á Ítalíu: 10. júní:** Hefðbundinn taktur.  
**Slóvakía: 18.-25. júlí** hefðbundinn taktur.  
**26.-1. ágúst:** Léttur taktur.

### HVERT ERTU AÐ FARA?



Síðasta utanlandsferð Hrönnar Sturlaugsdóttur var farin til Vietnam og næsta ferð verður einnig til Asíu.

## Heilluð af Asíu

*Hrönn Sturlaugsdóttir er verðandi bókmenntafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún féll fyrir Asíu í fyrsta sinn sem hún kom þangað og sú hrifning hefur síst minnkað með tímanum enda matur og menning afar fjölbreytt í Asíu.*

Síðasta utanlandsferðin sem Hrönn fór var til Hanoi í Vietnam, þar sem hún dvaldi með manningum sínum. Hún lýsir Vietnam sem meiriháttar landi og fannst Hanoi æðisleg borg. Þrátt fyrir að hafa komið til nokkurra Asíulanda þá hitti hún þarna fyrir alveg nýja menningu og nýja sýn á fólkið.

Næsta ferð sem Hrönn er með í bígerð er einnig til Asíu. Hún segir að það sé svo auðvelt að vera þar, menningin er þægileg, maturinn góður og veðrið gott. Þessi ferð verður öllu lengri en sú síðasta eða um mánuður. Hún mun hefjast í Bangkok í Tailandi en svo er planið nokkuð opið. Þau hjónakornin hafa áhuga á að ferðast til landanna í kring og nefnir hún meðal annars Myanmar og Tíbet. Hugsanlega má finna eitthvað skemmtilegt hringflug á milli staða. Þó verður afslöppunin einnig ofarlega á baugi og hyggjast þau taka viku í slíkt. Finna sér einhvern kofa á ströndinni og slappa af. Hugsanlega verður þá Hua Hin fyrir valinu enda hafa þau komið þangað nokkrum sinnum og líkað frábærlega.



Í Flugstöð Leifs Eiríkssonar má finna Flugstöðvarblaðið sem allir geta nálgast á ferð sinni út í heim.

## Ferðablað

*Flugstöðvarblaðið, ferðablað sem gefið er út í samstarfi við Flugstöð Leifs Eiríkssonar, hefur fengið góðar viðtökur á því hálfu ári sem það hefur verið gefið út.*

Tímaritið kemur út mánaðarlega og er því dreift frítt meðal gesta flugstöðvarinnar. Flugstöðvarblaðið er unnið að erlendri fyrirmynd og er bæði á íslensku og ensku. Í marshefti blaðsins kennir ýmissa grasa. Þar er meðal annars fjallað um tannlækningar erlendis en færst hefur í vöxt að fólk fari í tannviðgerðir í öðrum löndum enda getur verðmunur á stórum aðgerðum verið mikill hér á landi og sunnar í Evrópu. Einnig er fjallað um skíðasvæði í Noregi, salsakennslu á Kúbu á vegum Heiðars Ástvalds-sonar og hugmyndir að páskaferðum gefnar. Að jafnaði fara um 161 þúsund manns um flugstöð Leifs Eiríkssonar og taka þeir eflaust þessari nýju viðbót í tímaritaflórana fagnandi.

allt tíska

Alla fimmtudaga





## Auglýsingum beint að börnum í vaxandi mæli

Börn og auglýsingar er yfirskrift ráðstefnu sem haldin er á Grand hóteli í dag og er opin öllum.

„Það er nauðsynin sem rekur okkur út í það að halda þessa ráðstefnu,“ segir Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, en samtökin eru meðal þeirra sem efna til ráðstefnunnar. Hún segir þau hafa fengið margar ábendingar um að auglýsingum sé beint að börnum í vaxandi mæli. „Markaðssetning sem beint er gegn börnum er mun beinskeyttari en hún var. Börn eru orðinn greinilegur markhópur og fólki finnst tímabært að staldra við og skoða hvað er að gerast. Sumir telja að hér á landi gangi markaðurinn lengra í því að höfða til barna en hann gerir í nágrennlöndunum og lagabókstafurinn sem um þessi mál fjallar sé teygjanlegri hér.“ Elín segir líka óbeinrar auglýsingar sem sýna ákveðið gildismat verða til umræðu. „Þessar óbeinu auglýsingar eru oft í sjónvarpsþáttum og snerta útlit, klæðaburð og kynhegðun svo dæmi sé tekið. Areiti af þessum toga hefur aukist mikið undanfarið og það hefur áhrif,“ segir hún.

Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni eru Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna, Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, Dr. Baldur Kristjánsson sálfræðingur, Páll Þórhallsson lögfræðingur í forsætisráðuneytinu og Halla Helgadóttir hönnuður á Fítón auglýsingastofu. „Við fjöllum um hver staðan er, hvað fræðimenn og markaðsmenn segja um auglýsingar og börn og hvernig lögin taka á þeim málum,“ segir Elín og kveðst vona að ráðstefnan verði bara fyrsta skrefið í lengra ferli sem leiði til góðs.

„Eflaust er umræðan þörf en það er alveg ljóst að þessi ráðstefna er sett upp til höfuðs okkur markaðsfólki,“ segir Páll Líndal formaður Samtaka auglýsenda sem verður meðal ræðumanna á þinginu. Hann kveðst fyrst og fremst höfða til ábyrgðar foreldra því það séu þeir sem stjórni því hvað börnin horfi á. Reyndar á hann sjálfur 6 ára dreng sem



Myndu sjónvarpsstöðvarnar vera með barnaefni á morgnana ef þær mættu ekki auglýsa þar líka? spyr Páll Líndal formaður samtaka auglýsenda.



Elin Thorarensen framkvæmdastjóri Heimilis og skóla mun taka þátt í pallborðsumræðum.

hann situr stundum hjá á morgnana og horfir á barnaefni með. Sumt af því efni telur hann mun óhollara en auglýsingar. „Boð og bönn eru erfið í þessu efni og hvar á að draga mörkin? Væru sjónvarpsstöðvarnar með barnaefni á morgnana ef þær mættu ekki auglýsa þar líka?“ spyr Páll. Hann viðurkennir að börn séu mikilvægur markhópur enda séu þau framtíðarneytendur.

Aðgangur er ókeypis á ráðstefnuna og stendur hún frá klukkan 12.30-16.45 en upplýsingar og skráning er hjá Gestamótökunni ehf [www.gestamottakan.is](http://www.gestamottakan.is) og í síma 551 1730.



Flest börn hafa gaman af því að teikna.

## Listavefur fyrir börn

Börn geta lært um liti og form á netinu.

Listavefur krakka er sniðug vefsíða þar sem börn geta lært ýmislegt um list og listamenn. Á listavefnum eru margs konar verkefni og þrautir sem auka skilning barnanna á formum, litum og tækni. Þar má einnig finna fjölmörg þekkt verk íslenskra myndlistarmanna og ítarlegan fróðleik um þá.

Slóðin á listavefinn er [www.namsgagnastofnun.is/islistvefur/](http://www.namsgagnastofnun.is/islistvefur/) og ættu flest börn sem hafa gaman af því að teikna og leika sér með liti og form að hafa gaman af því að skoða síðuna.

Verið velkomin í krúttlegustu barnabúðina í bænum

**BabySam**

Skeifan opið laugardag 10-16  
Smáralind opið laugardag 11-18  
Smáralind opið sunnudag 13-18

**SKEIFAN 8** • Sími 568 2200 • Fax 568 2203  
**SMÁRALIND** • Sími 534 2200 • [www.babysam.is](http://www.babysam.is)

**Dr. Fischer**

Hágæða húð- og hárvörur fyrir börn

Flott föt á flotta krakka!

Full búð af nýjum vörum!  
**DU PAREIL! au même**  
Laugavegur 17 og Kringlunni  
Sími 588-6750 og 552-6744

**48 DVD**

Sparar þér sporin!

allt matur

Alla föstudaga

allt

nám o.fl.

**Skólatöskur** eiga það til að fyllast af einhverju dóti sem þarf ekki að vera í þeim. Það er ágætt að taka annað slagid til í töskunum og losa sig við það sem hægt er.



# 48 DVD

## Ekkert stress!

**"EKKI eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."**

Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.

**"...held ég sé á góðri leið með að ná inntöku-prófinu í læknadeild í vor. Takk fyrir mig."**

Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviþyrngið, nýtsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lípurt, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

...næsta námskeið **13. mars**

**Akureyri - 16. mars - þriggja vikna hraðnámskeið**

Skráning hafin á [www.h.is](http://www.h.is) og í síma 586-9400



VR og fleiri stéttarfélög styrkja þáttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

## ENSKUNÁM Í ENGLANDI

fyrir 12-16 ára



**Hvað segja foreldrar?** "Okkur foreldrum langar að þakka þér og þínu fólki kærlega fyrir þessa frábæru ferð til Broadstairs. Hún sagði okkur að það hafi verið "allt gaman" kennslan, kennara, farastjórar, frjálsi tíminn á daginn og á kvöldin. Ég tala nú ekki um þá frábæru krakka sem hún kynntist. Að þau hafi allir verið svo góðir vinir. Ég held að hún hafi alveg viljað vera í skólanum í mánuð. Hún var að auki mjög ánægð með þá fjölskyldu sem hún dvaldist hjá. Að vísu fannst henni "tedrykkjan" með morgunmatnum og kvöldmatnum ekki sérlega góð. Hún hafði nú bara gott af kynnst annari matarmenningu. Við erum þakklát að hún fékk tækifæri á að kynnst betur enskri tungu (okkur finnst hún núna töluvert öruggari í talmálinu og lesskilningnum), annarri menningu og fá að vera svölitið sjálfstæð fjarri foreldrum sínum."



Skráning er hafin í vinsælu námsferðina fyrir 12-16 ára þann 30.6-19.8. Uppl. og skráning í síma 8917576 og [erlaara@simnet.is](mailto:erlaara@simnet.is)

# allt heimili

Alla fimmtudaga

## Óvissuferð í Öskjuhlíð með öðrum mentorum

**Katrín Dagmar Jónsdóttir og Elínborg Lorens eru þátttakendur í Mentor-verkefninu vináttu. Fréttablaðið hefur fylgst með því sem þær hafa tekið sér fyrir hendur í vetur en það er ýmislegt.**

Kallý og Ella eru búnar að gera ýmislegt skemmtilegt saman síðustu vikur. Þær fóru meðal annars í óvissuferð í Keiluhöllina í Öskjuhlíð ásamt öðrum mentorum og börnum í janúar. „Það var rosalega gaman,“ segir Kallý. Hún segir að þetta hafi verið í fyrsta skipti í vetur sem allur hópurinn gerði eitthvað saman. „Ég vissi ekki að það væru svona margir í verkefninu en þetta voru öruggleg milli hundrað og tvö hundruð manns,“ segir Kallý. „Það var mjög gaman að sjá alla hina og það voru tveir þarna sem eru með mér í bekk,“ segir Ella.

Stelpurnar ákváðu síðan að fara bara tvær saman í keilu stuttu eftir að þær fóru með hópnum. „Þá spiluðum við tvo leiki en þegar við fórum með hinum spiluðum við bara einn,“ segir Ella.

„Við fórum svo á sleða í Ártúnsbreykkunni,“ segir Kallý og bætir því við að hún hafi mætt galvök í skræpöttum snjógalla. „Hún fór ekkert smá hratt og einu sinni datt hún og fór svona í hring en ég ætlaði fyrst ekkert að þora niður,“ segir Ella. „Þetta var alveg geðveikt og ég hef ekki skemmt mér svona síðan ég var bara pínulítill,“ segir Kallý.

Stelpurnar fóru líka saman á Idol-keppnina í Smáralind þann 10. febrúar. „Það var rosalega gaman,“ segir Kallý og Ella tekur undir það.

Kallý og Ella segjast alltaf vera að verða betri vinkonur en þær náðu strax mjög vel saman. „Við erum farnar að hugsa svo svipað að við gáfum hvorri annarri eins jólagjafir,“ segir Kallý. „Okkur langar báðar í hund svo við gáfum hvorri annarri svona hundabangsa,“ segir Ella.

Það er ýmislegt á dagskrá hjá Ellu og Kallý á næstunni og það verður örugglega gaman að fylgjast með þeim áfram.

[emilia@frettabladid.is](mailto:emilia@frettabladid.is)



Kallý og Ella skemmtu sér vel í keilu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Katrín Dagmar Jónsdóttir og Elínborg Lorens.

[emilia@frettabladid.is](mailto:emilia@frettabladid.is)



Ella er mjög góð í keilu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Safnasvæðið á Akranesi laðar til sín bæði þá yngri og hina eldri.



## Læra að miðla menningarsögunni

NÁMSKEIÐ FYRIR STAÐARVERÐI VERÐUR HALDIÐ Á HÓLUM Á NÆSTUNNI.

Staðarverðir sjá um móttöku gesta á söfnum og sýningum sem byggjast á sögu og menningu þjóðarinnar til dæmis í friðuðum húsum og víðar þar sem minjar eru til sýnis. Markmiðið með námskeiðinu er að gera nemendur sjálfbjarga í öflun upplýsinga um minjavernd í víðasta skilningi og hæfari til að kynna söguna. Margar stofnanir standa að náminu sem er bæði bóklegt og verklegt og byggist meðal

annars á vettvangsferðum. Helstu áherslupættir í náminu eru Lesið í landið, Menningararfur og miðlun, Ferðamennska og móttaka gesta og Minjavernd. Nokkra þætti er hægt að taka í fjarnámi á tímabilinu 6. mars til 24. apríl en aðrir þættir verða teknir í tveggja daga lotu 10. og 11. mars. Verkbjálfun fer síðan fram á völdum stöðum og þar verður loka-verkefni unnið. Nánari upplýsingar eru á [www.holar.is](http://www.holar.is)

## Lögleg staða fyrirtækja

NÁMSKEIÐ UM FÉLAGAFORM, SKATTLAGNINGU FYRIRTÆKJA OG FRÁDRÁTTARBERAN REKSTRARKOSTNAÐ HEFJAST 28. FEBRÚAR.

Það er Anna Linda Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður sem leiðbeinir á námskeiðunum sem skiptast í þrjá hluta en hægt er að velja á milli morgunnámskeiðs og síðdegisnámskeiðs. Hún kveðst taka fyrir efni sem fólk með lítil og meðalstór fyrirtæki þurfi að kunna skil á. Meðal þess er, auk félagforma og skattlagningar fyrirtækja, útgáfa reikninga og réttarstaða fyrirtækja gagnvart skattfyrirvöldum. Jafnframt er farið vel yfir ábyrgð stjórnenda í einkahlutafélögum og hlutafélögum. Hún kveðst tengja efnið raunveruleikanum með raunhæfum verkefnum og þannig gera efnið líflegra og skiljanlegra en ella. Síðdegisnámskeiðið verður í Húsi iðnaðarins, en morgunnámskeiðið í Húsi verslunarinnar, 2. hæð. Síðdegisnámskeiðið hefst 28. febrúar og stendur frá 17-20 og morgunnámskeiðið hefst 2. mars og er milli 8.30 og 11.30. Boðið verður upp á léttan málsverð í hléum. Nánari upplýsingar eru á [www.isjuris.is](http://www.isjuris.is)



Anna Linda tengir efnið dæmum úr daglega lífinu.



Ingólfur  
Gissurason  
lögg. fast.sali  
896 5222



Bárður  
Tryggvason  
sölustjóri  
896 5221



Þórarinn  
Friðgeirsson  
lögg. fast.sali  
899 1882



Ellert  
Röbertsson  
sölumaður  
893 4477



Magnús  
Gunnarsson  
sölustj. atvinnuh.  
822 8242



Viggó  
Jørgensson  
lögg. fast-  
eignasali.




Pétur  
Jóhannsson  
sölum.  
Snæfellsbæ.  
S 893 4718



Margrét  
Sigurgeirsdóttir  
ritari



Þóra  
Þorgeirsdóttir  
ritari



Guðrún  
Pétursdóttir  
skjalagerð

**YFIR 100 ÁRA SAMANLÖGÐ REYNSLA VIÐ FASTEIGNASÖLU!**

# Bjarkarás 1-29

**9 íbúðir seldar**

# Garðabæ



Í einkasölu nýjar glæsilegar séríbúðir samtals 30 eignir í sjö 2ja hæða húsum á þessum einstaklega góða stað í Garðabæ. Gert er ráð fyrir að eignirnar verði afhentar fullbúnar án gólfefna með vonduðum innréttingum og flísal. glæsilegt baðherb. Mjög skemmtilega teiknuð hús. Lofthæð neðri hæða er 2,95 m og efri hæðar 2,6 m. Íbúðirnar eru frá 96,7 fm uppí 186,6 fm og fylgir stæði í bílskýli 22 af 30 íbúðum. Sérverönd fullfrágengin fylgir íbúðum neðri hæðar og svalir frá 7,5 -57 fm fylgja íbúðum efri hæðar. Glæsilegt útsýni er úr mörgum íbúðanna. Lóð afhendist fullfrágengin með öllum gróðri en án leiktækja. Byggingaraðili er Tré-mót ehf.

**Lítið á og sjáið glæsilegan vef um eignina með öllum upplýsingum.**

## Vantar strax vegna mikillar sölu

Vegna óvenju mikillar sölu í janúar og febrúar óskum við eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá okkar bæði nýjum og notuðum eignum. Mikil eftirspurn eftir íbúðum í nær öllum stærðarflokkum. Erum með mikla reynslu og erum tilbúin til að vinna vel fyrir þig. Sérhæfður vefur fyrir Nýbyggingar og flott heimasíða selur eignina þína fljótt og örugglega.

**Hafið samband við sölumenn Valhallar**

**Ellert í 893-4477, Þórarin í 899-1882, Ingólf í 896-5222 og Bárð í 896-5221  
 eða á skrifstofu Valhallar 588-4477 Starfsfólk Valhallar.**

# VALHÖLL

## FASTEIGNASALA

### Rauðás - Glæsil. endaraðh. m. frábæru útsýni. *Nýtt í sölu*



Í einkasölu glæsil. innréttað 270 fm endaraðh. á tveimur hæðum m. innb. bílsk. og önnréttuðu rislofti sem gefur ýmsa möguleika. Vandaðar sérsníðnar innr., gegnheilt parket, Suðvestur svalir og sólpallur, 4 stór svefnherb., stór og góð geymsla í garði m. rafmagni. Glæsil. eign á frábærum útsýnisstað. Verð 47 millj. 4499

### Engihjalli - glæsilegt útsýni *Nýtt í sölu*



Í einkasölu falleg, rúmgóð og velskipul. 62 fm íb. á 3. hæð í vestur með stórum svölum meðfram íb. og glæsilegu útsýni. Parket, þvottaherb. á hæðinni, gott nýstandsett lyftuhús. Verð 12,9 millj.

### Grafarvogur - mjög gott endaraðhús. *Nýtt í sölu*



Í einkasölu fallegt nýlegt 133 fm endaraðhús (vesturendi) á góðum rólegum barnvænnum stað. Góðar innréttingar, parket, flísar, snyrting, baðherb. m. sturtu og kári, 3 rúmgóð svefnherb., + unglingsherb. í risi. Afgirt suðvestur verönd og falleg ræktuð lóð. Topp eign á góðum stað. Verð 30,6 millj. 4552

### Möðrufell - mikið endurnýjuð íbúð. *Nýtt í sölu*



Í einkasölu falleg ca 78 fm íbúð á 2. hæð (einn stigi upp) í góðu fjölbýli á útsýnisstað. Endurn. eldhús, skápar og fl. Mjög góð sameign. Suðvesturvalir. Gott hús að sjá. V. 13,9 millj. 4560

### Hrísmóar - efsta hæð m. bílskúr *Nýtt í sölu*



Í einkasölu glæsileg 94 fm íbúð á efstu hæð í fallegu fjölb. ásamt góðum bílskúr. Glæsilegt útsýni. Stórar vesturvalir. Parket, glæsil. eldhús. Mjög góð staðsetning. rétt við mjög góða þjónustu. Áhv. hagst. húsb. lán m. 4,15% vöxtum. V. 24,9 millj. 4526

### Lautasmári - endaíb. efsta hæð. *Nýtt í sölu*



Í einkasölu mjög rúmg. og velskipul 94 fm endaíb. á 3.h. á fráb. útsýnisstað rétt við skóla, íþróttahús og góðar verslanir. Vandaðar innréttingar. Sérþvottahús, rúmgóð herb. bergi, glæsil. flísar. baðherb. Kirsuþ. parket á flestum gólfum. V. 21,9 millj. 4529

### Stærri eignir



**Holtagerði - Þrjár íbúðir.** Vel staðsett ca 260 fm einbýli á tveimur hæðum með tveimur aukaíbúðum sem eru báðar í leigu. Eignin skiptist í 141,5 fm sérhæð með fjórum svefnherbergjum og tvær 3ja herb. íbúðir. V. 52,9 m. 4528



**Laufengi - raðhús á 2. hæðum.** Vorum að fá í einkasölu fallegt velskipulagt raðhús 120 fm á 2. hæðum á mjög góðum stað í Engjahverfi. Örstutt í góða þjónustu í Spönginni, leik, grunn og framhaldsskólar í grenndinni. V. 29,0 millj. 4520



**Kamsvegur - 181 fm sérhæð ásamt bílskúr samt. 220 fm** Í einkasölu glæsil. velskipul. efri sérhæð og ris í þessu fallega tvíb. húsi sem staðs. er á mjög góðum útsýnisstað. 4 svefnherb., 2 baðherb. Rísið var byggt ofaná 1980-82. Stórar stofur. Rúmgóð eign á mjög góðum stað. Glæsil. útsýni. Góður bílskúr. V. 40,0 millj. 4513



**Gnípuheiði - glæsilegt einbýli.** Í einkasölu glæsil. 250 fm einbýlish. á einst. útsýnisstað. Húsið er á 2. hæðum með möguleika á 2ja herb. séríbúð á jarðhæð. Glæsilegar stofur massívt parket. Stórar suðurvalir. Eign á einstökum stað. Verð 69,0 millj. 4045 4045

**Bragagata - einbýli** Mikið endurnýjað 80 fm hús ásamt 20 fm nýbyggðu sérhúsi sem er í dag sem nýtt sem stúdíóíbúð/gæti verið frábær vinnustofa. Möguleiki er að byggja ofan á húsið. Glæsilegt baðherb., parket, 2 svefnherb. Frábær staðsetning í 101. Laust. V. 31,5 m. 4466

**Reynihvammur - Kópav. Einbýli m. aukaíb. á fráb. stað útvið óbyggt svæði.** Gott einbýli með tvöf. bílsk. og aukaíb. á neðri hæð alls 220 fm á fráb. stað í suðurhlíð. Kópav. Fallegt útsýni, upprunal. innréttingar og gólfefni að stórum hluta. Falleg ræktuð lóð og einstök staðsetning. Miklir möguleikar. Ásett verð 44 m., eða tilboð. Skipti möguleikar. á 3ja herb. m. bílsk. í Kópav. 4066

### Snæfellsbær



**Hjarðartún - Snæf. bæ.** Hjarðartún Ólafsvík, efsta hæð í þrjú íbýli. Íbúðin sem er 99,7 fm skiptist í forstofu, þvottahús, þrjú herb. bergi, hol, eldhús, stofu og baðherbergi. Íbúðin er öll með nýlegu parketi á gólfum nema á eldhúsi eru parketflísar og á baði eru flísar á gólfu og veggjum. Húsið er klætt að utan. v. 8,7 millj. 3561



**Snæfellsbær - einbýli** Einbýlishús við Sandholt í Ólafsvík. Húsið er steinsteypt byggt árið 1950 og er 71,5 fm í húsinu eru vatnsloft og gott geymsluloft. Góðir gluggar eru í húsinu og er það klætt að utan. Húsið lítu vel út og lóðin er stór og býður upp á ýmsa möguleika. Verðtilboð **V. 0 m.** 4498



**Grundarbraut - einbýli.** Einbýli á einni hæð við Grundarbraut. Húsið er steinhús byggt árið 1960 og er klætt með Steni-klæðningu og er alls 124,6 fm Verðtilboð **V. 0 m.** 4505

### Sérhæðir og 5-6 herb.



**Baughús - neðri sérhæð.** Stórkostlegt útsýni. Nýtt í sölu. Í einkasölu falleg og velskipul. nýleg 93 fm neðri sérh. í góðu tvíbýli á frábærum útsýnisstað í Grafarvogi. Sérinnangangur og allt sér. Merbau parket, flísar og mikið skáparpláss, baðherb. m. baðkari og sturtu. Sér suðvestur sólpallur með glæsil. útsýni m.a. Rvk, Snæfellsnes, Esja, Sundin og fl. Verð 23,5 millj. 4541



**Baugakór - glæsileg íbúð til afhend. strax. Nýtt í sölu.** Nýkomin í sölu sérlega glæsileg efri 122 fm sérhæð. Fullinnréttað með glæsilegu baðherb. m. hornbaðkari og vönduðu eldhúsi. Til afhend. strax. Sérinnangangur. V. 29 m. 4542



**Holtsbúð - m. bílskúr.** Í einkasölu falleg 140 fm neðri sérhæð ásamt 23 fm bílskúr á frábærum stað. Fallegt hús og garður. Frábær staðsetning. V. 32 m. 4500

**Laugarásvegur - glæsil. útsýni.** Falleg 120 fm hæð ásamt risi á fráb. stað með einst. útsýni yfir Laugardalinn. 26 fm góður bílskúr. Nýtt glæsil. eldhús, parket og fl. Hornbaðkar. Eign sem vert er að skoða. V. 34,5 m. 4451

**Nökkvavogur - laus fljótlega.** Falleg talsv. endurn. miðh. í fallegu húsi á fráb. stað í lok. botni. Tvö svefnherb. á hæðinni og aukaherb. í kj. Endurn. baðherb., parket. Velskipul. íb. V. 21,5 m. Óskað er eftir tilboði í eignina. 4354

### 4ra-6 herb. íb.



**Þórðarsveigur - séringng.** Nýtt í sölu Gullfalleg ný 125 fm íbúð á 1 hæð (gengið beint inn) með séringngangi í vönduðu fjölbýli. 3 góð svefnherb., suðurverönd. Glæsilegt baðherbergi. Mjög rúmgott stæði í bílageymslu og geymsla innaf því. V. 27,9 m 4527

**ESB**  
Tækniflaggskipi  
ýtt úr vör



**NBA**  
Meðalliðið  
metið á  
21 milljarð



**Menning**  
Forsenda sjálf-  
stæðrar tilvistar



12

## Gengisórói að ganga niður

Sérfræðingar telja að markaðurinn hafi brugðist óþægilega hart við skýrslu Fitch í byrjun síðustu viku þar sem breytt var horfum á lánshæfismati ríkisins. Í gærmorgun styrktist gengi krónunnar í kjölfar útgáfu Rabobank á svokölluðum krónubréfum að andvirði nær fimm milljarða króna. Útgáfan er til eins árs og virðist Rabobank því lítið gefa fyrir spár um veikingu krónunnar.



Í síðustu viku veiktist krónan hratt eftir útgáfu skýrslu Fitch og fjárfestar innleystu hagnað til að bregðast við gengistapi. Óróaskotið sem varð í byrjun síðustu viku er gengið til baka að mestu.

Sjá síðu 10 / - óka

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**SS þrefaldar** | Hagnaður SS var 353 milljónir króna á síðasta ári sem er 238 prósent meiri hagnaður en árið 2004. Töluverður hagnaður varð af sölu hlutabréfa.

**Staðfestir mat** | Matsfyrirtækið Fitch staðfesti óbreytt lánshæfismat allra íslensku bankanna í kjölfar fréttar um að fyrirtækið breytti horfum á lánshæfismati ríkissjóðs.

**Færri lán** | Útstandandi lán Íbúðalánasjóðs drógust saman um tæp 13 prósent frá 2004 til 2005, eða um 54 milljarða króna.



Hafliði Helgason  
skrifar

# Exista með Íslandsmet í hagnaði á einu ári

Hagnaður Exista nam 50,3 milljörðum króna í fyrra. Eignarhlutir í Símanum og VÍS eru færðir á kaupverði og því má gera ráð fyrir duldum hagnaði í uppgjörinu.

Exista, fjárfestingarfélag í eigu bræðranna í Bakkavör, KB banka og nokkurra sparisjóða, skilaði samkvæmt heimildum Markaðarins 50,3 milljörðum króna í hagnaði í fyrra. Þetta er mesti hagnaður íslensks félags á einu ári, en fyrra metið átti KB banki sem hagnaðist um 49,3 milljarða í fyrra.

Helstu eignir Exista eru ríflega fimmtungu hlutur í KB banka og tæplega þrjátíu prósent hlutur í Bakkavör. Bæði þessi félög eru skráð á markað og verulegur gengishagnaður var af eign Exista í þeim á síðasta ári.

Eignir Exista námu 162 milljörðum króna og nam eigið fé 96 milljörðum króna í árslok. Það er meira en eigið fé Íslandsbanka í lok árs. Hlutfall eignir fjár er því um 60 prósent sem gefur rými fyrir talsverðar fjárfestingar til viðbótar.

Exista leiddi hóp fjárfesta í kaupum á hlut ríkisins í Símanum og á 43 prósent hlut í fyrirtækinu.

Sá hlutur er samkvæmt heimildum færður á kaupverði og eins mun um 19 prósent hlut í VÍS. Telja má öruggt að í þessum eignum felist dulinn hagnaður, en VÍS hefur eflst til muna frá kaupunum og er gjörbreytt félag að stærð og styrk.


Auk þess á félagið 22 prósent hlut í Medcare Flögu, en það félag hefur gengið í gegnum mikla endurskipulagningu að undanfögnu.

Exista er, auk þess að vera kjölfestufjárfestir fyrrgreindra félaga, með umtalsverðar fjárhæðir á veltubók til stöðutöku og fjárfestinga til skemmri tíma. Félagið keypti nýverið tíu prósent hlut í stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins, Kögun. Síminn hafði skömmu áður keypt 27 prósent hlut í Kögun. Enn á eftir að koma í ljós hvert stefnt er með þeirri fjárfestingu, en líklegt er að Síminn muni stjórna vegferð Kögunar í framtíðinni.

Skráðar eignir Exista hafa hækkað verulega frá áramótum og má gera ráð fyrir að eigið fé hafi aukist um 20 milljarða króna og nemi því um 116 milljörðum króna. Félagið býr því yfir talsverðri ónýttri getu til frekari fjárfestinga.


### GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

Sjá má hvernig krónan veiktist (vísitalan hækkaði) í byrjun síðustu viku.



### ÚRVALSVÍSITALA KAUPHALLAR ÍSLANDS

Þróunin 20.-27. febrúar 2006



**Kaupa félög** | Nýsír hefur tilkynnt um kaup á tveimur dönskum fasteignafélögum og Samson Partners um kaup á helmingshlut í öðru.

**Átta nýjar** | Excel Airways, dótturfélag Avion Group, hefur gengið frá samningi um leigu á átta nýjum flugvélum sem verða allar leigðar til átta ára.

**Spákaupmenn seldu** | Nokkuð var um að spákaupmenn og litlir fjárfestar seldu bréf sín eftir snarþa lækku á markaði eftir að matsfyrirtækið Fitch breytti lánshæfismati ríkissjóðs.

**Gera tilboð** | Öflun, stærsti hluthafinn í norska upplýsingafyrirtækinu Office Line, hefur gert öðrum hluthöfum tilboð í hluti þeirra.

**Mikil eftirspurn** | Á mánudag fór fram fyrsta útboð ríkisvixla samkvæmt nýju fyrirkomulagi og bárust tilboð upp á alls 16 milljarða króna.

# Endurgreiða sér kaupin á verslunarkeðjunni Iceland

Kaupendur Iceland hafa greitt sér upphaflega fjárfestingu til baka og gert upp fjármögnun vegna skuldsettra kaupa við Landsbankann.

Fjárfestar undir forystu Baugs leggja nú lokahönd á að greiða skammtímafjármögnun vegna kaupa á Icelandkeðjunni sem var hluti af kaupum á Big Food Group, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Landsbankinn fjármagnaði kaupin, en fjárfestarnir munu auk þess greiða sér til baka upphaflega fjárfestingu með vöxtum sem nemur 78 milljónum punda eða rúmum níu milljörðum. Algenget er að slíkur árangur náist á tveimur til þremur

árum við skuldsettar yfirtökur af þessu tagi, en innan við ár er liðið frá því að kaupin gengu í gegn.

Baugur, Milestone og Pálmi Haraldsson stóðu að kaupum á Iceland og höfðu með sér stofnanda félagsins Malcolm Walker. Walker hafði verið gagnrýninn á þróun félagsins og hefur nú á innan við ári tekist að snúa rekstri þess í átt að fyrra formi, með þeim árangri að upphafleg fjárfesting verður nú endurgreidd.

Félagið verður nú fjármagnað í samræmi við eðlilegan rekstur. Fjárfestingabankar horfa stíft á hversu vel tekst í slíkum verkefnum og eru fjárfestar metnir eftir slíkum árangri.

Umfang þessara greiðslna er 160 milljónir punda, eða 18 milljarðar króna. Kaupin á Iceland voru talin þau áhættumestu í heildarkaupum fjárfesta á The Big Food Group, en viðsúningur rekstursins hefur gengið betur en nokkurn óraði fyrir.

-hh

Góð  
ávöxtun  
og litil  
áhætta

Peningabréf eru  
áhættuminni sjóður  
Landsbankans. Lágmarkskaup  
eru 5.000 kr. og hægt er að vera  
áskrift að sjóðnum. Gengi  
sjóðsins hefur síðri lækkað á  
milli daga og því hentar hann  
þeim sem fjárfesta til  
stærms tíma og vilja  
líta áhætta.

10,5%

reftalsvaxta á língulífandi  
frá 9. janúar - 1. febrúar 2006

Peningabréf  
Landsbankans

**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluáðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslysingar og útdráttar úr útboðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	-1%	14%
Alfesca	2%	2%
Atorka Group	-2%	-6%
Bakkavör Group	2%	5%
Dagsbrún	2%	11%
Flaga Group	-1%	-16%
FL Group	-2%	39%
Íslandsbanki	7%	20%
KB banki	-2%	28%
Kögun	3%	8%
Landsbankinn	-6%	14%
Marel	5%	5%
Mosaic Fashions	-4%	-8%
Straumur	-5%	23%
Össur	5%	0%

\*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Fjármagna stjórnendakaup í USA

Stjórnendur American Seafood kaupa fyrirtækið með hjálp Íslandsbanka.

Stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækisins American Seafood hafa keypt yfir helming fyrirtækisins ásamt fjárfestum. Íslandsbanki fjármagnar kaupin og nemur umfang viðskiptanna á sjötta milljarð króna.

Íslandsbanki hefur verið að byggja upp sérþekkingu í sjávarútvegi og eru viðskiptin nú afrakstur þeirrar stefnu að sögn Helga Antons Eiríkssonar viðskiptastjóra hjá Íslandsbanka sem hafði umsjón með kaupunum ásamt Tim Spano sem kom

til Íslandsbanka frá Bank of America.

„Við höfum unnið lengi með fyrirtækinu. Þetta fyrirtæki er ekki aðeins eitt stærsta fyrirtæki í heimi, heldur hefur einnig verið mjög vel rekið.“ Hann segir þessi viðskipti styrkja enn stöðu bankans í alþjóðlegum sjávarútvegi.

American Seafood er með höfuðstöðvar í Seattle og veidir fyrirtækið 175 þúsund tonn af alaskaufsa á ári sem er meira í tonnum talið en allur þorskvóti

á Íslandsmiðum. Fyrirtækið veidir árlega þrjátíu þúsund tonn af þorski, auk umfangsmikillar vinnslu og sölustarfsemi.

Íslandsbanki komst fyrst í kynni við American Seafood með þátttöku í sambankaláni, en samstarfið hefur farið stigvaxandi. Bankinn hefur byggt upp mikla sérþekkingu í sjávarútvegi og ráðið til sín jafnt stjórnendur með mikla fjármálaþekkingu og stjórnendur með þekkingu á alþjóðlegum sjávarútvegi.

-hh

## Enginn fær Express

Iceland Express hefur verið tekið úr sölumæðferð hjá KB banka samkvæmt upplýsingum frá bankanum.

Örvar Kærnested hjá fyrirtækjaráðgjöf KB banka segir að töluverður áhugi hafi verið fyrir Iceland Express og hefði verið lítið mál að selja félagið á finu verði. Mikill viðsnúningur varð á rekstri Iceland Express á síðasta ári. Hagnaður varð af rekstri félagsins og búast stjórnendur við því að hann verði fjórfalt meiri á þessu ári eða um 600 milljónir króna.

## Aldrei bjartsýnni

Væntingarvísitala Gallup hækkaði í febrúar um rúmlega ellifu stig og fór í sitt hæsta gildi síðan byrjað var að mæla væntingar neytenda með þessum hætti árið 2001. Í Morgunkorni Íslandsbanka er talið líklegt að mikil umfjöllun um gott gengi íslenskra fyrirtækja í ársbyrjun, hækkanir í Kauphöllinni og umræðan um frekari álversframkvæmdir hafi virkað til hækkunar vísitölunnar.

Mat almennings á núverandi ástandi hækkaði um tæp fimm stig milli mánaða en væntingar til sex mánaða hækkuðu þrefalt meira, eða um rúm fimmtán stig. Mat neytenda á efnahagsástandinu hækkaði tvöfalt meira en mat þeirra á vinnumarkaði, eða um sextán stig á móti átta. Yngra fólk og það tekjuhærra virðist bjart-



ALMENNINGUR HEFUR GÓÐA TRÚ Á EFNAHAGSÁSTANDINU Íslendingar hafa ekki verið bjartsýnni síðan útreikningar á væntingarvísitölunni hófust árið 2001.

sýnna en aðrir. Þannig hækkaði væntingarvísitala fólks með 550 þúsund króna mánaðarlaun eða meira um tæp 19 stig á meðan að væntingar þeirra sem höfðu laun undir 250 þúsund krónum á mánuði jukust aðeins um rúm þrjú stig. - hhs

## Skortur jafngildir vaxtalækkun

Vextir ríkisvixla lækkuðu um rúma 50 punkta frá síðasta útboði, en í gær, þriðjudag, voru boðnir út eins mánaðar vixlar í flokknum RIKV 06 0405. Alls bárust 19 gild tilboð upp á 16 milljarða króna, en aðeins var tekið tilboðum að upphæð fimm milljarðar.

Í vegvisi greiningardeildar Landsbankans segir að mikill skortur sé á skammtíma ríkisbréfum. Eftirþurn eftir ríkisvixlum er sögð hafa vaxið undanfarið en peningamarkaðssjóðir hafi skilað mikilli ávöxtun og vinsældir þeirra aukist. „Meðan Seðlabankinn



berst við að toga upp skammtíma vexti leiðir góð staða ríkissjóðs til hins gagnstæða. Tilgangur með útgáfu ríkisbréfa og ríkisvixla er ekki aðeins að afla ríkinu lánsfjár heldur jafnframt að mynda grunn fyrir verðmyndun á skuldaþréfamarkaði. Ef peningastefna ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans á að hafa áhrif á markaðsvegi þarf að vera nægjanlegt framboð ríkisbréfa,“ segir greiningardeildin og bendir á að samdráttur í framboði ríkisbréfa og -vixla jafngildi á vissan hátt markvissri vaxtalækkun. - óká

## Vilja þrjátíufalda stofnfé

Tveir eiga tæp 10 prósent stofnfjár í SPV. Heimildin yrði nýtt til hugsanlegra kaupa og samruna við fjármálafyrirtæki.

Eggert Þór Aðalsteinsson  
skrifar

Á aðalfundi SPV í næstu viku mun stjórn sparissjóðsins óska eftir því að hún fái heimild til þriggja ára til þess að 30-falda stofnfé hans.

„Stjórnin er að óska eftir heimild til að auka stofnfé sem myndi verða nýtt í tengslum við kaup eða samruna á öðrum fjármálafyrirtækjum og til að styrkja eiginfjárstöðu sparissjóðsins,“ segir Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður SPV, en tekur þó fram að hér sé einungis óskað eftir heimild en engin ákvörðun hafi verið tekin um hvenær hún yrði nýtt. Stofnfé SPV er 3.205 hlutir, eða 131 milljón króna, og getur því farið í 3,9 milljarða nýti stjórn heimild sína að fullu.

Mikil viðskipti hafa verið með stofnfé SPV frá áramótum eins og greint hefur verið frá í Markaðnum. Tæpur helmingur stofnfjár hefur skipt um hendur frá því að MP Fjárfestingabanki hóf að kaupa hluti snemma í desember. Samkvæmt lista yfir stærstu stofnfjáreigendur í SPV eiga Fleða

ehf., félag í eigu Ásgeirs Þórs Árnasonar lögmanns, og MP Fjárfestingabanki hvort um sig tæp tíu prósent stofnfjár. Sólstafr, félag í eigu Þorsteins M. Jónssonar, kemur þar næst á eftir. Íslandsbanki er sá fjórði stærsti og félag í eigu Sparissjóðsins í Keflavík í sjötta sæti.

Þótt tveir aðilar eigi um tíu prósent skiptist stofnfé í SPV á margar hendur og þannig eiga tíu stærstu eigendurnir um 34 prósent stofnfjár. Viðskipti með bréf SPV hafa farið hæst í gengið 70 en það var í kringum 30-35 um síðustu áramót.

Kveðið er á um í samþykktum SPV að hámarkatkvæðisréttur miðist við sex stofnfjárbréf. Jón Þorsteinn segir að þrjár tillögur hafi borist frá þremur aðilum um að f n á m þessa

### TÍU STÆRSTU STOFNFJÁREIGENDUR Í SPV ÞANN 22. FEBRÚAR

	Eignarhluti %
1 Fleða ehf.	9,50% *
2 MP Fjárfestingabanki	9,40%
3 Sólstafr ehf.	6,70% **
4 Íslandsbanki hf	2%
5 Íbúdaleigan ehf.	1,60%
6 Víkur ehf.	1,30% ***
7 Sund ehf	1,30%
8 Guðjón Steingrímsson	0,50%
9 Jóna Gróa Sigurðardóttir	0,50%
10 Kaupthing Luxembourg	0,30%
10 Jón Leví Hilmarsson	0,30%
10 nb.is-sparissjóður	0,30% ****
10 Saxhóll ehf.	0,30% *****

\* Í eigu Ásgeirs Þórs Árnasonar lögmanns  
\*\* Í eigu Þorsteins M. Jónssonar í Víðifelli  
\*\*\* Í eigu Sparissjóðsins í Keflavík  
\*\*\*\* Í eigu SPRON  
\*\*\*\*\* Í eigu Jóns Þorsteins Jónssonar og systkina



## Við viljum að þú nái árangri

„Við vitum að með réttum tækjum og tólum eiga viðskiptavinir okkar meiri möguleika að ná árangri í sinni starfsemi. Okkar markmið er að aðstoða þá til góðra verka enda vitum við velgengni okkar byggist á velgengni viðskiptavinnanna.“

Guðríður Ólafsdóttir  
Yfirmaður fyrirtækjasviðs

LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík  
Sími 540 1500 Fax 540 1505  
www.lysing.is



„Ég sparaði  
tugi þúsunda!“



## Fáðu tilboð á [nb.is](http://nb.is) og lækkaðu yfirdráttarvextina!

Með því að fá tilboð í bankaviðskipti frá Netbankanum færðu helmingi lægri yfirdráttarvexti í sex mánuði. Netbankinn býður betri vexti á yfirdrætti og lífeyris-sparnaði, fjölbreytt lánaúrval og persónulega þjónustu. Netbankinn er fyrir fólk sem er annt um tímann og peningana.

Hafðu samband við þjónustufulltrúa í síma 550 1800 eða sæktu um tilboð á [www.nb.is](http://www.nb.is). Þér verður vel tekið!

[www.nb.is](http://www.nb.is)

 **Netbankinn**  
– með betri vexti

## Methagnaður SPV

Methagnaður varð af starfsemi Sparisjóðs vélstjóra fyrir árið 2005 og jókst hann um 64,6 prósent á milli ára. Nam hann 1.124 milljónum króna að teknu tilliti til skatta samanborið við 682,6 milljónir króna árið 2004. Eigið fé nam 6.088 milljónum króna og hefur vaxið um 1.110,9 milljónir á árinu eða um 22,3 prósent. Arðsemi eiginfjár var 22,6 prósent.

Hreinar vaxtatekjur sparisjóðsins námu 914,9 milljónum króna en voru 865,4 milljónir á sama tíma árið 2004. Lítil vöxtur vaxtatekna skýrist af minni vaxtamun. Aðrar rekstrartekjur

námu 1.457,3 milljónum króna í samanburði við 900,1 milljónir í fyrra og nemur aukningin 61,9 prósentum. Launakostnaður jókst um 8,1 prósent frá fyrra ári og námu greidd laun 443,2 milljónum króna. Annar rekstrarkostnaður minnkaði og nam 355,6 milljónum króna samanborið við 365,1 milljónir í fyrra.

Stjórn sparisjóðsins mun leggja til að 18 prósentu arður verði greiddur á uppreiknað stofnfé auk þess sem nýttar verði heimildir laga um endurmat og viðbótar-endurmat þannig að nafnvöxtun stofnfjár verði 27 prósent. - hhs

## Yfirtökuviðræðum slitið í Low & Bonar

Atorka Group var orðað við félagið

Formlegum yfirtökuviðræðum í Low & Bonar hefur verið slitið eftir margra vikna viðræður stjórnar félagsins og þriðja aðila.

Nafn Atorku Group var nefnt í því sambandi en félagið er stærsti hluthafinn í Low & Bonar með um þriggja milljarða eignarhlut að marksvirði sem samsvarar um 22 prósentum af öllu hlutafé.

Low & Bonar skilaði 3,3 milljarða tapi á síðasta ári sem kemur til vegna sölutaps eigna, það er Bonar Plastic sem var selt til Promens, dótturfélags Atorku.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir (EBITDA) jókst um fjögur prósent og var yfir 1,5 milljarður króna. Velta félagsins nam um 26 milljörðum króna og jókst um þrettán prósent á milli ára. - eþa

## Hagnaður OM eykst

Hagnaður Old Mutual (OM) jókst um 30 prósent milli árunna 2004 og 2005 sem skýrist af miklum vexti á suður-afrískum bankamarkaði í gegnum Nedbank. Var uppgjörið fyrir ofan spár markaðarins en hafði ekki áhrif til hækkunar á gengi bréfa félagsins.

Nam hagnaðurinn 143 milljörðum króna samanborið við 110 milljarða árið 2004.

Straumur-Burðarás á stóran eignarhlut í OM sem félagið eignaðist í skiptum fyrir hlut í Skandia. - eþa



FRÁ FÆREYJUM Föroya Sparikassi skilaði metaföngu árið 2005.

## Methagnaður Sparikassans

Föroya Sparikassi, stærsti stofnfjáreigandinn í SPRON, skilaði methagnaði á síðasta ári eða 1,3 milljörðum króna. Hagnaður fyrir skatta jókst um 47 prósent. Arðsemi eiginfjár eftir skatta var um 12,8 prósent.

„Vaxtamunurinn er lítil og samkeppnin á færeyskum verðbréfamarkaði er hörð. Því getum við ekki verið annað en ánægð með að Sparikassinn skili methagnaði,“ segir Marnar Jacobsen,

forstjóri bankans.

Eignir bankans voru um 90 milljarðar króna í árslok og hækkuðu um þriðjung milli ára. Eigið fé var um 9,6 milljarðar króna.

Þriðjungur af hagnaði bankans kemur erlendis frá en hann hefur vaxið í Danmörku með kaupum á Eik Bank sem áður var Kaupþing í Danmörku. Bankinn stefnir á skráningu í Kauphöll Íslands á næsta ári. - eþa

## Penninn tapaði samningi við ríkið

Penninn féll út úr rammamningi Ríkiskaupa fyrir stofnanir um kaup á ritföngum. Samningurinn veltir um 100 milljónum króna á ári hverju. Penninn hefur tölvusölu í næstu viku.

Óli Kristján Ármannsson  
skrifar

Penninn er ekki með í rammamningi Ríkiskaupa fyrir ríkisstofnanir um kaup á ritföngum og skrifstofuvörum líkt og áður hefur verið, meðan Oddi kemur nýr inn. Samkvæmt útboðsgögnum veltir ritfangahluti rammamningsins um 100 milljónum króna á ári og því ljóst að um er að ræða upphæðir sem skipta máli fyrir rekstur fyrirtækjanna sem þarna komast að.

Nýverið var skrifað undir samninga í rammamnings-útboði Ríkiskaupa á ritföngum og skrifstofuvörum, ljósritunararpappír og gagnageymslum. Tilboðum í ritföng og skrifstofuvörur var tekið frá Office



VALGEIR PÉTURSSON Valgeir sá um útboð Ríkiskaupa vegna rammamninga um kaup á ritföngum og skrifstofuvörum, ljósritunararpappír og gagnageymslum, en þeir voru kynntir nýverið. MARKAÐURINN/STEFÁN

One, Odda skrifstofuvörum og Rekstrarvörum. Tilboðum í ljósritunarvörur var tekið frá Office One, Odda skrifstofuvörum, Rekstrarvörum og Pennanum og um gagnageymslur frá Office One, Odda skrifstofuvörum og Pennanum.

Einar Snorri Magnússon, framkvæmdastóri fyrirtækjaskrifstofu Pennans, segir menn teygja sig ansi langt í afsláttum þegar kemur að ritföngum og gagnrýnir í raun það vægi sem lagt er á verð, á móti þjónustu og gæðum í rammamningnum. „En við erum svo sem ekki að missa svefn yfir þessu, ríkisfyrirtæki kaupa líka töluvert fyrir utan rammamninga.“

Valgeir Óskar Pétursson, verkefnisstjóri hjá Ríkiskaupum, sem sá um gerð rammamningsins segir að frá upphafi hafi verið ljóst hvernig útboðsgögn yrðu metin og sá þáttur kynntur vandlega fyrir bjóðendum, auk þess sem gefinn hafi verið kostur á að koma að athugasemdum. „Penninn nýtti sér það ekki í þessu tilviki. Staðan var bara sú að Penninn var dýrastur allra

bjóðenda,“ segir hann en bætir við að vissulega geti menn verið ósammála um hversu mikið vægi þjónusta eigi að fá á móti verði. „En þarna eru hins vegar tveir aðrir með sama þjónustustig og Penninn,“ segir hann og bætir við að gætt hafi verið að gæðum varnings bjóðenda líka, allir hafi þurft að senda inn sýnishorn. „Við getum ekki samið við menn bara út á að þeir séu stórir og góðir, þeir verða að standa sig í verði líka.“

Einar Snorri segir nýjungar á döfinni hjá Pennanum, en fyrirtækið samdi nýverið við EJS um að í þremur verslunum Pennans yrði á boðstólum tölvubúnaður EJS. „Þetta verður í Hallarmúla 2 í Reykjavík, í Keflavík og líka á Akureyri. Við sjáum um að reka þetta en þeir um vörustýringu og þann hluta,“ segir Einar og bætir við að nýjungin tengist samstarfi Pennans við Símann, því nú geti fyrirtækið boðið í einum pakka, tölvur, internettingar og fleira til. Stefnt er að því að opna tölvusölu í Hallarmúla í lok næstu viku og svo í framhaldinu á hinum stöðunum.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

10,2%\*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

\* Ávöxtun 10,2% m.v. tímabilið 31.12.2005-31.01.2006 fært upp á ársgrundvöll

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðsýsingu eða útdrætti úr útboðsýsingu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI  
- kraftur til þín!



SELJENDUR KYNNA VÖRUR SÍNAR Ríkiskaup héldu fund á Grand hóteli Reykjavíkur með stofnunum og seljendum vara til að kynna nýjan rammamning. MARKAÐURINN/STEFÁN





Endurnýjunar- og  
viðhaldskerfi fyrir þök



# Gerðu eitthvað áður en það er orðið of seint og sparaðu stórfé



Allan sólarhringinn, árið um kring, keppast náttúru-  
öflin við að losa nagla og skrúfur, opna samskeyti og  
tæra yfirborð þaksins. En Pace® þakvarnarkerfið hægir  
svo um munar á tímans tönn og lengir líftíma þaksins  
fyrir mikið minna en það kostar að henda því og setja  
nýtt. Tikk-takk... hringdu núna.



Fáðu þakið metið  
strax í dag þér að  
kostnaðalaus

**517 9177**

pace@coat.is

## Nýr fjármálastjóri Ebay

Bandaríska netuppboðsfyrirtækið Ebay greindi frá því á þriðjudag fyrir viku að nýr fjármálastjóri hefði verið ráðinn til starfa. Fjármálastjórinn heitir Robert H. Swan og var hann áður fjármálastjóri bandaríska ráðgjafafyrirtækisins Electronic Data Systems, sem forsetaframbjóðandinn fyrrverandi og auðmaðurinn Ross Perot stofnaði árið 1962. Um 117.000 manns vinna hjá fyrirtækinu í yfir 50 löndum en tekjur fyrirtækisins námu 20 milljörðum dollara á síðasta ári.



Swan tekur við starfi Rajiv Dutta, fyrrverandi fjármálastjóra Ebay. Ákveðið var að Dutta yrði gerður að forstjóra Skype, sem sinnir fjarskiptum á netinu, eftir að Ebay keypti fyrirtækið um miðjan september á síðasta ári. Swan hóf störf í netgeiranum hjá netversluninni Webvan í hápunkti netbóllunnar árið 1999 og gegndi ýmsum æðstu stöðum hjá fyrirtækinu í 18 mánuði. Webvan varð hins vegar illa úti þegar netbólan sprakk skömmu eftir aldamótin og var lýst gjaldþrota árið 2001. -jab

## Mærsk verðlaunað

Eitt af samkeppnishæfustu fyrirtækjum í Evrópu.

Breska viðskiptablaðið The Financial Times og ráðgjafafyrirtækið Roland Berger Strategy Consultants veittu dönsku fyrirtækjasamteyppunni A.P. Møller-Mærsk evrópsku viðskiptaverðlaunin fyrir að vera eitt af níu samkeppnishæfustu fyrirtækjum í Evrópu í síðustu viku.

Fjárfestingar félagsins á síðustu árum þóttu afar vel heppnaðar, að mati dómnefndar, auk þess sem félagið skilaði góðum hagnaði á síðasta ári.

Jess Søderberg, forstjóri

Mærsk, tók við viðurkenningunni og hafði danska dagblaðið Jyllands-Posten eftir honum að forsvarsmönnum fyrirtækja þætti afar ánægjulegt þegar tekið væri eftir því sem fyrirtæki þeirra væru að gera.

The Financial Times og ráðgjafafyrirtækið skoðuðu samkeppnishæfni 6000 fyrirtækja í Evrópu og völdu níu sterkustu fyrirtækin úr hópnum. Á meðal þeirra voru stálfraðleiðandinn Arcelor, þýski bílaframleiðandinn Audi, þýski efnafram-



SKIP MÆRSK VIÐ BRYGGJU  
NORDICPHOTOS/AFP

leiðandinn BASF, raforkufyrirtækið RWE, norski olíurísinn Statoil, spænska símafyrirtækið Telefónica og svissneski bankinn UBS. -jab

## Kauphegðanin líkari Bandaríkjunum

Sala á PSP-leikjatölvum hefur brugðist í Evrópu. Hér er tölvan vinsæl líkt og í Ameríku og Japan.

Sala á PSP-leikjatölvunni hefur verið langt undir væntingum í Evrópu, meðan tölvuleikjaunnendur í Japan og Bandaríkjunum hafa tekið henni opnum örmum. Hér er sala á tölvunni sögð hafa gengið vel, enda tækni kauphegðun Íslendinga líkari því sem gerist í Bandaríkjunum en í öðrum Evrópulöndum.

Í Danmörku og víðar á Norðurlöndum sá Nordisk Film um sölu og markaðssetningu á PlayStation Portable tölvunni. Í frétt PC World í Danmörku kemur fram að fyrirtækið hafi ætlað að selja 75.000 stykki í Danmörku frá því í september og fram að júlum, en hafi ekki selt nema 35.000 eintök. Haft er eftir Allan M. Hansen forstjóra margmiðlunardeildar Nordisk Film að bið eftir efni fyrir tölvurnar hafi dregið úr sölnunni. „Til dæmis kemur ekki út fyrr en í sumar leikur á borð við Tekken, sem þegar hefur farið sigurför á PlayStation 2,“ segir hann og bætir um leið við að kvikmyndir sem seldar hafi verið fyrir PSP-tölvur hafi verið í dýrari kantinum, eða á svipuðu verði og DVD-myndir.

Arthur Karlsson hjá Sony Center í Kringlunni segir að



SIR HOWARD STRINGER Stringer er formaður og forstjóri Sony, en hann sýnir hér PSP-tölvuna á raftækjasýningunni í Las Vegas í byrjun ársins. NORDICPHOTOS/AFP

þótt sala á PSP-tölvum hafi verið dræm á meginlandi Evrópu hafi sú ekki verið raunin hér, fremur en í Bandaríkjunum og Asíu þar sem markaðurinn hafi staðið fyrir sínu. „Raunar mokseldust þessar tölvur fyrir jólin,“ segir hann og telur kauphegðan fólks hér líkari því sem gerist í Bandaríkjunum.

„Við virðumst frekar horfa til þess sem þar er að gerast. Til dæmis hefur orðið þar mikil endurnýjun tengd flatskjám og plasmaskjónvörpum og sambærileg við það sem þar er að gerast, en engin sprengja í þessu í Evrópu, nema kannski að eins í Bretlandi.“ -óka



# Tækni flaggskipi ESB ýtt úr vör

Á að efla samkeppnishæfni aðildarríkja ESB

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur varpað fram hugmynd um að setja á laggirnar tækni stofnun sem auka muni samkeppnishæfni ESB-ríkja í samfélagi þjóðanna. Það var Jose Manuel Barroso, framkvæmdastjóri ESB, sem greindi frá áætlunum sambandsins á ráðstefnu um upplýsingatækni og frumkvöðlastarf á vegum Microsoft í Lissabon í Portúgal í janúarlök. Sagði hann m.a. að ESB hafi tækniháskólann í Massachusetts, MIT, í Bandaríkjunum að fyrirmynd. Yfirbygging evrópsku tækni stofnunarinnar, sem hlotið hefur heitið EIT (European Institute of Technology), verður fremur lítil í sniðum en hlutverk hennar verður að hafa umsjón með starfi sérfræðingahópa á vegum ESB.

Framkvæmdastjórn ESB ákvað að setja stofnun sem þessa á laggirnar eftir að niðurstöður könnunar bentu til að sárafáir háskólar innan aðildarríkja ESB væru sambærilegir við virtustu háskóla í heimi á tækni sviðinu. Flestir þeirra eru í Bandaríkjunum, samkvæmt könnuninni. Gagnrýnendur EIT óttast hins vegar að rót komist á fjármagn innan ESB og verði styrkveitingar færðar frá öðrum verkefnum á vegum sambandsins til starfsemi á vegum hinnar nýju tækni stofnunar.

„Yfirburðir þurfa flaggskip. Þess vegna þurfa Evrópubúar sterka tækni stofnun þar sem helstu hugsuðir og fyrirtæki í álfunni geta komið saman,“ sagði Jose Manuel Barroso, framkvæmdastjóri ESB, á

miðvikudag í síðustu viku og bætti við að lögð verði áhersla á frumkvöðlastarf hjá tækni stofnuninni.

Jan Figel, sem fer með menntamál á vegum ESB, sagði stofnunina eiga að tengja saman nám, rannsóknir og frumkvöðlastarf. Sagði hann háskóla og aðrar rannsóknarstofnanir í Evrópu hafa ekki náð að tengja þessa þætti saman fram til þessa og því hefðu aðildarríki sambandsins dregist aftur úr öðrum þjóðum.

Chris Patten, fyrrverandi framkvæmdastjóri ESB, sem nú er heidursrektor við Oxfordháskóla í Bretlandi, sagði að framkvæmdastjórn ESB ætti fremur að beina sjónum sínum að því að styrkja rannsóknarstofnanir sambandsins sem nú þegar væru til staðar en að setja enn eina stofnunina á laggirnar. Sagði hann að EIT, sem búist er við að muni kosta um tvo milljarða evra, grafi undan hinu evrópska rannsóknarráði ESB (ERC), sem var stofnað á sínum tíma til að gegna svipuðu hlutverki og EIT.

Að sögn breska ríkisútvarpsins hefur bandaríski hugbúnaðarrísinn Microsoft, finnski farsímaframleiðandinn Nokia og Pirelli á Ítalíu lýst yfir áhuga á evrópu tækni stofnuninni.

Frekari áætlanagerðir um EIT verða ræddar á næsta leiðtoga fundi ESB síðar í mánuðinum.

**JOSE MANUEL BARROSO, FRAMKVÆMDASTJÓRI ESB.** Hann segir nauðsynlegt að setja á laggirnar tækni stofnun innan ESB til að efla frumkvöðlastarf og samkeppnishæfni sambandsins.





# Mark

skrifstofustólar

30%  
afsláttur

Mark 30 Fullt verð 58.900 kr.  
Tilboðsverð **41.230 kr.**





**Á. GUÐMUNDSSON**  
Bæjarlind 8-10 • Kópavogi • Sími 510 7300 • www.ag.is  
STOFNAÐ 1956



## Söluvagnar á göngum Kringlunnar

Kringlan leigir söluvagna í eina til fjórar vikur í senn!

Upplýsingar um verð og leyfilegar vörutegundir veitir þjónustustjóri Kringlunnar í síma 568 9200 eða á netfanginu [soluvagnar@kringlan.is](mailto:soluvagnar@kringlan.is)



## Hnýtt í danska uppboðsvefi

Hagen Jørgensen, umboðsmaður neytendamála í Danmörku, sagði í upphafi vikunnar að mörgu væri ábótavant í tengslum við uppboðsvefi á netinu. „Ég er stórundrandi á því sem við fundum,“ sagði hann og benti meðal annars á að forsvarsmönnum flestra uppboðsvefja hefði verið gert ljóst fyrir tveimur árum að vefirnir heyrðu undir sömu reglugerð og verslanir og því ættu viðskiptavinir þeirra rétt á að skila vörum sem þeir keyptu. Í könnun sem dönsku neytendasamtökin gerðu á síðasta ári kom í ljós að víða var pottur brotinn í sambandi við starfsemi uppboðsvefjanna er varðaði meðal annars greiðslur, endurgreiðslur og sendingar á vörum til fólks. Þá virtist erfiðara að hætta skráningu á uppboðsvef en að skrá sig á hann, að sögn Jørgensens.

# Hversu stór ert þú?



## HÁGÆÐA VÖRUMERKI

### Betri tölvulausnir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

Þegar fjárfest er í tölvulausnum til að mæta vaxandi kröfum neytenda og aukinni samkeppni er nauðsynlegt að velja lausnir sem henta þínu fyrirtækjaumhverfi.

Nýherji býður betri tölvulausnir sem henta litlum og meðalstórum fyrirtækjum afar vel. Betri lausnir sem auka skilvirkni og stuðla að meiri framleiðni starfsmanna en efla að sama skapi öryggi og lækka rekstrarkostnað.



#### SONY VPL-CX20 skjávarpi

Nettur og glæsilegur til að nýta á milli fundarherbergja

- 2000 Ansi Lumen.
- XGA 1024x768 upplausn.
- LCD myndtækni.
- Lampaending 3000 klst.
- VGA og hljóðinngangur.
- Þriggja ára ábyrgð / Þrjú mánuðir á lampaeiningu eða 300 klst.

**Tilboðsverð 129.900 kr.**

Verð 179.900 kr.



#### SONY 42" plasmaskjár

Hagkvæmur skjár til notkunar í auglýsingakerfum og víðar

- Upplausn 852x480.
- VGA inngangur.
- Audio in.
- Speaker out 2x7w, RS232, Control-S.
- S-video, composite.

**Tilboðsverð 189.900 kr.**

Verð 199.900 kr.



#### Canon MF5730 fjölnotatæki

Háhraða geislaprentun, fjölrítun og litaskönnun í einu tæki

- Svarthvít prentun: 20 bls. á mín. í A4.
- Upplausn: 1200x600 dpi.
- Upplausn skanna: 1200x2400 dpi.
- 64MB minni í prentara fyrir hraðvirkari myndaúrvinnslu.
- Arkamatari: 250 bls.

**Tilboðsverð 29.900 kr.**

Verð 44.900 kr.



#### ThinkCentre A52 turrtölva

- Örgjörvi: Pentium 4 640 3,2GHz.
- Minni: 512MB (4GB mest).
- Drif: DVD+/-RW multiburner.
- Diskur: 160GB 7200sn SATA.
- Netkort: 1Gb ethernet.
- Öryggi: Fingrafaralesari og öryggiskubbur.
- Þriggja ára ábyrgð á staðnum.

**Tilboðsverð 94.900 kr.**

Verð 109.900 kr.



#### Canon LBP 3000 geislaprentari

Hraði og gæði í fyrirrúmi

- Svarthvít prentun: 14 bls. á mín. í A4.
- Upplausn: 2400x600 dpi.
- Arkamatari: 150 bls.
- Enginn upphitunartími eða bið.
- Sjálfvirk myndhreinsun.

**Tilboðsverð 12.900 kr.**

Verð 16.900 kr.



#### ThinkVision 17" TFT tölvuskjár

- 1280x1024.
- VGA tengi.

**Tilboðsverð 26.900 kr.**

Verð 31.900 kr.



#### ThinkPad Z60m fartölva

Öflug ferðatölva með breiðtjaldsskjá

- Örgjörvi: Pentium M 750 1,86GHz.
- Minni: 512MB (2GB mest).
- Skjár: 15,4 Widescreen skjár (1280x800).
- Drif: CD-RW / DVD combo drif.
- Diskur: 80GB 5400sn SATA.
- Netkort: 1Gb ethernet / 54Mb þráðlaust / Bluetooth
- Öryggi: Fingrafaralesari og öryggiskubbur.
- Eins árs ábyrgð.

**Verð 164.900 kr.**



#### Canon iP5200R bleksprautuprentari

Glæsilegur þráðlaus prentari

- Svarthvít prentun: Allt að 30 bls. á mín. í A4.
- Litaprentun: Ein A4 bls. á 19 sek.
- Ljósmyndaprentun: 10x15 stærð á 36 sek.
- Upplausn: Allt að 9600x1200 dpi.
- Duplex.
- Arkamatari: 150 bls.
- Tveir pappirbakkar.
- ChromaLife100 kerfi sem eykur endingu ljósmynda.

**Tilboðsverð 19.900 kr.**

Verð 29.900 kr.

Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf við val á réttu tölvulausnunum.

Síminn er 569 7700 og netfangið er [ver@nyherji.is](mailto:ver@nyherji.is)

Söluaðilar um land allt.



**NÝHERJI**

Nýherji hf. • Borgartúni 37 • 105 Reykjavík • Sími 569 7700 • [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is)

## Google komið í vefsíðugerðina

Bandaríska netleitarfyrirtækið Google setti á fimmtudag á laggrinnar enn eina þjónustuna fyrir viðskiptavinum fyrir tækisins. Það nýjasta hjá Google er vefsíðugerð en fyrirtækið hefur sett á stofn vef þar sem viðskiptavinir fyrirtækisins geta búið til sínar eigin vefsíður og vistað þær á netþjóni Google. Vefsíðuforritið, sem heitir Google Page Creator, er enn á beta-stigi, þ.e. tilraunastigi. Þrátt fyrir það geta netverjar valið mismunandi vefsíðusnið, flutt inn efni á vefsvæðið, hlaðið inn myndum og vistað á vefnum. Þjónustan er stórsniðug enda líkt og um framlengingu að ræða á vefdagbókarvefnum Blogger, sem einnig er undir fyrirtækjahatti Google. Rúsinan



í pylsuendanum er hins vegar plássið sem hver og einn hefur yfir að ráða til að vista efni sitt en það er 100 MB.

Til að nýta sér vefsíðubjónustu Google, sem er á slóðinni googlepages.com verða netverjar að fá sér gmail vefpóst og hafa að lágmarki Internet Explorer 6.0 eða Firefox 1.0 netvafra. - jeb

## Staðlastríðið hafið

Japanska hátæknifyrirtækið Sony greindi frá því í gær að það ætli að gefa út fyrstu átta myndirnar á DVD-blágeislaformi (e. Blu Ray) í Bandaríkjunum 23. mars næstkomandi.

Á sama tíma koma spilarar sömu gerðar á markað en átta aðrir mynddiskar líta dagsins ljós í sumar. Tilgangur þessa er að bregðast við HD DVD-spilurum og mynddiskum sem keppinautur Sonys, Toshiba, setur á markað síðar í þessum mánuði.

HD DVD MYNDDISKUR FRÁ TOSHIBA.



## Enn beðið eftir Windows Vista

### Nokkrar útgáfur af stýrikerfi fyrir ólíka notendur.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Microsoft ætlar að gera sex útgáfur af næsta stýrikerfi sínu, Windows Vista. Þrjár útgáfur stýrikerfisins verða fyrir heimili, tvær fyrir fyrirtæki en ein fyrir þróunarlöndin. Enn hefur ekkert verið gefið uppi um útgáfudag Windows Vista en búist er við að stýrikerfið verði sett á markað í lok ársins.

Þróunarferli Windows Vista hefur staðið lengi yfir en um sama stýrikerfi er að ræða og gekk í nokkurn tíma undir heitinu Longhorn. Að því er breska ríkisútvarpið, BBC, hermur mun nýja stýrikerfið vera bylting frá fyrri stýrikerfum Microsoft. Aðallega verður komið til móts við ólíkar þarfir notenda. Þrátt fyrir að nokkrar upplýsingar hafi legið fyrir um stýrikerfið allt frá því það var fyrst kynnt til sögunnar hefur ekkert verið gefið uppi um hvað það muni kosta úr út búið.

Home Basic er ætlað heimilum og fyrir þá sem einungis vilja vafrá um netið, nota tölvupóst og framkvæma einfaldar aðgerðir. Hægt verður að leita að skrá og skjölum í tölvunum með leitarforriti auk þess sem í stýrikerfinu verður öryggishugbúnaður. Í dýrari heimilisútgáfu stýrikerfisins, Home Premium, verður allt sem er í ódýrari útgáfunni en nokkrum atriðum bætt við. Business-útgáfa Windows Vista verður grunnútgáfa fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Enterprise, fyrirtækjaútgáfa stýrikerfisins, mun líka bera svip af grunnútgáfu stýrikerfisins en þar er nokkrar viðbætur að finna, s.s. dulkóðun, sem gerir óviðkomandi erfitt um vik að nálgast gögn í illa fengnum tölvum.

Þá verður hægt að tengja Xbox 360 leikjätölvuna við tölvur með Premium-útgáfu stýrikerfisins og má því nota heimilistölvuna til að spila leiki úr leikjätölvunni.

Gera má ráð fyrir því að dýrasti pakkinn verði Ultimate útgáfan en allar útgáfur stýrikerfisins verða þar saman í einum pakka.

Sjötta og síðasta útgáfa stýrikerfisins er svo



BILL GATES, STOFNANDI OG STJÓRNARFORMAÐUR MICROSOFT. Dregist hefur í marga mánuði að koma nýjasta stýrikerfi fyrirtækisins á markað en vonast er til að það líti dagsins ljós síðar á árinu.

Starter-útgáfan, sem er ætluð mörgum einföldum tölvum í þróunarlöndunum.

Útgáfur Windows Vista verða með öðru sniði í Bandaríkjunum og Evrópu en í evrópsku útgáfunni verður ekki að finna netspilarann Windows Media Player. Er það í samræmi við samkomulag Evrópusambandsins og Microsoft frá því á síðasta ári um að skilja spilarann frá stýrikerfinu.



VOLVO S40

VOLVO V50

VOLVO S60

VOLVO V70

VOLVO S80

VOLVO XC70 AWD

VOLVO XC90 AWD

## SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbilinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka akstursegirleika. Volvo XC70.

### Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjór hjóladrifið er undrataekni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirk meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörmin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálfu. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að billinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðuðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærri en veghæð jeppa.

Skoðuðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörminna í

framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnakka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

### Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bilar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynnr þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leðurefni í stýri, lykklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsaðu um börnin. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.



Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðuðu smáatriðin.

Aflaðu þér frekari upplýsinga [www.volvoo.is](http://www.volvoo.is)



Volvo XC70 AWD bensín. Verð 4.760.000 kr.\*

Volvo XC70 AWD dísil. Verð 5.060.000 kr.\*

# Milljarður laga sóttur á iTunes

Viðskipti með tónlist hefur breyst mikið á síðastliðnum þremur árum.

Tónlistarunnendur hafa sótt einn milljarð laga á þeim þremur árum sem tónlistarsölukerfi iTunes hefur verið starfrækt. Milljarðasta lagið var sótt á vef iTunes í síðustu viku. Það var lagið Speed of Sound af nýjustu geislaflötu Íslandsvinanna í bresku hljómsveitinni Coldplay. Sá sem náði sér í lagið heitir Alex Ostrovsky og er frá West-Bloomfield í Michigan í Bandaríkjunum. Hann náði sér hins vegar í margt fleira en smáskífulag hljómsveitarinnar því ljósin blikkuðu í kerfi iTunes þegar hann hóf að hala því niður.

Í tilkynningu frá Apple segir að Ostrovsky hafi auk lagsins fengið 10.000 dollara inneign hjá iTunes, 20 tommu iMac tölvu og 10 iPod spilara með 60 gb hörðum diskum. Þá ætli Apple að minnst áfangans með styrktarsjóði fyrir nemendur við Juilliard tónlistarskólann í New York,

„Ég vona að sérhver viðskiptavinur, listamaður og forstjóri útgáfufyrirtækis velti



fyrir sér þeim árangri sem við höfum náð á síðastliðnum þremur árum,“ sagði Steve Jobs, forstjóri Apple, í tilefni tímamótanna. „Nú er búið að kaupa meira en einn milljarð laga með löglegum hætti. Þetta er bæði stórt skref í baráttunni gegn ólög-mætri dreifingu á tónlist og merkilegt skref í breytingu á sölu tónlistar á geisladiskum til sölu stafrænnar tónlistar á netinu,“ sagði hann.

-jab

## SÖGUHORNID



VLADIMÍR LENSKI, RÚSSNESKUR FRÉTTAMAÐUR, TEKUR VIÐTAL VIÐ VÉLMENNAÚTGÁFU AF RITHÖFUNDINUM PHILIP K. DICK Á NextFest tæknisýningunni í Chicago í Bandaríkjunum á síðasta ári. Velmennið hefur myndavélur í stað augna til að bera kennsl á fólk.

## Vísindaskáld deyr

Á morgun eru liðin 24 ár síðan bandaríski rithöfundurinn Philip K. Dick andaðist, 54 ára að aldri. Dick fæddist 16. desember árið 1928 í Chicago í Illinois í Bandaríkjunum. Dick og tvíbura-systir hans fæddust sex vikum fyrir tímann og lést systir hans einungis 10 daga gömul. Þrátt fyrir ungan aldur hafði andlát hennar djúpstæð áhrif á hinn unga Philip og koma þau skýrt fram í skáldsagnagerð hans. Skömmu eftir fæðingu barnanna fluttist fjölskyldan búferlum til Kaliforníu og ólst Philip þar upp hjá móður sinni eftir að foreldrar hans skildu.

Dick hóf nám í þýsku við Kaliforníuháskóla en gafst fljótlega upp. Hann var einungis 24 ára þegar hann seldi sína fyrstu smásögu og ákvað hann að gera rithöfundarstarfið að sínu aðalstarfi upp frá því. Það gekk ekki þrautalaust, sér í lagi þar sem hann naut engra vinsælda utan þess sérkennilega hóps sem hafði áhuga á vísindaskáldsög-

um um miðjan 6. áratug síðustu aldar. Þrátt fyrir það var Dick óstöðvandi uppspretta vísindaskáldskapar þar sem vilmenni komu iðulega við sögu.

Fyrsta skáldsaga hans, Solar Lottery, kom út árið 1955 og komu fleiri út eftir það næstum árlega, stundum tvær á ári. Magnið var því líkt sem Dick skildi eftir sig þegar hann lést árið 1982 að útgáfan hélt nær sleitulaust áfram allt til 1988. Það er næsta sorglegt frá því að segja að nafn Philips K. Dick var ekki þekkt fyrir en kvikmyndir voru gerðar eftir nokkrum bókum hans og smásögum. Ber þar m.a. að nefna myndirnar Bladerunner, sem er gerð eftir bókinni Do Androids Dream of Electric Sheep? og Minority Report eftir samnefndri smásögu hans. Þá mun bandaríski leikstjórinn Richard Linklater vera að vinna að teiknimynd eftir einni vísindaskáldsögu Dicks, A Scanner Darkly, og verður hún frumsýnd síðar á árinu.

## Óvætur narta í Apple

Sérfræðingar hjá Apple hafa uppgötvað alvarlegan öryggis-galla í hugbúnaði Apple-tölva. Gallinn felst í því að þegar notendur hala niður skrá af netinu geta þeir óafvitandi opnað bakdyr á tölvum sínum og hleypt tölvuþrjótum inn. Sérfræðingarnir benda engu að síður á að þótt svo virðist sem enginn tölvuþrjótur hafi nýtt sér gallann þá ætti illa þokkuðum einstaklingum að vera það í lófa lagið að búa til kóða sem getur nýtt sér bakdyrnar. Gallar á borð við þennan eru afar fátíðir í hugbúnaði Apple en fram til þessa hafa þrír öryggis-gallar fundist sem tölvuþrjotar geta nýtt sér.



Öryggisgallar hafa ekki plagað Apple-eigendur fram til þessa. Að sögn breska ríkisútvarpsins, BBC, felst gallinn í því hvernig stýrikerfi Apple, OS X, skynjar skrár sem halað er niður af netinu. Stýrikerfið skynjar sumar færslur sem myndaskrár með endinguna .jpg. Illa þokkaðir einstaklingar geta hins vegar látið stýrikerfið skynja skrárnar sem myndir en haft kóða á bak við myndirnar sem opnar bakdyr inn í tölvuna. Eigendur Apple-tölva geta þrátt fyrir þetta andað léttar því afar litlar líkur eru á að vírusinn valdi usla. Ástæðan er sú að um er að ræða uppgötvanir innan veggja fyrirtækisins en þar er allt gert til að fylla upp í öll göt í OS X stýrikerfinu áður en tölvuþrjótum tekst að nýta sér þau.

-jab

**IMAC FRÁ APPLE** Óvætur hafa sjaldan gert vart við sig í hugbúnaði Apple. Sérfræðingar fyrirtækisins reyna iðulega að loka öllum leiðum fyrir tölvuþrjóta áður en hugbúnaðurinn fer á markað.



**VOLVO**

for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!



Öruggur staður til að vera á



**MIÐLARAR AÐ STÖRFUM Í KAUPHÖLLINI Í NEW YORK** Gengi bréfa á markaði sveiflast víðar en á Íslandi. Á fimmtudaginn í síðustu viku lækkaði gengi bréfa í Kauphöllinni í New York þegar fjárfestar innleystu hagnað fyrirtækja í iðnvísitölu Dow Jones, sem höfðu ekki farið hærra í fjögur og hálf ár. NORDICPHOTOS/AFP

# Smærri fjárfestar vildu selja strax

Sérfræðingar í bankakerfinu telja að misskilnings hafi gætt í mati á lánshæfi ríkisins í skýrslu matsfyrirtækisins Fitch. Ofsafengin viðbrögð markaðarins við skýrslunni, fall á gengi krónunnar og hlutabréfaverði, grefur samt undan trausti á honum. Fyrir sléttri viku titraði fjármálakerfið af spenningsi.

**Óli Kristján Ármannsson**  
skrifar

Við opnun markaðarins á miðvikudagsmorguninn fyrir viku var ekki laust við að færi um marga miðlara og sérfræðinga fjármálageirans hér þegar niðurdýfa hlutabréfa og gengis krónunnar frá því deginum áður hélt áfram. Sumir hverjir óttuðust hrún í Kauphöllinni, enda voru hringjandi inn fjárfestar og vildu selja bréfin sín. Þegar leið á morguninn kom svo í ljós að ótti um hrún reyndist ekki á rökum reistur, verð hlutabréfa fór hækkandi á ný, krónan tók að jafna sig og núna er nánast eins og ekkert hafi gerst. Markaðurinn tók skarpa niðurdýfu, krónan veiktist og ákveðinn hluti fjárfesta, bæði hér heima og erlendis, rauk til og seldi bréfin sín af ótta við mikið tap.

Niðursveiflan á þriðjudag og miðvikudag í síðustu viku hófst eftir að matsfyrirtækið Fitch birti, laust fyrir hádegi síðasta þriðjudag, skýrslu þar sem fram kom að horfum fyrir lánshæfismat ríkissjóðs Íslands vegna skuldbindinga í innlandi og erlendri mynt hafi verið breytt úr stöðugum í neikvæðar. Í framhaldinu kom í ljós að skýrslan var ef til vill ekki nægilega ígrunduð að hluta þegar sama matsfyrirtæki staðfesti lánshæfismat íslensku bankanna allra, en fyrri skýrslan lét að því liggja að ríkissjóður gæti tæpast stutt við bankana ef illa færi í þeim geiranum. Sveiflur á mörkuðum eru algengar en sterk viðbrögð markaðarins við fyrri skýrslu Fitch á þriðjudaginn þykja hins vegar dálítið ugðvænleg og grafa undan væntingum um mjúka lendingu þegar að því kemur að krónan taki að

veikjast, líkt og búist er við að hún geri á seinni hluta þessa árs.

## ATBURÐARASIN Í HNOTSKURN

„Þetta byrjaði á mikilli veikingu á krónunni og þá voru náttúrulega strax einhverjir sem tóku að flýja úr erlendri fjármögnun,“ segir verðbréfamiðlari sem leitað var til. „Svo áttuðu náttúrulega einhverjir sig á því að þetta gæti haft áhrif á fjármögnun bankanna og þetta hafði áhrif hjá ákveðnum hópi sem vill losa um fjárfestingar vegna þess að eitthvað sé farið af stað. Þetta heldur svo áfram á miðvikudeginum, en við opnun markaðarins þá byrjaði hann á því að lækka mikið.“ Núna er mat manna að úr hafi orðið nokkuð ódagot, gengi FL Group fylgdi lækkan á gengi bankanna, enda félagið með eignir bæði í Íslands- og KB banka. „En svo áttuðu menn sig á því að þetta væri komið í rugl bara og eftir hádegið á miðvikudeginum var rólegri yfir.“ Á fimmtudeginum rétti markaðurinn svo úr sér á ný, en þá fannst um leið miðlurum og sérfræðingum greiningardeilda að hann kæmi fullsterkur til baka, hækkaði um þrjú prósent. Á móti er bent á að á ákveðnum tímamarki í lækkuuninni, sem ef til vill átti ekki fyllilega rétt á sér, hafi myndast kaupþækifæri sem menn hafi svo áttað sig á. Síðan hefur markaðurinn leitað jafnvægis á ný.

Þegar horft er til baka er það mat manna að niðursveiflan hafi skýrst af viðbrögðum smærri fjárfesta sem jafnvel höfðu fjármagnað kaup sín á bréfum með erlendum lántökum. Sá hópur mun að einhverju leyti hafa „farið á taugum“ og hljóp út þegar gengið lækkaði. Ljóst er að sömu fjárfestar hefðu grætt á því að halda ró sinni,

enda seldu sumir þegar gengi bankanna var lágt og krónan lág. Lægst fór gengi KB banka niður í 890, en þá stóð vísitöluskráning krónunnar rétt yfir 110 og gengi KB banka liggur nálægt 960. Það er hins vegar alltaf auðvelt að vera vitur eftir á og ljóst að nokkuð mikill ótti greip um sig á markaðnum og keðjuverkun fór í gang. „Það er náttúrulega bara hringt í okkur og við beðnim að losa ákveðnar stöður,“ sagði einn miðlari. „En það voru kannski ekki stærstu stöðurnar.“ Sá sagði að stundum væri viðskiptavinum ráðlagt að hinkra aðeins, líkt og á miðvikudagsmorguninn þegar óvíst var í hvaða átt markaðurinn myndi þróast. „En við erum náttúrulega að eiga við fagfjárfesta sem eru með jafngóðar eða betri upplýsingar en við um markaðinn. Ef þannig aðili hringir og vill selja, þá náttúrulega fær hann að gera það.“

## RAUNHÆFARA STÖÐUMAT

Seinni partinn á miðvikudaginn hélt Fitch símafund, en þá hringdu inn fjárfestar og greinendur sem þátt vildu taka og fara yfir stöðuna hér. Þar segja sérfræðingar að fram hafi komið ákveðin mótsögn í málfutningi matsfyrirtækisins varðandi mat þess á skuldastöðu þjóðarbúsins. Jafnframt hafi menn áttað sig á að varnaðarorð úr fyrri skýrslu Fitch höfðu öll komið fram áður og að þar væri ekki neinar nýjar upplýsingar að finna.

Þegar fyrirtækið staðfesti svo um miðja vikuna lánshæfismat bankanna benti það á að starfsemi þeirra væri að stórum hluta erlendis og því um alþjóðlegar lánastofnanir að ræða. Skellur í íslenska hagkerfinu hefði því minni áhrif á starfsemi bankanna en ætla mætti í fyrstu. Af útlán-

um bankanna eru 35 til 70 prósent í útlöndum. Í skrifum greiningardeildar KB banka í síðustu viku er orð haft á misræminu í úttektum Fitch þar sem annars vegar bendi Íslandssérfræðingur fyrirtækisins á mikla óvarða erlenda skuldastöðu sem áhyggjuefni um leið og bankasérfræðingurinn telji ekki nokkra ástæðu til að hafa áhyggjur af skuldastöðu bankanna, enda séu ekki nema um 5 til 10 prósent af heildar erlendum lántökum þeirra óvarðar. „Stór hluti erlendra skulda íslenska þjóðarbúsins eru tilkomnar vegna bankanna og mikils vaxtar þeirra. En eins og fram hefur komið eru íslenskir bankar alþjóðlegir og hlutfallslega mjög stórir miðað við smæð íslenska hagkerfisins. Stór hluti erlendra lántöku íslenskra banka er endurlánaður til erlendra fyrirtækja og því tengjast þær ekki íslensku hagkerfi á nokkurn hátt þótt bankarnir séu skráðir á Íslandi. Jafnframt kemur fram að mjög virk áhættustýring er hjá innlendum innlánsstofnum og betri en í mörgum nágrannalöndum okkar. Margt bendir til þess að Íslandssérfræðingur Fitch hafi ekki kynnt sér stöðu mála nógu vel,“ segir greiningardeildin.

## VIÐSKIPTI HALDA ÁFRAM

Sérfræðingar á markaði eru þó sammála um að umræða í erlendum miðlum í niðursveiflunni kunni að hafa slæm áhrif og mikil fullyrðingaleði, sérstaklega í dönskum fjölmiðlum. „Maður skynjar þetta á Dönum sem fjalla að hafa mikið um auknar fjárfestingar Íslendinga þar og þeir náttúrulega gripu þetta á lofti, enda líta svona sveiflur ekki vel út,“ sagði verðbréfamiðlari sem taldi að umræðan kynni að verða til þess að bankarnir ættu erfiðara með að afla

peninga í skuldafjárútböðum á erlendum mörkuðum. Á móti kemur að margir sem fjárfest hafi hér, sumir erlendir sjóðstjórnar og fleiri, eru sagðir mjög vel upplýstir um aðstæður og þykja hafa allt á hreinu. Umfjöllun á borð við þá sem fór af stað í síðustu viku kann því að hafa minni áhrif en ella. Á símafundi Fitch á miðvikudaginn kom enda í ljós að þar heyrðust gagnrýnisráddir erlendis frá sem bentu á annmarka í umfjöllun Fitch.

Núna telja sérfræðingar nokkuð auðan sjó framundan og að viðskipti haldi áfram á markaði líkt og ekkert hafi í skorist. Bent er á að sveiflan sem hér varð í síðustu viku sé ef til vill ekki svo mikil, til dæmis í samanburði við hin Norðurlöndin. Viðbrögðin hafi verið nokkuð sterk, en ef til vill hafi ekki verið við öðru að búast vegna þess hve markaðurinn hefur hækkað gríðarlega mikið og krónan búin að styrkjast linnulítið í fjögur ár. Alveg ljóst þykir að koma þurfi til aðlögunar á gengi krónunnar, en slæmt þykir ef sú aðlögun verður í einhverjum heljarstökkum. Því hafi ef til vill ekki verið skritið að á miðvikudagsmorguninn fyrir viku hafi einhverjir tekið að svitna þegar krónan byrjaði á að veikjast um fimm prósent.

Í byrjun þessarar viku sagðist greiningardeild Íslandsbanka ekki gera ráð fyrir verulegum breytingum á hlutabréfaverði, enda hafi mörg fyrirtæki birt afkomutölur sínar og tími aðalfunda standi yfir. Þróun krónunnar komi þó til með að hafa áhrif á verð hlutabréfa vegna þess að fjárfestar hafi í miklum mæli fjármagnað hlutabréfa kaup í erlendri mynt. „Þegar gengi krónu lækkar, hækka skuldir fjárfesta og þá aukast líkurnar á hagnaðartöku,“ segir greiningardeildin, en telur líklegt að sú atburðarás hafi þegar átt sér stað í síðustu viku þegar gengið lækkaði í kjölfar skýrslu Fitch. Núna segir deildin horft til tilkynningar Alcoa varðandi byggingu álvers á Norðurlandi, en hún gæti haft áhrif á gengi krónunnar, en verði hún til að veikja krónuna má gera ráð fyrir að einhverjir fjárfestar selji bréf sín til að verjast gengistapi.

B+V Simplex

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

A góðumjámum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ  
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

# ÚTSALA 20 - 70% afsl.

www.1928.is

## VERÐSPRENGJA Í MARS



Kommóða Stór  
H 91cm x B 92 cm  
Verð áður 19.000  
Verð nú 9.900



Handklæði með hekludum  
bekk, 110 cm X 60 cm  
Verð áður 1.400  
Verð nú 840

Kollur  
Hæð 46cm  
Verð áður 2.900  
Verð nú 2.300

Lyklaskapur  
H 36 x B 24cm  
Verð áður 2.500  
Verð nú 1.990

Hálfmáni  
H 70cm x B 58cm  
Verð 9.900  
Verð nú 5.900



Skartkistill  
H 20cm x B 30 cm  
Verð áður 2.500  
Verð nú 1.900

Blaðakarfa  
H 32cm x B 35 cm  
Verð áður 2.900  
Verð nú 2.300



Hornhilla úr járni  
H 180 x B 60  
Verð áður 17.500  
Verð nú 13.900



Járnhilla 4 hillur  
H 159 x B 64 x D 25  
Verð áður 17.500  
Verð nú 13.900



Blaðagrind úr járni  
H 81 x B 32  
Verð áður 4.900  
Verð nú 3.900



Handheklæðir púðar  
m/fyllingu  
Áður 995  
Verð nú 495



Blaðagrind úr  
smíðajárni  
H 110cm x B 38cm  
Verð áður 6.900  
Verð nú 4.900

Spegill  
55cmx67cm  
Verð áður 7.000  
Verð nú 3.900



Hringhilla úr  
smíðajárni  
H 140cm x B 33 cm  
Verð áður 8.900  
Verð nú 5.900

Ping Fang ( skilrúm )  
Hæð 180cm x b120cm  
Verð áður 19.000  
Verð nú 9.900



Stór kommóða 90cmx80cm  
Verð áður 19.900 Verð nú 9.900



Náttborð : h70cmxd40cmxb50  
Verð áður 11.900  
Verð nú 5.900



Ping Fang úr basti með  
lérefti og vösum 50%afsláttur  
Verð frá 3.500



2 fyrir 1  
Veggklukka  
H 35 x B 30  
Verð 1.700

Kistlar  
Stór hæð 50 x 75  
Verð áður 9.900  
Verð nú 7.900  
Mið hæð 38 x 65  
Verð áður 7.900  
Verð nú 5.900  
Lítill hæð 28 x 55  
Verð áður 5.900  
Verð nú 4.900



# 1928


VERSLUN • VÖRUHÚS



Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480

Opnun • 10-18 mánudaga til laugardaga og 13-18 sunnudaga

**LEBRON JAMES GRÍÐARLEG-UR FENGUR** Verðmæti Cleveland Cavaliers hefur aukist gríðarlega eftir að LeBron James var valinn til liðsins. Tekjur af miða- og auglýsingasölu hefur vaxið mikið vegna hans. Við hlið James í gulum búningi stendur Kobe Bryant, stigakóngur NBA.



## Meðallið í NBA metið á 21 miljarðum

Vöxtur bandarísku atvinnumannadeildarinnar í körfuknattleik virðist óendanlegur. New York Knicks deildarinnar og skilar mestum tekjum þrátt fyrir hrakfarir á vellinum. Phoenix Suns skilar mestum reki Forbes en Portland Trail Blazers mestu tapi. *Eggert Þór Aðalsteinsson* rýnir í peningahliðina á NBA.

Þrátt fyrir að þekktar kempur hafi á undanföllum árum lagt skóna á hilluna dregur fátt úr vexti NBA-deildarinnar og malar hún gull á öllum vígstöðum.

Ýmsar ástæður eru fyrir því. Þegar deildin gerði sjónvarpssamning við fjölmiðlarisana Walt Disney og Time Warner jukust sjónvarpstekjur hennar um fjórðung frá fyrri samningi. Nýjar stórstjórnur eins og LeBron James og Dwayne Wade hafa ruðst fram á sjónarsviðið og flutningur liða frá litlum markaðssvæðum til tekju-meiri svæða eykur virði deildarinnar og liðanna.

Þá er útrás NBA ekki síður veigamikill þáttur í vexti hennar en deildarleikjum er sjónvarpað til 215 landa. Mikill áhugi er fyrir NBA í Evrópu en nú sjá forráðamenn NBA-deildarinnar fram á mikil tækifæri annars staðar og að velta deildarinnar á körfubolta-varningi verði meiri í Kína en Bandaríkjunum innan fárra ára. „Í raun og veru sjáum við engan endi á vextinum hér,“ segir Mark Fischer, sem fer fyrir NBA-deildinni í Kína.

Forbes hefur tekið saman verðmæti, tekjur, launakostnað og aðrar tölur úr rekstri þeirra 30 liða sem spila í NBA-deildinni. Meðallið í NBA var metið á 21 milljarð króna á síðasta keppnistímabili sem var nú prósentu aukning frá fyrra leikári. Heilarvirði allra NBA-liðanna er um 645

milljarðar króna sem samsvarar verðmæti KB banka.

Þar sem NBA-liðin eru ekki skráð á hlutabréfamarkað byggjast útreikningar Forbes bæði á huglægum og fjárhagslegum þáttum er snúa að staðsetningu og markaðssvæði, stöðu körfubolta gagnvart öðrum íþróttaliðum á því svæði sem liðið er staðsett, samningum við styrktaraðila og auglýsendur og síðast en ekki síst samningum félaganna við íþróttahallirnar. Íþróttahúsin eru ýmist í eigu liðanna sjálfra eða leigð út til þeirra. Ljóst er að íþróttahöll í eigu liðs getur skapað gríðarlegar aukatekjur ef samningar nást við lið úr öðrum íþróttagreinum eins og íshokki auk annarra viðburða.

### MÖRG LIÐ SKILA TAPI

Þótt gríðarlegir peningar komi við sögu í NBA þá er ekki þar með sagt að rekstur allra liða gangi eins og í sögu. Ellefu lið af 30 skiluðu tapi af reglulegri starfsemi keppnistímabilið 2004-2005. Phoenix Suns, sem átti góðu gengi að fagna á síðustu leiktíð, skilaði mestum rekstrarhagnaði fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) á síðustu leiktíð eða rúmum 2,6 milljörðum. Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum hjá Suns var einnig það lægsta af öllum NBA-liðum.

Portland Trail Blazers tapaði hins vegar mestu eða yfir tveimur milljörðum króna. EBITDA gefur oft sterkar vísbendingar um endanlega niðurstöðu rekstrarins og segir mikið til um hæfi félaganna til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum.

Til að reka NBA-lið með góðum hætti þarf að finna rétt samband af launagreiðslum til leikmanna og heildartekjum. Best reкну liðin eiga það sammerkt að laun eru um helmingur af tekjum þeirra.

Í fyrrasumar gerðu NBA-deildin og verkalýðsfélag leikmanna með sér samkomulag um að 57 prósent tekna félaganna rynnu til leikmanna. Ef launin fara umfram þetta mark hafa leikmenn skuldbundið sig til að greiða viðbótina til baka og rennur sú fjárhæð inn á geymslureikning. Launakjör NBA-leikmanna hafa batnað hröðum skrefum á undanföllum fimmtán árum. Þannig voru þeir launahæstu um 1990 með 3 til 4 milljónir dala í árslau en sumir af toppunum í dag eru með margra ára milljarða samninga. Shaquille O'Neal er launahæstur á þessari leiktíð með um 20 milljónir dala fyrir leiktíðina.

### KNICKS STÆRSTIR

Þrátt fyrir hörmulegt gengi New York Knicks innan vallar á undanföllum árum fylgja kröfuharðir stuðningsmenn liðinu sínu í gröfina. Knicks er verðmætasta lið NBA að mati Forbes. Félagið, sem varð síðast NBA-meistari árið 1973, er metið á rúma 543 milljarða dala, það er 36 milljarða króna, og byggist verðmætið að stórum hluta á því að eigendur liðsins eiga jafnframt Madison Square Garden, hina heimsfrægu íþróttahöll.

New York Knicks er í eigu Cablevision Systems sem keypti liðið árið 1997 fyrir 300 milljónir dala. Félagið er tekjuhæsta félagið í NBA og fékk 181 milljón dala í tekjur á

**Launakjör NBA-leikmanna hafa batnað hröðum skrefum á undanföllum fimmtán árum. Þannig voru þeir launahæstu um 1990 með 3-4 milljónir dala í árslau en sumir af toppunum í dag eru með margra ára milljarða samninga. Shaquille O'Neal er launahæstur á þessari leiktíð með um 20 milljónir dala fyrir leiktíðina.**





# ljard króna

er verðmætasta félag NBA  
rekstrarhagnaði samkvæmt

síðasta ári sem er átján prósentum meira en næsta lið. Miðaverð er hátt á heimaleikina, sæti við völlinn kostar yfir 120.000 krónur á leik, og ársmiði í lúxussvítu kostar um 30 milljónir króna. Samningar við styrktaraðila gefa einnig vel af sér.

Ennækier allt gull sem glóir. Launakostnaður er í engu samræmi við spilamennsku innan vallar. Á þessari leiktíð greiðir félagið yfir átta milljarða í laun, sem er það mesta í deildinni, auk þess sem hár reikningur frá skattayfirvöldum er á leiðinni. Forbes spáir því að Knicks muni tapa þremur milljörðum króna á yfirstandandi leiktíð.

## VELGENGNI BÝR TIL PENINGA

Ekki kemur á óvart að stórveldið Los Angeles Lakers komi næst á eftir Knicks en þessi tvö félög bera fjárhagslega höfuð og herðar yfir önnur félagslið. Jerry Buss eignaðist Lakers árið 1979 fyrir aðeins 20 milljónir dala um sama leyti og Magic Johnson gekk í liðið og hefur séð félagið margfaldast í verði. Lakers hefur verið sigursælasta lið NBA undanfarna áratugi og hampaði titlinum á árunum 1999-2001. Þessi mikla velgengni í úrslitakeppnum hefur skapað félaginu miklar aukatekjur umfram keppinautana og gert það að því arðsamasta. Til dæmis eru skuldir þess ekki nema einn tíundi af áætluðu markaðsverði.

Félagið leigir aðstöðu í Staples Center og þarf að borga háa leigu. Stærstur hluti tekna af miðasölu fer beint í vasa leigusalans Philip Anschutz sem á um 30 prósentu hlut í Lakers auk þess að eiga íshokkiliðið L.A. Kings.

## 400 MILLJÓNA DALA HÓPURINN

Fjögur lið eru metin á yfir 400 milljónir dala, Houston Rockets, Chicago Bulls, Dallas Mavericks og Detroit Pistons.

Verðmæti Houston Rockets byggist að hluta til á tíu ára sjónvarpssamningi sem það og hafnaboltið Houston Astros gerðu árið 2004 og er metinn er á 600 milljónir dala.

Chicago Bulls hefur ekki riðið feittum hesti eftir að Michael Jordan yfirgaf meistaraliðið árið 1998 en samt sem áður hefur liðinu tekist að halda miðaverði óbreyttu allan þennan tíma. Stjórnendum hefur einnig tekist að halda launakostnaði í skefjum sem er sjaldgæft afrek nú á síðustu og verstu tímum.

Dallas, sem er í eigu hins umdeilda Marks Cuban, hefur risið úr öskustónni á síðustu árum þökk sé öflugum markaðsstarfi, frábærum heimavelli og góðu liði. Liðið losaði sig við Michael Finley og sparar sér yfir 50 milljónir dala í skattgreiðslur á næstu árum. Fastlega er búist við miklum viðsnúningi í rekstri þess eftir mikið rekstrartap á síðasta keppnistímabili.

Tvö af sigursælustu félagsliðum seinni ára, Detroit Pistons og San Antonio Spurs, sitja í 6. og 12. sæti og sjá fram á góða tíma, enda eru þetta mjög vel rekin félög og hafa innanborðs öflug og óeigingjarna leikmenn. Launakostaður þessara félaga er um 43 prósent af heildartekjum sem er ekki mikið í ljósi þess að hér er um tvö af bestu liðum NBA að ræða.

Öldungurinn William Davidson keypti Pistons árið 1974 fyrir átta milljónir dala og getur því vart kvartað yfir uppskerunni. Hann á félagið skuldlaust. Detroit hefur verið að bæta við sig tekjum af miðasölu og miðaverð fer hækkandi í bílaborginni vegna frábærs árangurs.

## RÉTTIR LEIKMENN BREYTA MIKLU

Miami Heat hefur rokið upp lista Forbes á síðustu árum, aðallega eftir að tröllið Shaquille O'Neal kom frá Lakers árið 2004. Verðmæti félagsins jókst um 30 prósent milli leiktíða. Þótt O'Neal sé kominn af léttasta skeiði hafði koma hans veruleg áhrif á rekstur liðsins, bæði á miðasölu og sölu á auglýsingasamningum. O'Neal fær 20 milljónir dala á þessari leiktíð og er fyrir vikið sá hæst launaði í deildinni.

Annar klúbbur sem naut góðs af nýjum leikmanni er Cleveland Cavaliers en verðgildi þess hefur aukist eftir að stórstjarnan LeBron James hóf að spila með því. Þrátt fyrir ungan aldur hefur LeBron verið settur á sama stall og Michael Jordan – ef það er hægt. Daniel Gilbert eignaðist Cavs um svipad leyti og James var að stíga sín fyrstu skref og veðjar á að ungi maðurinn leiði félagið til fyrirheitna landsins í fyrsta sinn.

Næst á eftir Cavs kemur Boston Celtics, hið fornfræga og sigursæla lið, sem má muna sinn fífil fegri. Liðið sætir mikilli samkeppni frá sigursælum borgarliðum úr hafnabolta og amerískum fótbolta og hefur dregið úr aðsókn á leiki Celtics.

Ekkert lið hefur verið lengur í eigu sama aðila og Washington Wizards. Eigandi þess, Abe Pollin, keypti félagið árið 1964 fyrir aðeins eina milljón dala en verðmæti þess í dag er yfir 300 milljónir dala eða um 20 milljarðar króna! Til greina kom að Michael Jordan keypti hlut í Wizards en ekkert varð úr því. Það hafði hins vegar lítil áhrif á rekstur félagsins á síðustu leiktíð og komst liðið í aðra umferð úrslitakeppinnar í fyrsta skipti í langan tíma.

## LIÐIN Í KJALLARANUM

Listinn bendir óneitanlega til þess að félagslið frá stærri borgum séu verðmætari en lið frá smærri markaðssvæðum. Gott eða slæmt gengi virðist ekki endilega skila sér eins og sannast í tilviki Knicks. Þannig eru sigursæl lið í gegnum tíðina, til dæmis Utah Jazz, Portland Trail Blazers og jafnvel Seattle SuperSonics, mjög neðarlega á lista, enda gefa samningar af íþróttaleikvöngum og styrktaraðilum minni fjárhæðir. Utah Jazz hefur ekki náð sér á strik eftir að tvíeykið ótrúlega, John Stockton og Karl Malone, yfirgaf herbúðir félagsins og hafa tekjur af miðasölu dregist saman. Trail Blazers, sem eru í eigu milljarðamærings Pauls Allen, eins stærsta hluthafans í Microsoft, er í næstsíðasta sæti. Félagið er metið á 227 milljónir dala (14,8 milljarða króna), en ekkert lið í deildinni skilaði meira tapi af reglulegri starfsemi keppnistímabilið 2004-05.

Los Angeles Clippers hefur verið versti brandarinn í Englaborginni svo árum skiptir. Þrátt fyrir ömurlengt gengi innan vallar hefur félagið verið rekið með hagnaði en eigandinn Donald Sterling heldur fast um budduna. Þetta kann nú að breytast; launakostnaður hefur rokið upp og árangurinn sömuleiðis.

Botnsætið vermir New Orleans Hornets en félagið leikur í Oklahoma í vetur eftir að náttúruhamfarir lögðu New Orleans í rúst í fyrRASUMAR. Á meðan liðið lék í New Orleans rak það lestina í fjölda áhorfenda á hvern leik en aðeins 14.200 manns sóttu leiki liðsins. Eftir að það fór til Oklahoma hefur áhorfendafjöldinn aukist gríðarlega eða yfir átján þúsund manns á hvern leik. NBA leggur mikla áherslu á það að Hornets snúi aftur til New Orleans þegar uppbyggingarstarfi lýkur þar en borgaryfirvöld Oklahoma eru til í að bjóða gull og græna skóga til að halda í liðið. Þannig bjóða þau tíu milljóna dala rekstrarframlag ef tekjur Hornets fara undir fjörutíu milljónir dala.



**WILLIAM DAVIDSON, EIGANDI PISTONS** Keypti liðið árið 1974. Félagið hefur þrívísit orðið meistari á þeim tíma og er nú besta lið deildarinnar. AFP



**BRJÁLADUR EIGANDI** Mark Cuban, eigandi Dallas Mavericks, er mikill keppnismaður og lætur í sér heyra á leikjum. Lið hans skilar miklum tekjum en einnig miklu tapi. AFP



**ABE POLLIN OG MICHAEL JORDAN** Pollin, sem er eigandi Washington Wizards, keypti félagið fyrir eina milljón dala árið 1963. Félagið er nú metið á 318 milljón dali samkvæmt Forbes. AFP

## NBA - EIGNARHALD OG REKSTRARTÖLUR KEPPNISTÍMABILÍÐ 2004-2005 (ALLAR UPPHÆÐIR Í MILLJÓNUM DALA) - HEIMILD FORBES

Félaglið	Eigandi	Verðmæti	Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	Tekjur	Launa kostnaður
New York Knicks	Cablevision Systems	543	25,2	181	100
Los Angeles Lakers	Jerry Buss	529	38,2	156	66
Houston Rockets	Leslie Alexander	422	25,8	141	64
Chicago Bulls	Jerry Reinsdorf	409	34,7	136	61
Dallas Mavericks	Mark Cuban	403	-17,8	124	95
Detroit Pistons	William Davidson	402	25	134	58
Phoenix Suns	Robert Sarver	395	40,4	132	48
Miami Heat	Micky Arison	362	11,5	119	63
Cleveland Cavaliers	Daniel Gilbert	356	16	102	52
Boston Celtics	Wycliffe Grousbeck	353	8,4	110	68
Philadelphia 76ers	Comcast	351	0,7	110	71
San Antonio Spurs	Peter Holt	350	23,7	121	51
Sacramento Kings	Gavin og Joseph Maloof	345	10	119	64
Indiana Pacers	Herbert og Melvin Simon	324	8,5	108	59
Washington Wizards	Abe Pollin	318	14,3	106	53
Minnesota Timberwolves	Glen Taylor	303	-5	101	73
Charlotte Bobcats	Robert Johnson	300	9,8	73	28
Memphis Grizzlies	Michael Heasley	294	-15,6	98	70
Denver Nuggets	E. Stanley Kroenke	283	12,3	94	48
Toronto Raptors	Ontario Teachers Pension Plan	278	-1,3	94	65
Utah Jazz	Larry Miller	274	9,4	91	47
New Jersey Nets	Bruce Ratners	271	-6,1	87	60
Atlanta Hawks	Michael Gearon Jr.	262	8,9	87	44
Los Angeles Clippers	Donald Sterling	248	14,6	83	44
Orlando Magic	Richard DeVos	247	-9,5	82	71
Golden State Warriors	Chris Cohan	243	-3,1	81	58
Seattle SuperSonics	Howard Schultz	234	-7,8	81	57
Milwaukee Bucks	Herbert Kohl	231	-1,5	78	61
Portland Trail Blazers	Paul Allen	227	-31,5	78	87
New Orleans Hornets	George Shinn	225	-3,9	78	56
		<b>9.782</b>	<b>234,3</b>	<b>3.185</b>	<b>1.842</b>

# Áberandi öryggi

Það er stíll yfir því að vera staðlaður  
EN 471 staðall um sýnileika



Skeifan 3 108 Reykjavík Sími: 588 5080 www.dynjandi.is

Aðalfundur TM

## Aðalfundur 2006

**Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn  
fimmtudaginn 9. mars í Hliðarsal, Radison SAS Hótel Sögu,  
Reykjavík, kl. 16.00.**

### Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Reikningar félagsins og tillögur liggja frammi á aðalskrifstofu hluthöfum til sýnis en verða síðan afhent ásamt fundargögnum til hluthafa á fundarstað.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is

**VÍSIR**

**NFS ER Á VISIR.IS**

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar



# „BRILLJANT!“

ALLT UM INNFLUTNING – EITT NÚMER – GREIÐ LEIÐ

Hjá viðskiptaþjónustu Eimskips eru sérfræðingar okkar þér innan handar um allt sem varðar flutninga. Þú hlúir að þínu fyrirtæki á meðan við sjáum um að varan þín komist greiðlega og örugglega til þín eða beint til viðskiptavinarins.

Þú einfaldlega hringir í **525 7800** og sérfræðingar okkar sjá til þess að leiðin verði greið.



Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is



**TAPAR Á FYRSTA ÁRSFJÓRDUNGI** Easy Jet mun tap allt að 45 milljónum punda á fyrsta ársfjórðungi 2006.

## Fyrirséð tap hjá Easy Jet

Easy Jet hefur tilkynnt um að meira tap verði á rekstri fyrsta ársfjórðungs en gert var ráð fyrir. Segir í tilkynningu frá félaginu að hækkandi eldsneytisverð og sú staðreynd að páskana beri upp á annan ársfjórðung í stað þess fyrsta, eins og í fyrra, tvöfaldi fyrirséð tap. Það verði um 45 milljónir punda, 5,24 milljarðar, en var 22 milljónir, 2,56 milljarðar króna, í fyrra. Easy Jet heldur

sig þó við spár um aukinn hagnað á árinu þar sem tekjur af öðrum rekstri en miðasölu muni hækka og kostnaðaraðhald mun halda áfram að skila árangri. Hlutabréf í EasyJet náðu þriggja og hálfis árs hámarki í janúar þegar uppi voru getgátur um yfirtökutilboð frá FL Group. Þau höfðu hins vegar lækkað um tæp tvö prósent við lokun markaða í gær.

- hhs

Lítill og



**fjölhæf**



### Konica Minolta 130f

Flest fyrirtæki þurfa prentara, ljósritunavél, litskanna og faxtæki. Minnsta vélin frá KONICA MINOLTA gerir allt þetta og meira til. Hún sendir tölvupóst og hefur frumritamatara sem staðalbúnað.

Myndgæðin eru fyrsta flokks.

Tilboðsverð kr. 69.900 m/vsk

**UMFANG**  
TÆKNIBÚNAÐUR

UMFANG-TÆKNIBÚNAÐUR • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 510 5520 • umfang@kjaran.is

VIÐSKIPTA  
ÞJÓNUSTA  
EIMSKIPS  
525 7800



Hinn og hlf / SA



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Háskóli í hópi hundrað bestu er fjarlæggt markmið:

## Hvers konar samfélag viljum við?

Hafliði Helgason

Rektor Háskóla Íslands, Kristín Ingólfssdóttir, lýsti við útskrift stúdenta því markmiði að Háskóli Íslands kæmist í hóp hundrað bestu háskóla heims. Þetta er verðugt verkefni, en miðað við stöðu dagsins býsna fjarlæggt. Háskóli Íslands nær ekki enn sem komið er í hóp 500 bestu háskóla heims.

Það kemst enginn lengra en hann ætlar sér og því er yfirlýsing háskólarektors mikilvæg. Háskólinn getur ekki einn ráðið því hvar hann lendir, þrátt fyrir hæft starfsfólk og mikinn metnað. Til þess þarf fleira að koma til.

Ástæða þess að Háskóli Íslands er ekki í hópi 500 bestu háskóla heims er ekki að innan skólans starfi ekki fólk með mikla þekkingu á fræðum sínum og vísindum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að við snum ekki grunnrannsóknnum og birtingu fræðigreina í virtum vísindatímamarknum. Slíkt rannsóknarstarf er forsenda alls annars, vilji menn koma íslenskum háskóla í fremstu röð. Háskóli sem ekki uppfyllir slíkt útskrifar enga doktorsnema með viti.

Háskóli Íslands hefur mannskap sem leggur góðan grunn að því að markmið sem þetta náist. Hins vegar þarf að verða grundvallararbreyting á afstöðu stjórnvalda til að svo megi verða. Áhersla stjórnvalda hefur verið að koma upp litlum háskólaeiningum víða um land. Þessir háskólar eru fyrst og fremst starfsgreinaháskólar, en ekki akademía. Þeir eru allra góðra gjalda verðir, en koma ekki í stað alvöru rannsóknarháskóla.

En hvers vegna eigum við að stefna að háskóla sem er í hópi hinna bestu. Jú, þekkingarstig samfélags hvílir á grunni frumrannsóknna. Það eru þær stöðir sem þekkingasamfélag hvílir á. Spurningin um að byggja upp öflug akademíu er því spurningin um hvers konar samfélag við viljum byggja til framtíðar. Ætlum við að verða verksmiðjusamfélag eða þekkingar- og þjónustu samfélag. Svárið er augljóst þeim sem hugsa á annað borð.

Leitin að þekkingu er markmið í sjálfu sér. Notagildið kemur síðar. Þannig voru uppgötvanir Gottliebs Frege og Bertrands Russel í setningarökfræði og smíði táknafræði til að leysa flókin heimspekileg vandamál. Hvorugum þeirra datt í hug að með vísindastarfi sínu legðu þeir grunn að kerfi sem stýrir rafmagni og rökrásam í tölvum. Hagsaukinn af sérvískulegri leit þeirra að lausn í rökfræði er stjarnfræðilegur og á hverjum degi njótum við þæginda af þessari uppgötvun.

Enda þótt draumur rektors Háskóla Íslands sé fjarlægur miðað við núverandi forsendur, þá er hann brýning um hvert beri að stefna. Til þess þarf stefnu og fjármuni. Hvorugt er nægjanlegt enn sem komið er. Stjórnvöld þurfa að velja fyrir sér í fullri alvöru hvort kennslu í ákveðnum greinum sé ekki betur komið hjá starfsgreinaháskólunum og að sjónum Háskóla Íslands verði fremur beint að svæðum þar sem fræða- og vísindastarf er markmiðið, fremur en starfsréttindi.

Þetta markmið krefst þess líka að Háskóli Íslands geti laðað að sér vísindamenn í fremstu röð. Til þess að svo megi verða þarf skólinn að vera samkeppnishæfur í launum og starfsaðstöðu.

Það er hægt að ná slíku markmiði, en til þess að það gerist þarf að verða grundvallararbreyting á viðhorfum til vísinda og háskólamenntunar, auk þess sem efndir þurfa að fylgja orðum.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

## Ætlar þú að grípa tækifærið?

„...á námskeiðinu fékk ég svörin og ábendingarnar sem mig vantaði.“  
Fylkir Sævarsson, 39 ára lönfræðingur.  
„Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður.“  
Ester Ýr Jónsdóttir, kennari.

Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, skemmtilegt, góð skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

Þriggja vikna fyrirtækjanámskeið Hraðlestrarskólans eru sérsníðin að þörfum atvinnulífsins. Aukinn lestrarhraði, markvissari upplýsingaöflun og fleiri klukkustundir gætu opnað þér og þínu fyrirtæki aðgang að stórkostlegu tækifæri. Ert þú tilbúinn að grípa það?

Hafðu samband í síma 586-9400, sendu póst á jovi@h.is  
eða kaktu á [www.h.is](http://www.h.is)



VR og fleiri stéttarfélag styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# Ótroðnar slóðir

ORD Í BELG

Gylfi Magnússon, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.



Fréttir í síðustu viku af því að matsfyrirtækið Fitch hefði efasemdir um að íslenska ríkið stæði undir núverandi lánsþæfismati hefðu ekki þurft að koma á óvart. Það var heldur ekkert nýtt í rökunum sem fyrirtækið færði fyrir þessu. Fitch benti einfaldlega á nokkrar tölulegar staðreyndir sem kunnar voru fyrir. Það er hins vegar ekkert skrítið að útlendingar eigi erfitt með að átta sig á íslenska hagkerfinu – og raunar eiga margir heimamenn í sömu erfiðleikum.

Þótt Íslendingar hafi búið við afar góð lífskjör á alþjóðlegan mælikvarða síðari hluta tuttugustu aldar þá var efnahagslífið á flesta mælikvarða frumstætt. Útflutningur byggði á fyrst og fremst á náttúruauðlindum, sjávarútvegi, raforku, Gullfossi og Geysi.

Flestar atvinnugreinar landsmanna voru verndaðar fyrir erlendri samkeppni, iðnaður fram á áttunda áratuginn, fjármálakerfið fram á þann tíunda, landbúnaður er það enn. Krónan var aumasti gjaldmiðill í Vestur-Evrópu, hrakin úr einni gengisfellingu í þá næstu. Bankakerfið byggði fyrst og fremst á ríkisbönkum með pólitískum bankastjórum og bankaráðum og skömmtum á lánsfé og gjaldeyri. Það hlýtur að teljast eitt af efnahagsundrum veraldar að þrátt fyrir þetta og ýmsa aðra sérvísku, eins og helmingaskiptareglu í

viðskiptum, tókst Íslendingum að halda sér áratugum saman í hópi tíu til tuttugu ríkustu landa í heimi.

Það er síðan annað efnahagsundur að upp úr þessu öllu er síðan sprottin á örfáum árum vösk sveit kaupahéðna sem leggur undir sig hvert erlent fyrirtækið á fætur öðru í viðskiptum sem nema sífellt hærri fjárhæðum. Allir virðast hagnast á öllum viðskiptum, hvort sem þeir eru kaupendur eða seljendur. Fjármálageirinn skilar á einu ári meiri hagnaði en honum tókst að búa til á mörgum áratugum áður fyrr.

Lánsfé sem áður var skammtað úr hnefa flæðir um allt. Í lok janúar sl. voru útlán innlendra innlánsstofnana samtals 1.730 milljarðar króna. Ári áður var sama tala 1.144 milljarðar og hefur því hækkað um 586 milljarða eða vel ríflega helming vergrar landsframleiðslu á sama tímabili. Að uppistöðu til er þetta erlent fé endar er innlendir sparnaður sáralítt og nær allur fyrir tilstuðlan lífeyr-

iskerfisins.

Féð hefur vitaskuld verið notað til ýmissa hluta en stór hluti hefur runnið til að greiða fyrir sífellt aukinn innflutning. Viðskiptahallinn hefur slegið flest met sem menn muna eftir, er nú um eða yfir tíu milljarðar á mánuði. Það leiðir óhjákvæmilega til þess að erlendar skuldir vaxa enn hraðar en erlendar eignir. Í lok september á síðasta ári var svokölluð hrein staða þjódarbúsins fyrir vikið neikvæð um 859 milljarða króna eða nær 90% af vergrri landsframleiðslu. Með hreinni stöðu þjódarbúsins er átt við eignir landsmanna í útlöndum að frádrögnum erlendur skuldum okkar og eignum útlendinga hérlendis.

Þetta mikla flóð lánsfjár hefur eins og vænta mátti keyrt upp eignaverð. Á rúmum fjórum árum, frá september 2001, hefur hlutabréfaverð á Íslandi vel ríflega sexfaldast. Það hafði raunar nær sjöfaldast áður en verðið tók aðeins að lækka aftur í síðustu viku. Á sama tíma og að hluta til af sömu ástæðu hefur gengi krónunnar styrkst sífellt. Fyrir vikið er ávöxtun hlutabréfanna mæld í erlendum mynt en fjarstæðukenndari. Gengi íslenskra hlutabréfa hefur á þann mælikvarða meira en áttfaldast á þessum stutta tíma.

Íslensku fyrirtækin þurfa að skila allt að því ævintýranlegum hagnaði á næstu árum til að standa undir þeim miklu væntingum sem verð þeirra endurspeglar. Því eru takmörk sett hve mikið af þeim hagnaði getur orðið til með eignaumbreytingum, þótt þær geri mönnum hugsanlega kleift að auka arðsemi og innleisa hagnaðinn af því löngu áður en reksturinn skilar honum. Fyrr eða síðar þarf daglegur rekstur að skila þeim hagnaði sem þarf til að réttlæta hlutabréfaverðið, ef ekki hlýtur verðið að lækka.

Það er ekkert skrítið að útlendingar skilji þetta ekki alveg. Þeir sjá t.d. ekki í hendi sér hvernig hægt er að snúa ofan af viðskiptahallanum og fara að greiða niður erlendu lánin, nú eða hvernig hægt er að búa til allan þann hagnað sem hlutabréfaverðið lofar. Það virðist sérlega erfitt fyrir nágranna okkar á hinum Norðurlöndunum að sjá þetta. Við verðum bara að sýna þeim það.



**Það er síðan annað efnahagsundur að upp úr þessu öllu er sprottin á örfáum árum vösk sveit kaupahéðna sem leggur undir sig hvert erlent fyrirtækið á fætur öðru í viðskiptum sem nema sífellt hærri fjárhæðum. Allir virðast hagnast á öllum viðskiptum, hvort sem þeir eru kaupendur eða seljendur.**

UM VÍÐA VERÖLD

## Góðmennska ríka fólksins

The Economist | The Economist fjallar um fjárveitingar ríka fólksins í Bandaríkjunum til líknar- og góðgerðarmála í nýjasta tölublaði sínu. Er bent á að þau Bill og Melinda Gates hafi veitt 31 milljarði Bandaríkjadala til heilbrigðismála á síðastliðnum árum. Sömu sögu sé að segja af öðrum ríkum einstaklingum sem hafa hagnast á nýrri tækni, s.s. hafi stofnendur ebay og Google sett á laggirnar svipada styrktarsjóði. Bandaríski aúmaðurinn Warren Buffet stendur utan við hópinn líkt og oft áður en sérstaklega er tekið fram í umfjöllun Economist að hann hafi ekkert látið renna til líknarmála. Hefur tímaritið eftir Buffet að breyting verði á að honum látnum. Tímaritið velti því upp hverju sæti að aúmenn heimsins hafi í auknum mæli látið fé rakna til líknar- og góðgerðarmála og veltir því upp að breikkandi bil á milli ríkra og fátækra sé um að kenna og hafi þeir orð Andrews Carnegie frá 1889 á bak við eyrað um að hinir ríku eigi að styðja við bakið á þeim sem minna hafa á milli handanna til að bæta heiminn.

## Góð staða GE

Fortune | Bandaríska stórfyrirtækið General Electrics er í fyrsta sæti á lista bandaríska viðskiptatímarsins Fortune yfir virðingarverðustu fyrirtæki í Bandaríkjunum. Þetta er í sjötta skipti á síðastliðnum áratugum sem fyrirtækið lendir á listanum. Þessi árangur fyrirtækisins þykir að sjálfsögðu góður en undarlegur, sér í lagi þar sem fyrirtækið er hvorki eitt af stærstu fyrirtækjum Bandaríkjanna né skilar meiri hagnaði en önnur. Þá hafi hlutafé GE staðið í stað síðastliðin ár og virðist lítil breyting í sjónmáli. En hvað veldur? Fortune hefur eftir mikilsverðum stjórnendum í bandaríska fjármálalífi, þ.m.t. fyrrnefndum Warren Buffet, að góðar verklagsreglur fyrir stjórnendur fyrirtækisins skipti þar miklu og hafi það bætt ímynd GE mikið út á við. Bendir tímaritið sérstaklega á fimm binda rit sem fyrirtækið lét gera um verklagsreglur fyrir framkvæmdastjóra GE á sjötta áratug síðustu aldar og hafi það verið öðrum fyrirtækjum fyrirmynd.

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRN: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík ADALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: [ritstjorn@markadurinn.is](mailto:ritstjorn@markadurinn.is) og [auglysingar@markadurinn.is](mailto:auglysingar@markadurinn.is) VEFANG: [www.vef.is](http://www.vef.is) UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðurinn er dreift með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í staf-rænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Innbrot í fyrirtæki

Þú ert steinsofandi þegar þú vaknar upp við símann. Starfsmaður Neyðarlínunnar tilkynnir þér að búið sé að brjótast inn í fyrirtækið þitt. Það er ekki skemmtileg lífsreynsla að vakna upp við slíka hringingu en innbrot í fyrirtæki eru framin á hverjum degi hér á landi.

Nýlega var framið innbrot í fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu með dýra sérvöru, vöru sem gengur sem gjaldmiðill á götunni. Áður hafði verið brotist inn í umrætt fyrirtæki og eigandi þess hafði því gripið til ýmissa ráðstafanna til að verjast innbrot-

um. Fyrirtækið var beintengt stjórnstöð öryggisfyrirtækis auk þess að vera með eftirlitsmyndavélar. Lýsing í kringum fyrirtækið var góð og allar inngönguleiðir læstar. En allt kom fyrir ekki þrjátár náðu að brjóta upp sterka hurð við aðalinnganginn en til þess beittu þeir öflugum verkfærum.

Þegar þar var komið við sögu hafði öryggiskerfið sent boð til stjórnstöðvar öryggisfyrirtækisins og hávær þjalla glumdi í versluninni. Þjófarnir höfðu því takmarkaðan tíma til að athafna sig.

## ÖRUGG FYRIRTÆKI



### Átak Markaðarins og Sjóvá

Þegar skoðaðar eru myndirnar úr eftirlitsmyndbandinu sjást tveir hettuklæddir menn ganga rակleidis að ákveðnum stað og það virtist sem þeir væru búnir að skoða aðstæður og vissu hvað þeir vildu. Þegar þeir ætluðu að

byrja að tína þýfið í töskurnar sem þeir höfðu meðferðis komst styggð að þeim. Þeir hlutir sem þeir ætluðu að ræna og voru eftirsóttastir í versluninni voru ekki á sínum stað.

Starfsfólk verslunarinnar hafði nefnilega haft það fyrir reglu í lok hvers vinnudags að fjarlægja þá hluti sem verðmætastir voru og læsa þá inni annarsstaðar. Með þessari einföldu aðgerð tókst fyrirtækinu að lágmarka tjón sitt og koma í veg fyrir að starfsemin raskaðist verulega. Fyrirtækið opnaði verslun sína á réttum tíma morguninn eftir og þjónusta við viðskiptavinum hélst óbreytt.

Sú staðreynd að brotist er inn í fyrirtæki hér á landi daglega

ætti að vekja forsvarsmenn fyrirtækja til umhugsunar um eftirfarandi ráðstafanir: Skoða þarf húsnæðið vandlega og setjið sig í spor innbrotshjófsins. Er hurðum og gluggum vandlega lokað og læsingar nægilega góðar? Þarf að gera nauðsynlegar endurbætur á húsinu til að varna óprúttum aðilum inngöngu og gera þeim erfiðara fyrir að komast inn? Skoða þarf hvort lýsing í kringum húsið er nægilega góð, sérstaklega við innganga. Þá hafa öryggiskerfi og eftirlitsmyndavélar fælingarmátt og geta stuðlað að því að brotamenn náist, eins og gerðist í dæminu sem rakið var hér á undan.

Sigurjón Andrésón  
viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði Sjóvá

## SPÁKAUPMAÐURINN

### Stórkostleg vika

Stundum er svo gott að vera ég að það er synd að geta ekki gefið fleirum hlut í því. Reyndar er ég gjafmildur maður og læt vini og vandamenn oft njóta þess hversu vel mér gengur í lífinu.

Ég held að nánast öll ættin ásamt mökum og börnum hafi hringt í mig fyrir viku. Spurningin var bara ein. „Á ég að selja núna?“ Familían getur þakkað mér að menn stukku ekki út af markaðnum. Allir nema Nonni frændi, Hann hefur aldrei verið góður á taugum, né heldur mikið fyrir að hlusta á aðra. Hann hringdi í mig hróðugur og var þá búinn að selja. Hann er alveg ótrúlegur bjáni og ekki sjaldan sem maður er búinn að redda honum út úr vandræðum. Það er ekki hægt að láta konuna og krakkana líða fyrir hvað hann er mikið fífl.

Sjálfur var ég náttúrliga á fullu að kaupa allan þriðjudaginn. Innleysti svo slatta fljótlega. Gjalddeyrisskiptasamningarnir gáfu auðvitað mest af sér, enda alveg ljóst að krónan myndi snúa til baka. Þannig að þegar krónan fór í veikasta gildið og kollegar mínir sátu með magaherping, þá var ég að kaupa krónur á fullu.

Hlutabréfin gáfu líka vel af sér. Tíu prósentu lækkun á Íslandsbanka og FL Group var náttúrliga bara grín, svo maður keypti slatta þar líka.

Þetta var frábær vika. Það er aldrei eins gaman að vera spákaupmaður eins og þegar sveiflurnar eru almennilegar. Fimm til tíu prósentu sveifla í geðs-hræringum á markaði eru algjör draumur. Þá finnur maður blóðið renna og adrenalínið pumpast út í líkamann. Gjalddeyrismarkaður er skemmtilegastur, enda tekur maður alltaf reglulega einn og einn gjalddeyriskross til að halda spennu í lífi sínu. Hinn kosturinn til að ná almennilegu kikkri er framhjáald, en því fylgir alls konar vesen sem betra er að vera laus við.

Nú kunna einhverjir að spyrja hvers vegna ég hafi verið svona öruggur með markaðinn. Jú, núna í mars streyma arðgreiðslurnar út á markaðinn. Þeir peningar fara eitthvert. Ríkið hefur ekki undan að gefa út víxla og peningarnir leita því að markaðinn. Þar fyrir utan eru stórir aðilar á markaðnum og þeir ekkert á leiðinni burt. FL Group, Straumur, Exista og bankarnir hafa mikinn hag af því að markaðurinn gefi ekki stórkostlega eftir. Og ef stóru strákarnir hafa engar áhyggjur, hvers vegna ætti ég að hafa þær? Skjólíð er af hinum stóru og þar er líka svalur skuggi ef hitinn verður of mikill.

Spákaupmaðurinn á horninu

## SKRIFSTOFUR ERNST & YOUNG ERU FLUTTAR



### AÐ BORGARTÚNI 30.

- Ernst & Young hf. veitir víðtæka og faglega endurskoðunar-, skatta- og ráðgjafarþjónustu.
- Ernst & Young hf. á Íslandi er endurskoðunarfyrirtæki sem er hluti af alþjóðlegri keðju endurskoðunarfyrirtækja. Ernst & Young er meðal fjögurra stærstu fyrirtækja í sinni grein í heiminum.
- Aðild okkar að Ernst & Young International veitir okkur aðgang að nýjustu tækni, upplýsingum og sérfræðingum á starfssviði okkar og gerir okkur kleift að veita fyrsta flokks þjónustu hvort sem er á Íslandi eða erlendis.

■ GÆÐI ■ ÁREIÐANLEIKI ■ FAGMENNSKA

**ERNST & YOUNG**

Borgartúni 30 ■ 105 Reykjavík ■ Sími 595 2500 ■ www.ey.is

## AURASÁLIN

## Fjárans Fitch

Hagstjórn á Íslandi er í molum eins og sjá má á bílaflota landsmanna. Enn eru til þeir menn sem ekki hafa keypt sér Porche Cayenne eða Volkswagen Touraeg og enn er til fólk sem hefur ekki efni á að kaupa sér einbýlishús á Arnarnesinu. Aurasálin hefur meira að segja haft af því spurnir að maður nokkur hafi hætt við að vera í þrjár vikur á Kanarí um jólin af því hann hafði ekki efni á því eftir eyðsluna í pásk-afriinu á Maldíveyjum, vorfríði í Monte Carlo, sumarfríði í Toskana og haustferðirnar til Dúbaí og Jóhannesarborgar og jólaínkaupaferðina til Tókýó.

Þessi félagi Aurasálarinnar þurfti að sætta sig við þá niðurlægingu að geta bara boðið fjölskyldunni upp á tvær vikur á Kanarí um jólin og er fyrir vikið spottaður og hæddur á hverjum degi í bankanum þar sem hann vinnur. Það er því rétt sem Steingrímur J. og Ógmundur segja að góðærið er ekki alls staðar.

Hinn ágæti vinur Aurasálarinnar sem hér um ræðir hefur verið með sáran magaverk undanfarna daga vegna óvissunnar um gengi íslensku krónunnar. Hann full-yrðir að hið svokallaða matsfyrirtæki Fitch sé í samsæri gegn sér og fjölskyldu sinni.

Það er erfitt fyrir venjulegt launafólk að lifa mannsæmandi lífi á meðan gengi krónunnar heldur áfram að veikjast. Þetta er ástæðan fyrir því að svo margir Íslendingar þjást nú af gengisangist, eins og sálfræðingarnir kalla það.

Aurasálin skilur raunar ekki af hverju íslenska ríkið og bankarnir tala við þessa leppalúða hjá Fitch. Hví er þeim hleypt inn í landið ef þeir ætla svo að fara að skrifa illa um okkur? Væri ekki nær að ríkisstjórnin sendi einfaldlega tilkynningar til þessara fyrirtækja um hvert raunverulegt ástand mála er hér á landi?

Það er margannað og alkunna um heim allan að Íslendingar eru öðrum fremri í viðskiptum og hagfræði nýja hagkerfisins. Svo eru menn að kippa sér upp við að einhverjir bólugrafnir tölfraðilúðar frá útlöndum skilji ekki uppganginn hér á landi.

Það er von Aurasálarinnar að greiningardeild lögreglunnar muni fá það hlutverk að vernda íslenskt hagkerfi gegn slíkum væstum sem erlend matsfyrirtæki eru. Það væri nær að greiningardeild lögreglunnar gæfi sjálf út lánshæfiseinkunn fyrir Ísland.

Svo gæti líka verið ráð að bankarnir á Íslandi tækju sig saman og keyptu þetta bölvada Fitch og sæju til þess að þaðan komi hinn rétti sannleikur en ekki þessi dapurlegi ófundarvæll sem við höfum orðið vitni að.

## Vörumerki þurfa líka að vera heil á geði

Einn dagur á ári er sérsniðinn að áhugamálum auglýsinga- og markaðsfólks en þá er Íslenski markaðsdagurinn haldinn með pompi og prakt. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir hittir Jóhannes Inga Davíðsson, framkvæmdastjóra ÍMARK, á ráðstefnunni um geðheilbrigði vörumerkja.

ÍMARK, Félag markaðsfólks á Íslandi, er þverfaglegur félagsskapur einstaklinga sem hafa áhuga á markaðsmálum. Tilgangur félagsins er meðal annars að auka veg og virðingu markaðsmála hérlendis og stuðla að auknum skilningi á mikilvægi þeirra. „Félagsmönnum fjölga ört og eru nú 550 talsins. Uppistaðan er nú aðilar úr auglýsinga-bransanum, markaðsdeildum fyrirtækja og aðrir sem hafa að gera með markaðsmál með beinum eða óbeinum hætti,“ segir Jóhannes Ingi Davíðsson, framkvæmdastjóri ÍMARK. „Í þessum bransa, sem einkennist af mikilli samkeppni, reynum við að skapa hlutlaust svæði þar sem jafnvel samkeppnisáðilar geta kynnt sér nýjar hugmyndir og skipst á skoðunum. Við leggjum okkur fram við að efla faglegt starf og fræðslu og kynna nýjungar til sögunnar.“

## ÍMARK STENDUR FYRIR ÝMSU

ÍMARK stendur fyrir ýmsum uppákomum á ári hverju. Mánaðarlega eru hádegisfundir haldnir um markaðstengd efni sem eru í brennidepli eða áhugi er fyrir að ræða hverju sinni. Í október er Markaðsvikan haldin en tilgangur hennar er að vekja athygli á faglegu markaðsstarfi og mikilvægi þess í nútíma viðskiptaumhverfi. Þá vikuna eru Markaðsverðlaun ÍMARK afhent því fyrirtæki sem hefur skarað fram úr í markaðsmálum á liðnu ári. Á sama tíma er val á Markaðsmanni Íslands kynnt en hann er jafnframt fulltrúi Íslands við val á Markaðsmanni Norðurlanda og Markaðsmanni Evrópu. Af annarri starfsemi ÍMARK má nefna námsferðir til útlanda og fagheimsóknir til fyrirtækja.

## ÍSLENSKI MARKAÐSDAGURINN OG LÚÐRAHÁTÍÐIN

Hápunktur starfsemi ÍMARK er án efa Íslenski markaðsdagurinn og Lúðrahátíðin. „Dagurinn hefur venjulega hafist á ráðstefnu, síðan hafa lúðrarnir verið afhentir fyrir athyglisverðustu auglýsingar ársins og ball svo haldið um kvöldið. Núna ákváðum við að brjóta upp þetta hefðbundna snið, héldum ráðstefnuna á Nordica og sameinuðum ballið og Lúðrahátíðina um kvöldið. Þetta tókst vel upp,“ segir Jóhannes.

Ráðstefnan þetta árið fékk það forvitnilega nafn „Geðheilbrigði vörumerkja“. Nálgunin við það þema var að til þess að manneskja virki í umhverfi sínu þurfi hún að vera heil á geði. Það sama gildi með vörumerkin og á þau verði að líta sem eina heild, ekki nægi að þau líti vel út ef annað fylgir ekki með. Á ráðstefnunni töluðu ýmsir sérfræðingar, jafnt innlendir sem erlendir, og þótti vel hafa tekist við að fá sem flest sjónarmið inn í umræðuna.

## UNNIÐ MEÐ UNDIRMEÐVITUNDINA

Tveir breskir sérfræðingar, þeir Ed Hebblethwaite, auglýsingastjóri hjá bresku auglýsingastofunni LOEWY, og Mark Holden, framkvæmdastjóri birtinga hjá bresku auglýsingastofunni PHD Group, vinna báðir með undirmeðvitund fólks. Hebblethwaite lýsti markaðssetningunni sem svo að það sem verið væri að auglýsa sé toppurinn á ísjakanum sem gnæfir upp úr en það sem sé undir er raunveruleikinn og það verður að hanga saman. „Þegar þú hittir persónu þá finnurðu hvort hún er heil í gegn. Ef manneskja brosir



JÓHANNESS INGI DAVÍÐSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍMARKS Þetta árið var ákveðið að brjóta upp hefðbundið snið Íslenska markaðsdagsins. Ráðstefna var haldin á Nordica að degi til. Um kvöldið voru svo íslensku auglýsingaverðlaunin veitt við hátíðlega athöfn á Broadway sem hafði verið umbreytt í Hollywood fyrir kvöldið. Síðan var dansað við dunandi diskó fram eftir nóttu og skemmti fólk sér vel.

við manni þá athugar maður hvort það nær til augnanna og þá trúir maður henni. Þetta er eiginlega mergurinn málsins í hans máli,“ segir Jóhannes.

Holden sagði frá samvinnu PHD og sérfræðinga í taugasálfræði og taugavísindum sem kallast „neuroplanning“. Með því að sýna fólki auglýsingar og meta út frá viðbrögðum í starfsemi heilans hvernig það bregst við hafa þeir séð að mismunandi miðlar hafa áhrif á mismunandi svæði í heilanum. Starf birtinga-fyrirtækja er að meta hvaða auglýsingar eiga heima í hvaða miðli. Þeir hafa notað þessa nýstárlegu aðferð og nýtt með öðrum hefðbundnari og hefur það reynst vel.

## ALPJÓÐLEGT FYRIRTÆKI BYGGT UPP FRÁ GRUNNI

Frumherjinn Reza Dehghani nálgast markaðsmálin út frá allt öðru sjónarhorni. Á ráðstefnunni sagði hann frá því hvernig honum tókst á tiltölulega stuttum tíma að byggja upp sterkt alþjóðlegt vörumerki úr sama og engu. Hann vildi fara óvenjulega leið að markmiði sínu en allt átti að vera fyrsta flokks. Dehghani hefur aldrei auglýst vörumerki sitt á hefðbundinn hátt heldur auglýsir hann eingöngu að takmörkuðu leyti á internetinu. Í staðinn leggur hann áherslu á gæði og sérstöðu og gengur út frá því að fólk samsami sig vörunni og hugsi „þetta er ég“.

## MÖRKUN VANDASAMT FERLI

Katrín Olga Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs Símans, hefur tekið þátt í einkavæðingarferli Símans frá fyrsta degi. Hún stiklaði á stóru um mörkun Símans og þá vinnu sem fylgdi því að fara úr að vera ríkisfyrirtækið Landsímminn yfir í framsækna fyrirtækið Símann. Telja sérfræðingar það ferli hafa tekist vel upp og hefur það jafnvel vakið athygli út fyrir landsteinana. „Það þarf kannski ekki annað en að horfa á fyrirtækið til að sjá að þetta hefur gengið vel,“ segir Jóhannes.

Guðjón H. Pálsson, framkvæmdastjóri GCI á Íslandi, talaði líka um mörkun fyrirtækja út frá því að fyrirtæki þurfa að greina markaðinn sem þau starfa á og meta áhættuna að baki þeirri mörkunarleið sem valin hefur verið. Það sé ekki sjálfgefið að mörkun einstakra vara (Product Branding) sé valin framyfir fyrirtækjamörkun (Corporate Branding), þar sem íslensk fyrirtæki eru eða verða flest hver þjónustufyrirtæki á innflutningsmarkaði.

KB OG HVÍTA HÚSIÐ Í GÓÐUM MARKAÐSMÁLUM IMG Gallup hefur frá árinu 1999 í samstarfi við ÍMARK og SÍÁ staðið fyrir árlegri markaðskönnun meðal 360 stærstu auglýsenda landsins. Markmið könnunarinnar er að meta væntingar markaðsstjóra til auglýsingamarkaðarins. Einar Einarsson, framkvæmdastjóri IMG Gallup, kynnti niðurstöðurnar á ráðstefnunni. Spurt var um þá auglýsingastofu sem markaðsstjórar telja skara fram úr í dag og var röð efstu stofanna kynnt. Hvíta Húsið, Ennemm og Íslenska auglýsingastofan lentu í efstu sætum í þessari röð. Jafnframt var spurt um það fyrirtæki sem þykir hafa staðið sig best í markaðsmálum. KB banki og Síminn skiptu um sæti þannig að KB banki smeygði sér upp í efsta sæti listans. Landsbankinn stókk úr fimmta sæti í það þriðja. Af niðurstöðum könnunarinnar að dæma bendir flest til þess að árið í ár verði líflegt á auglýsingamarkaði því fáar vísbendingar eru um að markaðsstjórar geri ráð fyrir samdrætti.

## BROADWAY BREYTT Í HOLLYWOOD

**Bakkavör** +1,50%

**MESTA LÆKKUN**

**KB Banki** -1,15%  
**Flaga** -0,52%  
**Straumur-Burðarás** -0,51%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 56,90 +0,35% ... Alfesca 4,23 +1,93%... Atorka 6,10 +1,33% ... Bakkavör 54,00 +1,50% ... Dagsbrún 6,67 -0,15% ... FL Group 26,80 +0,75% ... Flaga 3,83 -0,52% ... Íslandsbanki 20,80 +0,00% ... KB banki 945,00 -1,15% ... Kógun 66,70 +0,30% ... Landsbankinn 28,90 +0,35% ... Marel 68,80 +0,73% ... Mosaic Fashions 17,40 +0,58% ... Straumur-Burðarás 19,50 -0,51% ... Össur 115,50 +1,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Gott uppgjör Bakkavararar

Bakkavör Group skilaði 3,5 milljarða hagnaði árið 2005 og var uppgjörið í góðum takti við væntingar markaðarins.

Á fjórða ársfjórðungi, sem var besti hluti ársins, skilaði félagið um 1.229 milljóna króna hagnaði.

Arðsemi eigin fjár var 30 prósent samanborið við 16,4 prósent árið 2004.

Bakkavör tók stakkaskiptum á síðasta ári með 73,7 milljarða yfirtöku á Geest og því er félagið varla samanburðarhæft á milli ára. Þó sést að hagnaður á hlut jókst úr 0,8 pensum í 2,0 pens en ekkert nýtt hlutafé var gefið út í tengslum við kaupin.

Tekjur félagsins á árinu námu



**LÝÐUR OG ÁGÚST GUÐMUNDSSYNI** Hagnaður Bakkavarar var 3,5 milljarðar á síðasta ári sem er í góðu samræmi við væntingar greiningardeilda.

tæpum 78,6 milljörðum króna og var hagnaður fyrir afskriftir

(EBITDA) 9,4 milljarðar króna. Yfirtakan á Geest var skuldsett og því skiptir sjóðsstreymið miklu máli til að geta staðið undir afborgunum af lánum. Frjálst fjárflæði var 7,1 milljarður en það er sú upphæð sem er til frjálsrar ráðstöfunar. Handbært fé fyrir skatta og vexti var 11,3 milljarðar í árslok.

Eignir félagsins voru 123,5 milljarðar í árslok en eigið fé tæpir fjórtán milljarðar króna.

Stjórn félagsins gerir í fyrsta skipti tillögu um að greiddur verði arður og leggur hún til 25 prósentu arð af nafnvirði hlutafjár.

- epa

### Seld fyrir páskana

Gert er ráð fyrir að söluferlinu á Danól og Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ljúki fyrir páska. Í fyrsta áfanga söluferlisins fá áhugasamir fjárfestar afhent almenn kynningargögn um fyrirtækin og markaðinn og skila inn upplýsingum um sig og ráðgjafa sína. Fjárfestar sem taldir eru koma til greina fá frekari kynningu á fyrirtækjunum.

Alls hafa 42 fjárfestar, bæði innlendir og erlendir, haft samband við MP Fjárfestingarbanka og óskað eftir gögnum um fyrirtækin. Tilkynnt var að Danól og Ölgerðin Egill Skallagrímsson væru til sölu í liðinni viku. Verða félögin seld saman eða hvort í sínu lagi að því gefnu að ásættaleg kauptilboð berist.

### Tap Atlantic eykst milli ára

Færeyska olíuleitarfyrirtækið Atlantic Petroleum tapaði um eitt hundrað milljónum króna á síðasta ári. Tap félagsins á fjórða ársfjórðungi nam 63 milljónum króna. Þetta er talsvert meira tap en árið 2004 en þá nam það 27 milljónum króna.

Taprekstur félagsins á síðasta ársfjórðungi var nokkru meiri en stjórnendur fyrirtækisins höfðu reiknað með og stafar hann af því að leyfi til olíuleitar voru afskrifuð að fullu þar sem ekki þótti sýnt að olía eða gas myndist á ákveðnum leitarsvæðum.

Félagið er enn tekjulaust en stjórnendur þess búast við að fyrstu tekjur fari að streyma inn seint á þessu ári. Atlantic er fjárhagslega stöðugt og á 165 milljónir króna í handbæru fé.



**UNGBARNA NUDDNÁMSKEIÐ**  
**FIMMTUDAGINN**  
02.03 '06  
KL. 15.00

**HEILSUSETRI ÞÓRGUNNU**  
EGILSGÖTU 30 101 RVK.  
www.heilsusetur.is og  
5521850 - 8969653.

## Ég fæ mér hafragraut milli mála þegar ég verð svöng



*Það tekur aðeins 2 1/2 mínútu að elda hafragraut í örbylgjuofninum. Fljótleg og holl millimáltíð hvar sem er og hvenær sem er.*

**Aðeins 2 1/2 mínúta**



- 1 Helltu haframjölinu úr pökunum í skál
- 2 Settu 1,5 dl. af vatni út í (notaðu pokann undir vatnið - nákvæmlega rétti skammturinn)
- 3 Tilbúinn í örbylgjuofninum á 2 1/2 mínútu



8 pökar í hverjum pakka. Auðvelt að taka með sér hvert sem er.

„Mamma sagði alltaf að flóuð mjólk væri það besta fyrir svefninn.  
Reglubundinn sparnaður virkar jafnvel betur.“



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [www.landsbanki.is](http://www.landsbanki.is)

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi,  
á [landsbanki.is](http://landsbanki.is) eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú  
tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir  
í sparnað... ert þú.

Eyddu í sparnað.



HARRY BELAFONTE (1927)  
FÆDDIST PENNAN DAG.

„Þú getur fangelsað  
söngvarann en ekki  
sönginn.“

Harry Belafonte er söngvari sem  
kannski er þekktastur fyrir  
bananasönginn þar sem hann  
syngur Dey-O með innlifun. Hann  
starfar nú að mannúðarmálum.



## PETTA GERÐIST > 1. MARS 1989

### Langþráður bjórdagur rennur upp

Á þessum degi árið 1989 var leyfð sala og framleiðsla á áfengu öli eftir 74 ára hlé. Pennan dag seldust 340 þúsund dósir af bjór en þar af keyptu höfuðborgarbúar stærstan hluta, eða 213 þúsund dósir. Egils Gull og Löwenbrau virtust eiga miklum vinsældum að fagna enda seldust þær tegundir upp á stuttum tíma.

Segja má að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi komist vel frá þessum viðskiptum enda komu um sextíu milljónir króna í kassa verslunarinnar á þeim fyrstu þremur dögum



sem bjórinn var leyfður. Langar biðraðir mynduðust við verslanir ÁTVR og létu margir það ekki á sig fá að standa í lengri tíma í miklum kulda til að komast inn í búðirnar.

Mikil gleði ríkti á þeim veitingastöðum þar sem sýnd hafði verið sú fyrirhyggja að sækja um og fá söluleyfi fyrir bjór. Lögreglan hafði þó talsverðan viðbúnað af ötta við að ölóðir menn myndu ráfa um bæinn. Allt fór þó vel fram.

Dagurinn vakti nokkra athygli útlendinga og höfðu erlendir fjölmiðlar sent fréttamenn á staðinn til að fylgjast með umskiptunum og drykkjuvenjum Íslendinga.

Gert var ráð fyrir að milljarður króna rynni til ríkisins á þessu ári af bjórsölnunni og var sú tala sett í fjárlögin.

## MERKISATBURÐIR

- 1692 Nornaveiðar hefjast í þorpinu Salem í Bandaríkjunum.
- 1905 Talsmaskrá Reykjavíkur, fyrsta símaskráin, er gefin út. Í henni voru nöfn 99 simnotenda.
- 1932 Sýni flugkappans Charles Lindbergh er rænt af heimili hans.
- 1964 Davíð Stefánsson skáld frá Fagraskógi andast, 69 ára.
- 1968 Sveitasöngvararnir Johnny Cash og June Carter ganga í það heilaga.
- 1970 Ísland gerist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA.
- 1988 Skykt verður að aka með ljósum allan sólarhringinn á Íslandi.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## AFMÆLI



Árni Johnsen, fyrrverandi þingmaður, er 62 ára.



Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi, er 51 árs.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Laufey Mariasdóttir**

Dalbraut 27, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 24. febrúar. Jarðarförin fer fram mánudaginn 6. mars kl. 15.00 í Neskirkju. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á líknarfélög.

Ragnheiður Ása Ragnarsdóttir  
María Ragnarsdóttir  
Eiríkur G. Ragnarsson  
Þórir S. Ragnarsson  
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar,

**Kristbjörg Pétursdóttir**

fv. kennari, Holtagerði 84 Kópavogi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þriðjudaginn 21. febrúar. Útför hennar verður gerð frá Kópavogskirkju föstudaginn 3. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnst hennar er vinsamlega bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð. Fyrir hönd vandamanna,

Þórir Hjálmarsson  
Magni Hjálmarsson



Okkar einlægur og ástkær unnusti, sonur, bróðir, tengdasonur, barnabarn og mágur,

**Tómas Ýmir Óskarsson**

til heimilis að Keilusíðu 6h, Akureyri,

lést af slysförum laugardaginn 25. febrúar sl.  
Útför auglýst síðar.

Ásdís Hanna Bergvinsdóttir

Óskar Snæberg Gunnarsson Jóhanna Kristín Arnþórsdóttir

Lene Zachariassen

Íris Björk Óskarsdóttir

Eyþór Freyr Óskarsson

Bergvin Jóhannsson

Sigurlaug Anna Eggertsdóttir

Gunnar Rögnvaldsson

Kristín Óskarsdóttir

Björg Zachariassen

Sigríður Valdís, Anna Bára og Berglind Bergvinsdætur og fjölskyldur þeirra.

**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR**  
- allt að 50% afsláttur

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á [www.shelgason.is](http://www.shelgason.is)



**S:HELGASON**

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | [www.shelgason.is](http://www.shelgason.is)



FÓTBOLTASJÚKLINGUR OG AÐFLUTTUR ANDSKOTI Hermann hefur búið í Hafnarfirði í sextán ár. Hann segist vera mikill fótboltasjúklingur og heldur mikið upp á Manchester United.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HERMANN GUÐMUNDSSON: RÁÐINN FORSTJÓRI OLLÍUFÉLAGSINS

# Frammari inn við beinið

„Þetta er bara dagur eitt en auðvitað er maður fullur bjartsýni,“ segir Hermann Guðmundsson nýráðinn forstjóri Ollíufélagsins. Hermann hefur síðastliðið þrjú og hálf ár starfað sem framkvæmdastjóri Bílanausts sem keypti ásamt öðrum fjárfestum allt hlutfélagið í Ollíufélaginu í byrjun febrúar.

„Eftir að hópurinn sem keypti félagið var búinn að ráða ráðum sínum fannst þeim eðlilegast að biðja mig um að taka að mér þetta starf þar sem ég hafði unnið með þeim í nokkur ár á sama tíma og ég er einn af stærri hluthöfum í þessu félagi,“ útskýrir Hermann en segir allt of snemma að segja hvort ný forstjórinn vilji breyta einhverju. „Félagið er geysilega vel rekið og engin aðkallandi þörf á breytingum. Nýjum mönnum fylgja nú samt

alltaf einhverjar áherslubreytingar,“ segir hann og hlakkar til að takast á við það verkefni að stýra Ollíufélaginu sem er í dag stærsti söluaðili eldsneytis á Íslandi og seldi á síðasta ári um 350 milljónir lítra af eldsneyti.

Hann mun þó sakna margs úr sínu gamla starfi. „Þar er mikið af skemmtilegu fólki og ég var á kafi í alls konar verkefnum sem við vorum að undirbúa fyrir sumarið en ég missi af að ganga í gegnum og klára,“ segir Hermann sem verður þó áfram með puttana í málum Bílanausts enda er hann einnig framkvæmdastjóri móðurfélagsins sem á bæði Ollíufélagið og Bílanaust.

Mikið er um að vera hjá Hermann bæði í vinnu og einkalífi en hann hefur verið að hamast við að flytja undan-

farið. Fyrir hálfu ári keypti fjölskyldan hús við Sævang í Hafnarfirði og hefur verið að dunda sér við að breyta og innrétta upp á nýtt. Í Hafnarfirði hefur Hermann búið í sextán ár og líkar vel. „Konan mín er innfæddur gaflari en ég er aðfluttur andskoti eins og þeir segja heimamenn,“ segir hann glettinn.

„Ég er mikill fótboltasjúklingur,“ segir Hermann inntur eftir áhugamáli. „Ég er Manchester United-maður en Frammari inn við beinið,“ segir hann hlæjandi en Hermann spilaði sjálfur með Haukum í Hafnarfirði í tuttugu ár en hætti fótboltaðkun síðasta sumar þegar hann sleit vöðva í læri. „Þá sá ég fram á að þetta væri orðið gott enda hættur að taka framförum,“ segir hann kíminn. ■

## ANDLÁT

**Sigríður Erlendsdóttir**, Hæðargarði 33, Reykjavík, lést laugardaginn 25. febrúar.

**Teitur Kristjánsson**, Digranesheiði 13, Kópavogi, lést á heimili sínu föstudaginn 24. febrúar.

**Halldór Guðmundsson**, fyrrverandi rafvirkjameistari Pósts



Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110.

893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.

Stofnab 1990

og Síma, Suðurengi 30, Selfossi, andaðist á Landspítala við Hringbraut sunnudaginn 26. febrúar.

**Rannveig Sigurðardóttir**, Lautasmála 1, Kópavogi, lést á líknardeild Landakots föstudaginn 24. febrúar.

**Þorvaldur Óskarsson**, Mánagötu 3, Grindavík, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 24. febrúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Elísabet Sigurbjörg Thorarensen**, Dalbraut 27, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Steinunn Magnúsdóttir** verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Hafnarfirði.

15.00 **Ágústa María Ahrens**, áður til heimilis í Barmahlíð 19, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni.



# Úrval af húsgögnum á vaxtalausum kjörum

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



\*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.



Gildir til 7. mars eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

# Vantar þig starfskraft?

38%



Fréttablaðið

18%



Mbl.

## Yfir 111% fleiri lesendur að atvinnublaði Fréttablaðsins!

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005) nærðu til **rúmlega tvöfalt fleiri Íslendinga** á aldrinum 20 - 40 ára með því að auglýsa í **atvinnublaði Fréttablaðsins** frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að 38% af þeim lesa **Allt - atvinna, sem fylgir frítt** með Fréttablaðinu alla sunnudaga. Aðeins 18% lesa hins vegar atvinnublað Morgunblaðsins og því eru **111% fleiri** sem sjá auglýsinguna í Fréttablaðinu.

Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að auglýsa.

Hvar birtist auglýsingin þín?



Um 150.000 lesendur

### allt - atvinna

- mest lesna atvinnublaðið

Þorgeir Ástvaldsson | Kristófer Helgason | Ásgeir Páll Ágústsson

**989**  
BYLGJAN

Allir eru að hlusta!

Reykjavík síðdegis  
Alla virka daga 16-18:30



## STUÐ MILLI STRÍÐA Ýkt mikið stuð

STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON GERIR SITT FYRSTA STUÐ



Jæja, þá er bara komið að því. Fyrsta skiptið sem ég fæ að skrifa í þennan dálk. Verð að segja að þetta er frekar mikill heiður. Er myndin ekki annars bara ágæt? En hvað á maður annars að skrifa um í þessum dálki? Hvað þýðir annars þetta stuð milli stríða? Ætli þetta sé ekki einhvers konar útfærsla á stund milli stríða, nema að við erum svo hress að við höfum gott stuð í staðinn fyrir dauflega og einhæfa stund. Erum við annars á

milli stríða? Erum við ekki í stríði gegn hryðjuverkjum og síðast þegar ég vissi var stríðið ennþá í fullum gangi í Írak. Er ekki líka nýhafið nýtt trúarbragðastríð útaf teiknimyndum? Reyndar geisar ekkert stríð hérna á Íslandi og hefur ekki gert síðan á tímum Sturlunga, ekki nema að maður telji þorskastríðin með, eða hvíta stríðið. Snýst þetta stuð milli stríða kannski ekkert um öll þessi stríð? Nei, ætli það. Er samt alltaf skrifað um stuð í þessum dálki? Nei, nefnilega ekki. Fólk er einmitt oft í miklu óstuði hérna, skrifaði um hvað það sé leiðinlegt á djamminu (orð sem ég ætla að forðast að skrifa), hvað því gangi illa í líkamsræktinni og hvað fólk

almennt í kringum það geti verið miklir hálfvitar. Er það stuð milli stríða? Kannski eru þetta ábendingar til fólks um hvernig eigi að koma á almennu stuðástandi? Vissulega göfugt markmið. Ég ætla að hafa þetta markmið að leiðarljósi, að koma á almennu stuði í heiminum í staðinn fyrir þennan frið sem hvergi gengur að koma á. Auk þess liggur í augum uppi að ég eigi að skrifa um stuð enda stuðlar stuð við Steini (úpps, ofstuðlun). Hef verið kallaður ýmsum nöfnum tengdu stuði; Steini Stuð, Steini Stuðbolti og núna Steini Stuðari. Steini Stuð kveður samt í bili og vonar að pistill hans hafi komi einhverjum í allavega örflítið stuð. ■

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Overli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Pú og pa

Eftir SÖB



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



**Milljónamiðar**

**leynast enn á sölustöðum.**

**Finnur þú þann næsta?**

*Sá á fund sem finnur*

Gerir lífið meira spennandi





**HAFIÐ BLÁA**  
Í AUSTURBÆ

Sun 05.03 kl: 13.30  
Sun 12.03 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ  
og á midl.is.  
Miðasala Austurbæjar  
er opin milli  
13 - 17 alla daga  
sími : 551 4700



DAGSKRÁIN KYNNT Efnt var til blaðamannafundar í Iðró á gær þar sem Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, og fleiri aðstandendur hennar kynntu fjölskrúðuga dagskrá Listahátíðarinnar í vor.

## Hátíðin tekur á sig mynd

Dagskrá Listahátíðar hefur verið gerð opinber. Um sex hundruð listamenn taka þátt í hátíðinni í vor og boðið verður upp á um 50 viðburði.

„Þarna verður rjóminn af öllum þeim sem eru á leiðinni á toppinn – eða eru þar nú þegar,“ segir Guðrún Kristjánsdóttir, sem er kynningarstjóri Listahátíðar í Reykjavík og þekkir dagskrána ofan í kjólinn.

Þegar hún er spurð hvað henni finnst markverðast af öllum þeim aragrúa dagskrárlíða sem í boði eru, þá nefnir hún fyrst frönsku óperuna Föðurlandið, sem franska tónskáldið Joseph-Guy Roarts skrifaði í byrjun 20. aldar. Þetta er eina ópera heimsbókmenntanna sem gerist á Íslandi samin af erlendu tónskáldi. Hún fjallar um franskan sjómann sem lifir af sjóslýs úti fyrir ströndum landsins og verður ástfanginn af íslenskrí stúlku.

Það er Sinfóníuhljómsveit

Íslands sem flytur Föðurlandið ásamt söngvurunum Sigrúnu Hjálmtýsdóttur, Bergþóri Pálssyni og Gunnari Guðmundssyni.

„Mér finnst þetta ákaflega spennandi, ekki síst af því að þessi ópera gleymdist svo lengi. Þetta hefur verið vel geymt leyndarmál um ástir íslenskrar stúlku og fransks sjómanns, því auðvitað var slíkt byrjað löngu áður en Kaninn kom.“

Eitt stærsta atriði dagskrárinnar verður síðan að teljast tónleikar með afrísku söngkonunni Miriam Makeba, einum áhrifamesta listamanni 20. aldar.

„Hún ætlar að halda grand finale á Íslandi, klára ferilinn hér. Henni fannst það við hæfi, enda er hún mikill friðarhöfðingi og Ísland er eina landið í Evrópu sem hún hefur ekki sungið í,“ segir Guðrún.

Dagskrá hátíðarinnar verður óvenju fjölbreytt í ár, alls eru um 50 atriði á dagskránni og fram koma 400 íslenskir listamenn og 200 erlendir. Meðal nokkurra af hápunktunum má nefna brasilíska



MIRIAM MAKEBA Ætlar að ljúka sögulegum ferli sínum með tónleikum í Laugardalshöllinni.

nútímadansflokkinn Grupo Corpo, pólska harmonikutríóið Motion Trio, sem lætur harmonikurnar hljóma öðruvísi en áður hefur þekkt, búlgarska kvennakórinn Angelite, ensku endurreisnar-söngsveitina I Fagiolini og djasstrío Anders Widmark, sem flytur tónlist úr óperunni Carmen í eigin djass-útgáfu.

Listahátíð hefst 12. maí og stendur til 2. júní. Í gær var opnuð ný heimasíða Listahátíðar á slóðinni www.listahatið.is þar sem lesa má um alla dagskrárlíðina, skoða myndir og hljóða á tónlist. ■

## pörupiltar

á Kringlukuránni miðvikudagkvöld kl. 22:00

Uppistand, dans, söngur, glens og mikið grín!



Leikkonur: Alexía, Arnþjórg Hlíf, Halldóra Geirharðs, Ólafía Hrönn, Halla Margrét, Hildigunnur, Ingrid, Sólveig og María.

Aðgangseyrir 1200 kr.



BJÓÐLEIKHÚSIÐ

## Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

Aukasýningar í mars: Sun. 5/3 **uppselt** og sun. 12/3 örfá sæti laus, sun. 19/3 nokkur sæti laus, sun. 26/3. **Síðustu sýningar.**

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Aukasýningar sun. 5/3 kl. 13:00 örfá sæti laus og sun. 12/3 kl. 13:00. **Allra síðustu sýningar.**

VIRKJUNIN

Frumssýning fös. 3/3 örfá sæti laus, 2. sýn. lau. 4/3 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 9/3 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 10/3 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 11/3 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 **uppselt**, þri. 7/3 **uppselt**, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 19/3 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 örfá sæti laus, mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppselt**.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður  
Sun. 5/3 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/3 kl. 18:00 **uppselt**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Frumssýning lau. 4/3 **uppselt**, fim 9/3 **uppselt**, fös. 10/3 **uppselt**, lau. 11/3 örfá sæti laus, fim. 16/3, fös. 17/3.

**Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN

Jassklúbburinn Múlinn - Tríó Agnars Mús Magnússonar

Í kvöld mið. 1/3 kl. 21:00. Aðgangseyrir kr. 1.000.  
**Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**  
Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.  
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



Sun. 05.03 kl. 20:00 laus sæti

MIÐASALA: WWW.MID.IS OG Í AUSTURBÆ 551 4700



**HIMNARÍKI**  
Geðkólinn þarmanlekur  
eftir Árna Magnússonar

Fös. 3. mars. kl. 20 örfá sæti laus  
Fös. 10. mars. kl. 20  
Lau. 18. mars. kl. 20

SÝNINGUM LÝKUR Í MARS!

**EF**  
eftir Valgeir Skagfjörð/  
Einar Mú Guðmundsson

Þri. 28. feb. kl. 09.00 UPPSELT  
Mán. 6. mars. kl. 09.00 UPPSELT  
Þri. 7. mars. kl. 09.00 UPPSELT  
Mið. 8. Mars. kl. 09.00 UPPSELT

**VIÐTALIÐ**  
eftir Láilu Margrétu Arnþórsdóttur

fim. 2. mars kl. 20 - forsýning  
lau. 4. mars kl. 20 - frumsýning  
sun. 5. mars kl. 20  
lau. 11. mars kl. 20  
sun. 12. mars kl. 20  
fös. 17. mars kl. 20  
sun. 19. mars kl. 20  
fös. 24. mars kl. 20  
sun. 26. mars kl. 20

MIÐAPANTANIR Í SÍMA 555 2222 OG Á MIDL.IS



**Le'sing**  
Syngjandi þjónar  
Ein vinsælasta leiksýning landsins.  
Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg


**BROADWAY**  
Sími: 533-1100



**visir**

**NFS ER Á VISIR.IS**  
Bein útsending á VefTV og  
upptökur þegar þér hentar

**NFS**



**BORGARLEIKHÚSIÐ**

Stóra svið Nýja svið / Litla svið

<b>RONJA RÆNINGJADÓTTIR</b>	<b>BELGÍSKA KONGÓ</b>
Lau 4/3 kl. 14 UPPS. Su 5/3 kl. 14 UPPS. Lau 11/3 kl. 14 UPPS. Su 12/3 kl. 14 UPPS. Lau 18/3 kl. 14 Su 19/3 kl. 14	Lau 4/3 kl. 20 UPPS. Su 5/3 kl. 20 Fö 10/3 kl. 20 Lau 11/3 kl. 20 UPPS. Su 12/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20 Fi 6/4 kl. 20
<b>CARMEN</b>	<b>ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR</b>
Fö 3/3 kl. 20 Lau 4/3 kl. 20 Lau 11/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20 Lau 25/3 kl. 20	Fi 2/3 kl. 20 Fö 3/3 kl. 20 UPPS. Fi 9/3 kl. 20 Mi 15/3 kl. 20 Fi 16/3 kl. 20 Fö 23/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20 Lau 25/3 kl. 20
<b>TALAUÐU VIÐ MIG -ÍD-</b>	<b>HUNGUR</b>
Su 5/3 kl. 20 Gul kort. Fö 10/3 kl. 20 Rauð kort Su 19/3 kl. 20 Græn kort Su 26/3 kl. 20 Blá kort	Lau 4/3 kl. 20 Mi 8/3 kl. 20 Fö 10/3 kl. 20 Fi 16/3 kl. 20 Fö 17/3 kl. 20
<b>WOYZECK</b>	<b>ATH TAKMARKAÐUR SÝNINGARFJÖLDI</b>
AUKASÝNINGAR: Su 12/3 kl. 20 Fi 23/3 kl. 20	<b>NAGLINN</b>
<b>PÍKUSÖGUR</b>	Fi 2/3 kl. 20 Fö 3/3 kl. 20 UPPSELT Lau 11/3 kl. 20 Su 12/3 kl. 20 UPPSELT
Í kvöld kl. 20 í telfni af V-DEGINUM flytja þingkonur þetta þekta verk Eve Ensler	<b>GLÆPUR GEGN DISKÓINU</b>
	Í kvöld kl. 20 UPPSELT Fö 17/3 kl. 20 Su 26/3 kl. 20

MIÐASALA Í SÍMA 568 8000 - www.borgarleikhus.is

# Ræða um rokk og bítl í Keflavík

Á laugardaginn kemur standa Félag Þjóðfræðinga á Íslandi, Sagnfræðingafélag Íslands og Byggðasafn Reykjanesbæjar að fræðaráðstefnu í Keflavík þar sem sjónum verður einkum beint að dægur- og rokkmenningu, auk sagnamenningar á Suðurnesjum. Frá árinu 1999 hafa sagn- og þjóðfræðingar staðið árlega að ráðstefnu utan höfuðborgarsvæðisins þar sem fjölbreyttir fyrirlestrar hafa verið í boði um ákveðin meginþemu.

Markmiðið hefur jafnan verið að auka tengsl háskóla- og fræðasamfélagsins við almenning „úti á landi“. Sú er líka raunin í ár. Samvinna mismunandi fræðigreina hefur gefist vel á fyrri ráðstefnum og að því hefur einnig verið stefnt núna, að sögn Aðalheiðar Guðmundsdóttur, formanns þjóðfræðinga: „Það eru uppi raddir í fræða-



**UNDIRBÚNINGSNFEND LANDSBYGGÐAR-RÁÐSTEFNUNNAR** Guðni Th. Jóhannesson, Sigrún Ásta Jónsdóttir, Rósa Þorsteinsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir. Á myndina vantar Svavar Hávarðsson og Kristján Pálsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

samfélaginu um að fræðigreinar eigi að tala meira saman og kynna sér aðferðir og viðhorf sem ríkja í öðrum greinum; það er einmitt þetta sem gerist á landsbyggðar-ráðstefnunum.“  
Sigrún Ásta Jónsdóttir, safn-

stjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar, kveðst einnig fagna því að fá fjölda fyrirlestra um dægurmenningu á Suðurnesjum: „Saga svæðisins er um margt sérstök og ólík þeim meginlínunum sem við erum vön að greina í landssögunni. Allt frá miðöldum hefur streymt hingað fjöldi fólks á vertíð og þannig orðið mikil félagsleg blöndun. Á 20. öld heldur sama mynstrið áfram, fólk streymdi hingað til að vinna upp á Velli, sumir stoppuðu stutt við en aðrir eignuðust hér heimili.“ Ráðstefnan er opin öllum en þeir sem vilja sitja hana þurfa að skrá sig í dag 1. mars, annaðhvort hjá Guðna Th. Jóhannessyni í síma 895 2340 eða Aðalheiði Guðmundsdóttur í síma 868 0306. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á [www.akademia.is/saga](http://www.akademia.is/saga) og [www.akademia.is/thjodfraedingar](http://www.akademia.is/thjodfraedingar).

## ÖSKUBUSKA

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI**

7. sýn. 3. fös. 3. mars kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS  
 8. sýn. sun. 5. mars kl. 15 - KYNNING KL. 14.15 - ÖRFÁ SÆTI LAUS  
 9. sýn. fös. 10. mars kl. 20 - 10. sýn. lau. 11. mars kl. 20 - LOKASÝNING  
**KYNNING FYRIR SÝNINGU Í BODI VINAFÉLAGSINS - KL. 19.15**

**ÁSTARDUETTAR OG MANSÖNGVAR - HÁDEGISTÓNLEIKAR 7. MARS KL. 12.15**  
 Einar Th. Guðmundsson, barítón, Katharina Th. Guðmundsson, sópran og Kurt Kopecky, píanó.

[www.opera.is](http://www.opera.is) | [opera@opera.is](mailto:opera@opera.is) | Sími: 511 4200

Miðsalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðsala á Netinu allan sólarhringinn.

**ÍSLENSKA ÓPERAN**

## B

**Nína og Geiri**  
söngbók  
 Björgvins Halldórssonar

Leikstjóri: Gunnar Helgason

4. mars. Fá borð laus  
 17. mars. Fá satti  
 18. mars. **Kynning** Fá satti  
 25. mars. Fá borð laus.

Ógrúddir ríðir seðir háttumánuði fyrir viðburð.

**5331100**  
Netfang: [miðsala@broadway.is](mailto:miðsala@broadway.is)

**BROADWAY** **Aðeins þessar sýningar**



**TRÍÓ AGNARS MÁS MAGNÚSSONAR** Þeir ríða á vaðið á vordagskrá Múlan í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

## Agnar Már í Múlanum

Djassklúbburinn Múlinn er að fara af stað með vordagskrá sína. Múlinn verður áfram til húsa í Þjóðleikhúskjallaranum eins og verið hefur í vetur.

Tónleikaröð hefst á tónleikum með Trío Agnars Más Magnússonar, en alls eru tólf tónleikar á dagskránni fram í miðjan maí. Dagskráin er bæði metnaðarfull og fjölbreytt, afar lýsandi fyrir þá miklu grósku sem einkennir íslenskt djasslíf um þessar mundir.

Trío píanóleikarans góðkunnna Agnars Más ríður á vaðið í kvöld. Með Agnari spila þeir Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson bassa-leikari og Scott McLemore á trommur. Tríoð mun leitast við að finna ókannaða og ferska fleti á sínum uppáhaldstónsmíðum.

Þess má geta að bæði Agnar og Valdimar voru tilnefndir til Íslensku tónlistarverðlaunanna á síðasta ári.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og aðgangseyrir er þúsund krónur. ■

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

26 27 28 **1** 2 3 4

#### Miðvikudagur

##### ■ ■ TÓNLEIKAR

20.00 **Þórir** heldur tónleika í Hellinum. Þeir sem koma fram eru Johnny Sexual, Fighting Shit (Þórir á gítar), My Summer as a Salvation Soldier og óvæntir gestir. Ekkert aldurstakmark.

22.30 Hljómsveitirnar **Jeff Who** og **Ég** spila á miðvikudagstónleikum Dillon þessa vikuna.

##### ■ ■ FYRIRLESTRAR

12.00 **Ásta Þorleifsdóttir** fjallar um íbúalýðræði og báttökustjórnu í erindi sínu á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri, stofu L201 á Sólborg við Norðurslóð.

12.15 **Lovísa Ásbjörnsdóttir**, jarðfræðingur Ní, flytur fræðsluerindi: „Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar opnar nýja sýn“, á Hrafnþingi Náttúrufræðistofnunar, í sal Möguleikhússins við Hlemmtorg í Reykjavík.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



## Fyrstu skrefin - NÝTT!

Í fyrsta skipti á Íslandi: Nýr þáttur um allt sem viðkemur foreldrahlutverkinu á fyrstu æviskeiðum barnsins í umsjón Guðrúnar Gunnarsdóttur.

**Hefst í kvöld!**

mið  
kl. 20.30

EINHEM / SIA / INW2006B

# Jómfrúartónleikar Rósu á fimmtudag

Rósa Guðmundsdóttir heldur jómfrúartónleika sína hér á landi ásamt átta manna hljómsveit á Þjóðleikhúskjallaranum á fimmtudagskvöld.

Rósa hefur verið búsett í New York undanfarin ár þar sem hún hefur verið viðloðandi tónlistina. Stofnaði hún meðal annars kvennahljómsveit þar í borg sem spilaði á Joe's Pub auk þess sem hún setti upp sýningu utan Broadway fyrir tveimur árum, sem fékk góðar viðtökur.

Rósa, sem er klassískt menntaður píanóleikari, byrjaði að semja tónlist árið 2002 og hefur verið dugleg við að semja allar götur síðan, meðal annars fyrir strengjahljóðfæri. Fyrir tónleik-

ana á fimmtudag fékk hún til liðs við sig bandaríska sálarsöngkonu og systur sína og munu þær hjálpa henni að koma tónlistinni í réttan farveg.

Rósa segist stefna að því að fara aftur út til New York um leið og hún fær landvistarleyfi á nýjan leik. Þangað til ætlar hún að einbeita sér að tónlistinni og segir það ekki útilokað að hún muni taka upp sína fyrstu plötu hér á landi.

Tónleikarnir í Kjallaranum hefjast klukkan 21.00 og er miðaverð frjálst. ■

RÓSA GUÐMUNDSDÓTTIR

Tónlistarkonan Rósa heldur jómfrúartónleika sína hér á landi í kvöld.



## PERLUR Í PERLUNNI

### Sigurbjörg Prastardóttir skáld fór á bókamarkað



**Lífærameistarinn eftir Federico Andahazi.** Ég hef spilað fótbolta við þennan ágæta Argentína og fannst tímabært að lesa bók eftir hann.

**Blinda eftir Jose Saramago.** Ég hef aðallega lesið styttri verk eftir þennan mikla meistara, sem kom á bókmenntahátíð í fyrra, og ákvað að skella mér á þessa bók.

**Nancy Drew og leyndarmál gömlu kniplinganna eftir Carolyn Keene.** Ég keypti þessa upp á gamlan kunningskap. Bækurnar um Nancy eru skemmtilega þýddar, þabbi hennar var til dæmis málafærslumaður.

Ég man að ég las margar bækur sem barn án þess að vita hvað það merkti.

**Inn og út um gluggann eftir Kristínu Ómarsdóttur, Önnu Hallin og Ósk Vilhjálmsdóttur.** Þetta er ljóðabók með myndum. Hressileg bók eftir skemmtilegar listakonur.

**Ofurnæfur eftir Erlend Loe.** Þetta er ein af mínum uppáhaldsbókum, en ég ætla að gefa þetta eintak.

# Grettir sterki gerir usla í London

**Breski fjármálaráðgjafinn, kennarinn og rithöfundurinn James Skidmore heillaðist af Gretti Ásmundarsyni þegar hann las sögu kappans og hefur nú gefið út samtímaskáldsögu þar sem Grettir gengur, með afsagaðri haglabyssu, milli bols og höfuðs á víkingum í Notting Hill.**

„Vinur minn sem lagði stund á norræn fræði í Cambridge benti mér á að lesa Íslendingasögurnar og þá sérstaklega Grettis sögu,“ segir James Skidmore sem hefur skrifað það sem hann kallar nútímaútgáfu af Grettis sögu.

The Saga of Grettir Ásmundarsen, sem Skidmore gefur út sjálfur undir höfundarnafninu James Steel, er þó um margt frábrugðin gömlu Grettli enda er söguviðið London og þá ekki síst Notting Hill. Sagan segir frá fjárfestinum Simon Palmer sem hefur komið sér í kröggur sem verða þó smámunir þegar hann kynnist fyrir óheppilega tilviljun víkingnum og tröllinu Gretti. Það er því óhætt að segja að Grettir sé fjarri heima-högunum á Íslandi bæði í tíma og rúmi en Skidmore segist hafa talið það af og frá að skrifa um Gretti á Íslandi þar sem hann þekki ekkert til staðhátta þar. „Ég kaus því ein-

faldlega að flytja Gretti á mínar slóðir og söguviðið er því fjármálaumhverfið í London. Ég held líka að það hafi verið mjög gott að færa söguviðið til, enda er ég viss um að það hefði bæði verið fáránlegt og leiðinlegt að endurskrifa hana beint.“

## Bölvun og sálarþoka

Fyrstu tveir kaflar bókarinnar gerast í Svíþjóð árið 792 og Konstatínópel árið 1451 en síðan vindur Skidmore sér til Lundúna á okkar dögum. Þar verður Simon vitni að því þegar Grettir í jötunmód skýtur höfuðið af víkingi með afsagaðri haglabyssu. Kappinn kemur svo sökinni yfir á Simon sem lendir í slagtogi með Gretti og dregst inn í aldalöng átök Grettis við Ragnar bláa og ribbalda-hyski hans. Til að bæta gráu ofan á svart hvílur bölvun á Gretti en óværan sú gerir honum kleyft að breyta sér í tröll. Bölvuninni fær hann ekki aflétt nema hann endurheimti spegil sem nornin, móðir hans, átti og hafði fallið í hendur Ragnars.

Þegar Simon kynnist Gretti er hann miðaldra maður sem heldur til í Notting Hill og glímur við þunglyndi sem hann kallar sálarþoku. Það sem heillaði mig við persónu Grettis er hversu mannlegur hann er. Grettis saga er mjög raunsæ og sálfræðileg. Grettir reynir að vera góður en tekst það ekki. Ég er mjög hrifinn af breyskum persónum og þó Grettir sé hetja sögunnar er hann líka tröll sem drepur fólk í neðanjarðarlestar-göngum í London. Þetta er saga manns sem glímur við sjálfan sig og samtíma sinn um leið og hann leitar að æðri tilgangi.“

Saga Grettis er því enn sem fyrr harmsaga enda leiðast Skidmore bækur sem enda vel. „Það er allt of mikið um góða enda þar sem allt felur í ljúfa löð. Það er dimur tónn í þessari bók en þrátt fyrir sorglegan endi má samt greina vonarglætu en þannig er nú lífið ansi oft.“

Draugurinn Glámur er fjarri góðu gamni að þessu sinni en Skidmore vill þó meina að Grettir burðist samt með hann enn þá. „Ég steypiti Glámi eiginlega saman við persónu Grettis og það má segja að í tröllseðli hetjunnar leynist draugurinn enda verða augu Grettis mjög áberandi þegar hann skiptir um ham.“

## Leitar að útgefanda

James segir að í upphafi hafi hann ekki vitað hvaða stefnu sagan tæki, það eina sem hann vissi fyrir víst var að hann vildi segja sögu af trölli sem gengi berserksgang í undirgöngum London. Þegar hann hafði velt þessu fyrir sér um nokkurt skeið sá hann að það væri rakið að byggja söguna á Grettli.

„Grettis saga hent- aði mér mjög vel þar sem hún er myrk og fjallar um félagslega ein-

angrun Grettis, útleð og morð en er samt mjög mannleg og býr yfir sterkum persónum.“

Skidmore fæddist í Cambridge og lærði mannkynssögu við Exeter háskóla í Oxford en þekktir fantasíuhöfundar á borð við J.R.R. Tolkien og Philip Pullman stunduðu nám í þeim sama skóla. Sjálfur vill Skidmore ekki flokka bók sína sem hreinræktaða fantasíu þótt hún sé býsna ævintýraleg enda megi hæglega lesa hana sem spennusögu.

Hann hellti sér síðar út í peningaviðskipti en kennir nú mannkynssögu og stjórnmálafræði við skóla í Kensington.

Skidmore gefur fyrstu prentun The Saga of Grettir Ásmundarsen út sjálfur en vonast til þess að vekja áhuga stærri útgefanda á henni þannig að hún fái almennilega dreifingu í Bretlandi. Bókin fæst í Bóksölu stúdenta í Reykjavík og Skidmore hefur mikinn áhuga á því að vita hvernig hún muni leggjast í íslenska lesendur. Hann hvetur því alla sem kynna sér bókina til þess að láta í sér heyra með tölvupósti á netfangið jamessteel10@yahoo.co.uk.

thorarin@frettabladid.is



JAMES SKIDMORE, RITHÖFUNDUR, THE SAGA OF GRETTIR ÁSMUNDARSEN

Frumsýnd 3. mars

# THE PINK PANTHER

SMS LEIKUR  
9. HVÉR VINNUR

Sendu SMS skeytið  
**JA PPF** á númerið **1900**  
og þú gætir unnið miða fyrir tvo.

Vinningar eru:  
**Biómiðar fyrir 2, DVD myndir, Tölvuleikir, Varningur tengdur myndinni, Myndavélar og margt fleira**

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.



NEMENDUR FRÁ FJÓRTÁN LÖNDUM Hópurinn var fjölþjóðlegur eins og alltaf.


# Fjölþjóðlegur útskriftarhópur

Útskrift hjá Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna fór fram á Grand Hótel á fimmtudaginn en þetta er í áttunda sinn sem nemendur eru útskrifaðir úr skólunum. „Við útskrifuðum þarna 23 nemendur á fjórum sviðum en nemendurnir koma frá alls fjórtán löndum,“ segir Tumi Tómasson fiskifræðingur og að hans sögn er þetta ekki í fyrsta skipti sem hópurinn er svo fjölþjóðlegur. „Skólinn er hluti af þróunarsamvinnu Íslendinga og

hefur vaxið mjög ört á undanförunum árum. Allir nemendurnir starfa sem fagfólk í sjávarútvegi í heimalöndum sínum og við tökum bara við þeim nemendum sem mælt er með af stofnunum þeirra. Fólk gengst við því að vinna að lágmarki í tvö ár hjá þeirri stofnun og er hjá okkur í sex mánuði.“ Skólinn leggur sig eftir samstarfi við lönd þar sem sjávarútvegur og fiskveiðar eru mikilvægar og þróunarmöguleikar góðir.



ÚTSKRIFT Í SJÁVARÚTVEGSFRÆÐUM Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna útskrifaði nemendur sína á fimmtudaginn.



Nærð þú athygli  
alls hópsins?

F110n/S1A F10.18452

\* Skv. Fjölmisjálakönnun Gallup Janúar 2006.



### Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur

Fréttablaðið kemur skilaboðum þínum og fyrirtækis þíns til fleiri lesenda en nokkuð annað dagblað. Samkvæmt nýjustu könnun Gallup\* lesa **43% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Það gefur augaleið að auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Mest lesið





**FRUMSÝNING**

BLÓÐBÖND

3. APRÍL 2008

KL. 6-8-10:10

KL. 4-6-8-10:10

KL. 3:30-5:45-8-10:10

KL. 5:15-8-10:30

KL. 4

KL. 10:20

KL. 9

KL. 8

KL. 3:30

KL. 6

KL. 4

CASANOVA

HANN VANDTUNGU OG HJÖRTU KVENNA ENNÍÐ STAL HJARTANU HANS

MUNICH

5 ÓSKARS-VERÐLAUNA 2008

BLÓÐBÖND

CASANOVA

BAMBI 2 ísl. tal

KL. 6-8-10

KL. 8-10

KL. 6

UNDERWORLD

EVOLUTION

MUNICH

5 ÓSKARS-VERÐLAUNA 2008

BLÓÐBÖND

UNDERWORLD 2

DERAILED

BAMBI 2 ísl. tal

ÖSKUDAGSBIÓ Í ÖLLUM SÖLUM

KL. 6-8-10:10

KL. 6-8-15-10:30

KL. 8:15-10:30

KL. 6

KL. 1

BLÓÐBÖND

CASANOVA

NORTH COUNTRY

MUNICH

CACHÉ

PRIDE & PREJUD.

BAMBI 2 ísl. tal

KL. 6-8-10:10

KL. 5:40-8-10:20

KL. 8

KL. 5:50-9

KL. 10:30

KL. 5:45-8:15

KL. 6

ALFABAKKI S: 587-8900      AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170      KRINGLAN S: 588-0800      HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919



**WIGWAM** Hljómsveitin Wigwam er á leiðinni hingað til lands í annað sinn.

## Tvennir tónleikar

Norska glyksrokkssveitin Wigwam heldur tvenna tónleika hér á landi um næstu helgi. Á laugardagskvöld spilar sveitin á Sjallanum í Akureyri og kvöldið eftir verður hún á Nasa.

Wigwam, sem lenti í 9. sæti í Eurovision í fyrra, kom til landsins síðasta sumar og spilaði óvænt í Smáralind fyrir framan um það bil þrjú þúsund manns. Seinna spilaði sveitin á Gauki á Stöng fyrir fullu húsi.

Miðasala á tónleikana fer fram í verslunum Skífunnar og á concert.is. Miðaverð er 1.900 krónur auk miðagjalds. ■



**MICK JAGGER** Mick Jagger og félagar í Rolling Stones halda tónleika í Kína í apríl. FRÉTTABLAÐID/AFP

## Í Kína í fyrsta sinn

Rokkhundarnir í The Rolling Stones halda sína fyrstu tónleika í Kína í apríl. Þrjú ár eru liðin síðan hljómsveitin hætti við tvenna tónleika í landinu vegna útbreiðslu bráðalungnabólgunnar sem þá gekk yfir Asíu.

Fyrir þá tónleika var sveitinni bannað að syngja löginn Brown Sugar, Honky Tonk Woman, Beast of Burden og Let's Spend the Night Together vegna þess að þau þóttu of gróf. Ekki er vitað hvort sama krafa hefur verið sett fyrir tónleikana í apríl. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Reese Witherspoon hefur tekið sess leikkonunnar Juliu Roberts og er orðin hæst launaða leikkona allra tíma. Reese mun fá 29 milljón dollara fyrir næsta hlutverk sitt en þá leikur hún í hryllingsmynd sem kallast Our Family Trouble. Julia Roberts fékk 24 milljónir dollara fyrir leik sinn í myndinni The Mona Lisa Smile. Reese er tilnefnt til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í



myndinni Walk the Line en hún hefur nú þegar hlotið Golden Globe og Baftaverðlaun fyrir leik sinn.

Kylie Minogue segir móður sína hafa hjálpað sér heimikið í baráttunni við brjóstkrabbameinið. „Það er sérstök ást sem ríkir á milli mín og móður minnar. Á meðan við dvöldum í París áttum við erfiða tíma en hlógum samt mikið líka,“ sagði Kylie. „Við uppgötvuðum hún á óvæntustu stundum og glamúr í skritnustu aðstæðunum.“



Fyrirverandi kærasti Keiru Knightley, Jamie Dornan, hefur viðurkennt að frægð hennar hafi plagað samband sitt við hana. Jamie segist hafa fundist hann vera í öðru sæti hjá leikkonunni. „Það er mikið álag á manni þegar maður er í sambandi með manneskju eins og Keiru. Karlinn þarf alltaf að vera sterkari pöllinn sambandinu og ég þáð svo sannarlega þá finnst manni eins maður þurfti að sanna sig á öðru sviði og það veldur vandræðum. Að lokum missti hún þolinmæðina á mér,“ sagði Jamie.



Nicole Kidman neitar harðlega að hún og söngvarinn Keith Urban hyggti gifta sig í næsta mánuði en orðrómur var uppi um að brúðkaupið yrði haldið þann 11. mars í Sidney, Ástralíu. „Allt í sambandi við þessa sögu er bull. Nicole Kidman er ekki að fara að giftast í næsta mánuði. Ég veit ekki um neitt brúðkaup, hvað þá brúðkaupsdag,“ sagði talsmaður Kidman. Párið hefur verið saman í ár en mætti saman á opinberlegan viðburð í fyrsta sinn snemma í þessum mánuði.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT:

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# WIGWAM

**SJALLANUM FÖSTUDAGSKVÖLD - NASA LAUGARDAGSKVÖLD**

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með Mastercard á forsöludegi Mastercard

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklubbs MasterCard, www.kreditkort.is/tilboðsklubbur

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.CONCERT.IS OG WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

CONCERT



### Auðvelt hjá HK

HK vann auðveldan sigur á Selfossi í gær, 37-28. Elías Már Halldórsson var markahæstur heimamanna með 11 mörk en Vladimir Duric skoraði mest fyrir Selfoss eða 13 mörk.

**sport**  
sport@frettabladid.is

EYJÓLFUR SVERRISSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI: EKKI ÁNÆGÐUR MEÐ AÐ TAPA FYRSTA LEIK

## Miðjan okkar er ekki nægilega þétt

Landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson kvaðst að sjálf-sögðu ekki ánægður með að tapa leiknum í gær en taldi þó að ýmislegt jákvætt mætti taka út úr leiknum. „Ég tel að við séum ekki nógu þéttir á miðjunni, við vorum það allavega í þessum leik. Þegar miðjan er svona opin þá gerir það vörninni náttúrulega erfitt fyrir eins og kom í ljós í mörkunum,“ sagði Eyjólfur við Fréttablaðið.

„Mér fannst Helgi Valur og Emil koma mjög vel út úr leiknum og það munaði um minna að hafa aðeins hálfra menn þarna frammi – Heiðar stíður eftir síðasta leik og Eidiur Smári veikir. En þeir vildu endilega spila og gerðu sitt besta en því miður var sóknarkrafturinn ekki nægur,“ sagði Eyjólfur.



Grétar Steinsson var sammála þjálfara sínum en sjálfur spilaði hann ekki eins vel og hann hefur gert í síðustu landsleikjum.

„Við þurfum náttúrulega meiri tíma til að slípa hlutina saman en mér fannst margt jákvætt í þessum leik. Þetta gekk ágætlega og við vorum að ná ágætis rispum inn á milli en því miður fengum við á okkur tvö ódýr mörk. Við eigum nóg inni, erum með góða leikmenn og ég held að liðið verði betra og betra með hverjum leik,“ sagði Grétar og bætti því við að það hefði bitnað sárlega á sóknarleik Íslands að Eidiur Smári var aðeins hálfur maður.

„Þegar Eidiur Smári er veikir eins og í dag þá eigum við mikið inni. Hefði hann verið við hestaheilsu þá er ég viss um að við hefðum náð betri úrslitum,“ sagði baráttujafninn frá Siglufirði sem oft hefur átt betri dag í landsliðsbúningnum bláa.

### > Ísland steinlá í Skotlandi

Íslenska ungmennalandsliðið í knattspyrnu reið ekki feittum hesti frá viðureign sinni gegn Skotum í vináttulandsleik í gærkvöld. Ísland tapaði leiknum 4-0 en Skotarnir höfðu skorað þrjú mörk þegar í fyrri hálfleik, það fyrsta á upphafsminútu leiksins. Um fyrsta leik Lúkasar Kostic með liðið var að ræða en hann vill eflaust gleyma viðureigninni sem allra fyrst. Marga leikmenn vantaði í íslenska liðið vegna meiðsla en piltarnir fengu dýrmæta lexi á Falkirk-vellinum hjá spræku liði Skota.



ÍSLAND - TRÍNIDAD & TÓBAGÓ

0-2

0-1 DWIGHT YORKE (10.)  
0-2 DWIGHT YORKE, VÍTI (54.)

LIÐ ÍSLANDS (4-4-2):

ÁRNI GAUTUR ARASON	4
(46., Daði Lárusson)	6)
INDRÍÐI SIGURÐSSON	5
HERMANN HREIÐARSSON	5
ÍVAR INGIMARSSON	6
HELGI VALUR DANÍELSSON	4
(80., KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON)	)
EMIL HALLFREDSSON	5
JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON	5
(70., BRYNJAR B. GUNNARSSON)	6)
STEFÁN GÍSLASON	4
(57., ARNAR ÞÓR VÍÐARSSON)	6)
GRÉTAR RAFN STEINSSON	4
EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN	3
(73., GYLFI EINARSSON)	)
HEIÐAR HELGUSON	3
(57., HANNES Þ. SIGURÐSSON)	5)



BARÁTTA Eidiur Smári fann sig aldrei í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Helgi Valur Daníelsson:

## Sáttur við sinn leik í dag

**FÓTBOLTI** „Mér fannst ég standa mig ágætlega,“ sagði Helgi Valur Daníelsson, sem var í fyrsta sinni í byrjunarliði landsliðsins í gær. „Hann var rosalega fljótur vængmaðurinn hjá þeim og það var erfitt að stoppa hann þegar hann komst á ferðina. En á heildina fannst ég mér halda honum niðri lengst af. Ég hefði getað gert betur í fyrsta markinu en vítið var gjöf.“



SPENNA Eyjólfur og félagar sjást hér á bekknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Engar framfarir í fyrsta leik Eyjólf

Íslenska landsliðið í knattspyrnu átti aldrei möguleika gegn spræku liði Trínidad og Tóbagó í vináttuleik þjóðanna í London í gær. Lokatölur urðu 2-0 og skoraði Dwight Yorke bæði mörkin.

**FÓTBOLTI** Þær voru litlar, framfarirnar á leik íslenska landsliðsins í knattspyrnu frá því í síðustu leikjum undankeppni HM. Af leik liðsins gegn Trínidad í gær er ljóst að Eyjólfur Sverrisson, sem stjórnadi liðinu í fyrsta sinn í gær, á enn nokkuð í land með að slípa leik íslenska liðsins. Enn einu sinni var það slakur varnarleikur sem varð íslenska liðinu að falli en í þetta sinn var miðjuspilinu einnig stórlega ábótavant auk þess sem sóknarþvingun var enginn.

Leikurinn fór afar rólega af stað og greinilegt að kuldinn í London sat í leikmönnum beggja liða í upphafi leiks. Fyrsta ásókn Íslands að marki Trínidad sem eitthvað kvað að kom á 8. mínútu eftir lipur tilþrif Emils Hallfredssonar, sem skorti augljóslega ekki sjálfstraust þrátt fyrir að vera í fyrsta sinni í byrjunarliði landsliðsins. Tveimur mínútum síðar kom fyrsta mark leiksins og þar var að verki fyrirliðinn Dwight Yorke. Hann skoraði með hnitmiðuðu skoti úr miðjum vítateignum.

Það var engu líkara en að markið hefði verið til að vekja leikmenn íslenska liðsins enda náðu þeir fljótlega betri tókum á miðjunni. Um miðbik hálfleiksins jafnaðist leikurinn aftur og sýndi Trínidad ágætis spil á vellinum þar sem Yorke var augljóslega leikmaðurinn sem aðrir leituðu að. Hann og Stern John náðu mun betur saman í framlínu Trínidad en Eidiur Smári Guðjohnsen og Heiðar Helguson gerðu hjá íslenska liðinu, en báðir virkuðu þeir þreyttir og áhugalausir. Þá voru skyndisóknir Trínidad stórhættulegar allan leikinn.

Eftir rúmlega hálf tíma leik voru Íslendingar stálheppnir að lenda ekki 2-0 undir þegar Stern John komst í galopið færi eftir mistök Hermanns Hreiðarssonar en á einhvern ótrúlegan hátt náði hann að skjóta yfir. Hermann sjálfur fékk síðan keimlíkt færi hinum megin á vellinum skömmu síðar en skaut einnig yfir af rúmlega þriggja metra færi.

Undir lok fyrri hálfleiks jókst sóknarþungi íslenska liðsins órlítið aftur og átti Eidiur Smári m.a. skot rétt fram hjá beint úr auka-



YORKE KLÁRAR LEIKINN Framherjinn magnaði Dwight Yorke afgreiddi leikinn fyrir Trínidad með tveim mörkum. Hið síðara kom úr víti og hann sést hér fagna því en Daði Lárusson liggur svekkur á jörðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

spyrnu. En allan slagkraft skorti til að þess að komast í afgerandi færi og má í raun segja að varnarmönnum Trínidad hafi aldrei verið velgt verulega undir uggum í fyrri hálfleik.

Leikur íslenska liðsins var lítið skárri í upphafi síðari hálfleiks en á sama tíma var ljóst að sjálfsstraust leikmanna Trínidad fór sívaxandi. Og á 54. mínútu dró aftur til tíðinda þegar Trínidad fékk dæmda vafasama vítaspurnu eftir glæsilega sókn upp vinstri vænginn – rétt eins og í fyrsta markinu. Ívar Ingimarsson stuggaði við Stern John sem féll inni í teig og benti Mike Dein, annars ágætur dómari leiksins, á vítapunktinn. Upp steig Yorke og skoraði með því að vipa yfir Daða í markinu.

Eftir annað markið gátu leikmenn Trínidad tekið því rólega,

liðið færði sig aftur á völinn og varðist skipulega gegn máttlausum sóknartilburðum Íslands. Íslenska liðið fékk ekki eitt umtalsvert marktækifæri í síðari hálfleik og voru leikmenn liðsins nánast búnir að gefast upp löngu áður en leikurinn var á enda.

Í heildina olli frammistaða íslenska liðsins í gær töluverðum vonbrigðum. Liðið virkaði illa samhæft, kannski skiljanlega þar sem aðeins ein almennileg æfing var á dagskrá fyrir leikinn, og var mikið óöryggi áberandi í leik liðsins, hvort sem lítið var til varnar, miðu eða sóknar. Sjálfstraustið virkar lítið eftir hörmulegt gengi í undankeppni HM og þá var það skarð fyrir skildi að Eidiur Smári var einfaldlega lélegur í leiknum. Þegar svo er er ekki við miklu að búast af íslenska liðinu.

Lið Trínidad sýndi hins vegar

að það er þó nokkuð í liðið spunníð. Leo Beenhakker hefur náð að búa til sterka liðsheild úr samansafni minni spámannna þar sem gamla kempan Yorke er ekki aðeins fyrirliði heldur einskonar andlegur leiðtogi liðsins.

Að lokum er ekki annað hægt en að minnast á hina fjölmörgu stuðningsmenn Trínidad og Tóbagó sem settu svo sannarlega svip sinn á leikinn. Þeir voru byrjaðir að dansa, hoppa og tralla við dynjandi bumbuslátt meira en klukkustund áður en leikurinn hófst – og héldu því áfram þar til hann var flautaður af. Það verður gaman að fylgjast með þeim á HM.



ÍSLAND - TRÍNIDAD  
VIGNIR GUÐJÓNSSON  
Skrifur frá London.  
vignir@frettabladid.is

Indriði Sigurðsson ekki sáttur við vítið:

## Hann lét sig detta

**FÓTBOLTI** Indriði Sigurðsson sagði við Fréttablaðið að Stern John hefði klárlega látið sig detta þegar Ívar Ingimarsson stuggaði við honum á 53. mínútu og vítaspurnu var dæmd. „Þetta mark drap okkur endanlega og við náðum okkur ekki almennilega á strik eftir það.“

Annars verður maður að taka það jákvæða úr svona leikjum. Það vantaði nokkuð upp á samhæfinguna en mér fannst ljósir punktar koma inn á milli. Við náðum nokkrum ágætum sóknum en sendingarnar voru ekki nógu



góðar og þeir refsðu okkur,“ sagði Indriði og bætti því við að Dwight Yorke væri ennþá mjög góður leikmaður.

„Hann reyndist okkur erfiður en það var að stóru leyti vegna þess að við gáfum honum alltof mikið pláss.“



LOK, LOK OG LÆS Ívar Ingimarsson og félagar í landsliðinu fundu enga leið að marki Trínidad. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



SIGÞÓR JÚLÍUSSON Sáttur við að hætta á þessum tímamarki. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Sigþór Júlíusson:

## Hættur að leika með Val

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Sigþór Júlíusson mun ekki leika með Val í Landsbankadeildinni næsta sumar. Sigþór lék fimmtán leiki og skoraði tvö mörk með Hlíðarendapiltum síðasta sumar og var lykilmáður í velgengi liðsins sem varð bikarmeistari og náði öðru sæti í deildinni.

„Helsta ástæðan er sú að mig vantar neistann. Metnaður minn liggur annars staðar, það er mikið að gera hjá mér í vinnunni og ég vil ekki taka þátt í verkefninu ef ég er ekki 100 prósent einbeittur að því, sem ég því miður er ekki í dag,“ sagði Sigþór við Fréttablaðið í gær en hann kom til Vals frá KR fyrir síðasta sumar.

„Ég hætti sáttur. Það er gott að enda á titli og auðveldara að hætta þegar vel hefur gengið heldur en vegna meiðsla,“ sagði hinn þrítugi Sigþór að lokum en útilokaði þó ekki að hann sneri aftur í boltann síðar. - hþ

Kvinnalið Grindavíkur:

## Fær nýjan Kana

**KÖRFUBOLTI** Kvinnalið Grindavíkur hefur fengið nýjan Kana í stað Jericu Watson sem yfirgaf félagið á dögnum af persónulegum ástæðum.

Sú heitir Tamara Stocks og ku vera geysiöflug enda hefur hún leikið með Washington Mystics og Charlotte Stings í WNBA-deildinni. Hún hefur einnig leikið í Kína, Króatíu og Spáni og binda forráðamenn Grindavíkur miklar vonir við stúlkuna. - hbg



ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Leikur áfingaleik gegn stöllum sínum frá Englandi í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Íslenska kvinnalandsliðið:

## Æfingaleikur gegn Englandi

**FÓTBOLTI** Jörundur Áki Sveinsson hefur tilkynnt landsliðshóp kvenna sem mætir Englandi í vináttulandsleik í London þann 9. mars. Leikurinn fer fram á Carrow Road, heimavelli Norwich, en alls eru ellefu leikmenn af átján sem koma úr Val eða Breiðabliki.

Fjórir leikmenn eru á mála hjá erlendum liðum, Katrín Jónsdóttir, Dóra Stefánsdóttir, Erla Steina Arnardóttir og fyrirlíðinn Ásthildur Helgadóttir sem reyndar mun leika með Blikastúlkum í sumar.

### HÓPURNIN:

PÓRA B. HELGADÓTTIR BREIÐABLIK  
GUÐBJÖRG GUNNARSÓTTIR VALUR  
ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR MALMÓ  
OLGA FÆRSETH KR  
KATRÍN JÓNSDÓTTIR AMAZON GRIMSTAD  
GUÐLAUG JÓNSDÓTTIR BREIÐABLIK  
EDDA GARDARSÓTTIR BREIÐABLIK  
GUÐRÚN S. GUNNARSÓTTIR BREIÐABLIK  
MARGRÉT LÁRA VIÐARSÓTTIR VALUR  
DÓRA STEFÁNSDÓTTIR MALMÓ  
HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR KR  
MÁLFRÍÐUR E. SIGURDARDÓTTIR VALUR  
DÓRA MARÍA LÁRUSDÓTTIR VALUR  
ERLA ST. ARNARDÓTTIR MALLBACKENS  
LAUFEY JÓHANNSDÓTTIR VALUR  
ÓLÍNA VIÐARSÓTTIR BREIÐABLIK  
GRETA MJÖLL SAMÚELSDÓTTIR BREIÐABLIK  
HARPA ÞORSTEINSDÓTTIR STJARNAN

Jóhannes Bjarnason, fyrrum þjálfari KA, spáir í stórleiki kvöldsins í DHL-deildinni:

# Valur tapar en tekur titilinn

**FÓTBOLTI** Fram og Valur mætast í Safamýrinni en liðin eru í öðru og þriðja sæti deildarinnar. „Minn gamli lærisveinn Baldvin Þorsteinsson verður ekki með Val sem veikir liðið svo um munar. Hann er toppmaður og ég spái Fram sigri í þessum leik þar sem Baldvin leikur ekki. Ef hann væri í liðinu þá væri því öfugt farið en það verður enginn afgangur af sigri Fram, það er ljóst,“ sagði bæjarstjóraefni framsóknarmanna á Akureyri, Jóhannes Bjarnason, um leikinn. Baldvin fékk rautt spjald gegn Haukum og tekur út bann í leiknum.

Haukar taka á móti KA en Jóhannes var þjálfari norðanmanna og þjálfar nú yngri flokka hjá félaginu. „Það hafa verið smávægilegar vankantar á mínum

## LEIKIR KVÖLDSINS

### DHL-deild karla:

FRAM-VALUR	19.15
ÍR-ÞÓR	19.15
FH-ÍBV	19.15
AFTURELDING-FYLKIR	19.15
VÍKINGUR/FJÖLNIR-STJARNAN	19.15
HAUKAR-KA	20.00

### STADAN:

HAUKAR	17	13	1	3	511:460	27
FRAM	17	12	2	3	476:435	26
VALUR	17	12	1	4	521:469	25
FYLKIR	17	9	2	6	469:432	20
STJARNAN	16	8	4	4	467:437	20
KA	16	8	3	5	448:432	19
ÍR	17	7	2	8	544:530	16
AFTURELDING	17	6	3	8	427:442	15
ÍBV	17	7	1	9	504:537	15
HK	17	6	2	9	476:491	14
FH	17	6	1	10	469:477	13
ÞÓR A.	17	4	4	9	477:500	12
VÍK/FJÖL	17	3	1	13	458:530	7
SELFOSS	17	3	1	3	457:532	7



**TEKINN FÖSTUM TÖKUM** Það verður væntanlega hart barist í leiknum í kvöld en hér reynir Valsarinn Atli Rúnar Steinþórsson að komast fram hjá Frömurunum Sergey Serenko og Sverri Björnssyni í fyrri viðureign liðanna í vetur.

„Þetta er mikið stór tækifæri,“ sagði Jóhannes hvernig banginn. Jóhannes segir deildina hafa þróast eins og hann bjóst við í vetur en hann heldur varla vatni yfir Valsliðinu og spáir þeim Íslandsmeistaratitlinum. „Þrjú efstu liðin eru í sérflokki og eitt

af þeim verður meistari. Ég held hreinlega að Valur taki þetta á endanum, liðið er skemmtilegt og vinnur sig áfram á seiglu. Liðið er sterkara en ég hélt og hefur innan sinna raða leikmenn sem geta brotið upp leiki hvenær sem er. Þeir eru með fjölbreytilegt vopnabúr í skotum og sóknaraðgerðum sínum og ég hygg að þeir verði sterkastir á lokaspöttinum,“ sagði hann getspaki framsóknarmaður, Jóhannes, að lokum. - hþ

## Happdrætti húsnæðisfélagsins SEM Útdráttur 24. febrúar 2006



### Plasma sjónvarpstæki frá Svartækni kr. 199.900

4154	4729	9083	11909	16220	17425	47735	50782	52370	56457
68368	71751	74181	76455	77584	83212	85361	86432	88592	89409
94701	95781	96935	104432	107278	109007	112210	120597	123255	123906

### Ferðavinningar frá Úrval Útsýn kr. 150.000

1599	18343	35819	45181	52675	76293	80391	88391	101079	111900
3842	18380	38117	45740	52742	77052	80620	89568	102150	114734
4830	23800	39438	46864	58636	77916	81554	90358	108709	114753
10654	29871	39904	48469	60595	78872	81628	91529	109769	115245
12787	30938	44057	51636	70586	79654	83990	99952	111532	121271

### Helgarferð frá Úrval Útsýn kr. 50.000

190	12511	25843	39139	51921	66179	80169	91543	101448	114000
517	12583	26304	39143	52355	66319	80292	91652	102322	114198
1426	12634	26771	39340	53411	66832	80473	91699	103139	114396
2397	12693	27000	39363	53824	67453	80552	91784	103280	114494
2657	14568	27265	39816	54792	67656	80669	92394	103627	115067
3064	14778	27308	42121	55039	68112	80795	92829	104930	115069
3410	14980	27743	42292	55501	68166	80898	93048	105215	115153
3782	16098	28209	43335	55835	68263	81352	93184	105320	115714
3889	16424	28783	43476	56259	68433	81634	93838	105481	116555
3895	17601	29067	43918	56820	69299	82384	93841	105484	117295
3985	17641	29113	43952	57091	69410	82736	94303	105839	117323
4118	17695	29146	44246	57211	69445	83116	94745	106493	117433
4268	17919	29160	44400	57861	70796	83214	95022	106556	117481
5237	17940	29315	44706	58162	70882	83515	95058	106948	117614
5435	18370	29377	45245	58683	70921	85107	95252	107161	117734
5772	18831	30586	45311	58923	70957	85480	95377	108025	117895
6167	19142	31050	45460	59212	70970	85941	95519	108028	117960
7324	19567	32120	46133	59352	70981	86028	95701	108273	118122
7425	19710	32183	46615	59613	71085	86138	95846	108438	118580
8690	19764	32931	46815	60090	71871	86168	96083	109064	119483
8757	20341	32961	46847	60182	71943	86446	96398	109344	119753
9113	20547	33427	47055	60502	72255	86694	96546	109445	119887
9428	20928	33525	47282	60576	72347	86790	96705	110275	120267
9434	21140	33529	47894	60812	72512	86916	97345	110291	120752
9812	21540	33610	47955	61235	72679	86936	97371	110808	121614
10246	21721	35066	49819	61367	73279	87157	97610	110835	121793
10417	22150	35454	50224	61651	73421	87416	97997	111503	122328
10797	22507	35669	50246	61878	74473	87845	98119	111654	122425
11202	23078	35944	50317	61902	75301	87983	98206	111749	122556
11229	23119	36262	50343	61983	75314	88177	99012	112013	122992
11268	23242	36670	50957	62012	75730	89132	99372	112085	123129
11363	24273	37386	51340	63086	76452	89525	99762	112175	123892
11503	24351	38288	51468	63179	76580	89972	100860	112541	124074
11769	25227	38533	51487	63193	76749	90524	100957	113194	124284
12322	25241	38878	51585	64560	77128	90823	101006	113243	
12426	25554	39058	51619	65309	80009	90895	101351	113986	

Vinninga ber að vitja innan árs. Upplýsingasími 5811250, og á heimasíðu félagsins sem.is þökkum ómetanlegan stuðning - Birt án ábyrgðar



MAN 19-463 - Rafskiptur Dráttarstóll, loftfjöðrun aftan árg. 1998 - ekinn 432.000



Daily sendibíll 35S13V 12m2 vörurými - rennihurð b/v árg.2000 - ekinn 117.00



Iveco EuroCargo 120E23 Kassi og lyfta árg.1997 - ekinn 253.000



Iveco EuroCargo 120E23 Kassi og lyfta árg.1997 - ekinn 225.000



Iveco EuroCargo 150E23 Gámagrind og lyfta árg.1999 - ekinn 305.000



Iveco Stralis 11/2004 AS440S48TP Dráttarstóll - ekinn 34.500

**VELAVER**  
Sími 588 2600  
www.velaver.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I can get a good look at a T-bone by sticking my head up a bull's ass, but I'd rather take the butcher's word for it.“

1995  
Tommy úr kvikmyndinni Tommy Boy frá árinu  
SVAR:

# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON FANN GULLMOLA Á STÖÐ 2

### Gæðasápa og önnur froða

Sápuóperurnar The Bold and the Beautiful og Leiðarljós eru skólabókardæmi um dagsbirtusápur. Maður sér enga vitglóru í því að slíkt og annað eins skuli yfirleitt framleitt og enn síður að boðið sé upp á þetta drasl á dagskrám sjónvarpsstöðva. Þetta er stórmóðgun við þá sem hafa tíma og nennu til þess að horfa á sjónvarp á venjulegum vinnutíma. Þar sem ósköpin eru ætluð frá Bandaríkjunum má samt ætla að einhverjir markaðsspekingar þar í landi hafi reiknað það út að fólk sem horfir á sjónvarp á daginn sé heimskara en þeir sem falla í dauðadá fyrir framan kassann að kvöldi dags. Þetta er líklega reginfrira og á áreiðanlega ekki við á Íslandi enda hefur það margt sýnt sig að útkoman verður í meira lagi brengluð þegar Íslendingum er þröngvað inn í amerískar markaðsformúlur.

Mér fannst ég í það minnsta ekkert vitlausari um daginn þegar ég lá veikir heima í viku og hafði helst Stöð 2 til að styttu mér stundir. Það kom líka á daginn að Stöð 2 sinnir bara þessu hlutverki með nokkrum sóma. Sápuviðbjóðurinn er auðvitað til staðar en endursýningar á innlendu efni og gamanþáttum af kvölddagskránni gera dagglápið bærilegt og vel það.

Þá verður líka að segja Stöð 2 það til hróss að hún er eina stöðin sem heldur úti dagskrá frá morgni langt fram eftir nóttu. Sjónvarpsstöðvarnar eiga að taka hlutverk sitt sem afþreyingarmiðlar og tímaþjófar alvarlega og bjóða upp á eitthvað ananð en tónlistarmyndbönd yfir blánóttina.

Þá er vert að minnst sérstaklega á suður-amerísku sápunu My Sweet Fat Valentina, algeran gullmola sem leynist í dagskrá stöðvarinnar á daginn. Þetta eru bráðfyndnir þættir með kúntugum persónum og langt yfir The Bold and the Beautiful hafnir. Bold and the Beautiful er þar fyrir utan algert ófugmæli þar sem allir sem þar koma við sögu eru frekar ófríðir. Hjá Valentínu eru allir hins vegar bráðhuggulegir. Dömurarnar flottar og gaurarnir vörpulegir. Samkvæmt amerísku skilgreiningunni ætti að flytja Valentínu og félagar beint yfir á kvölddagskrána.



VALENTINA Ætti að fara beina leið á kvölddagskrá.

20.30  
Keppni  
PROJECT RUNWAY

20.05  
Lífstill  
VEGGFÓÐUR

21.00  
Gaman  
MY NAME IS EARL

20.30  
Lífstill  
FYRSTU SKREFIN

19.55  
Fótbolti  
ENGLAND – ÚRÚGVÆ

### SJÓNVARPIÐ

### SIRKUS

### SKJÁREINN

### ENSKI BOLTINN

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Disneystundin 18.01 Steini (36:52) 18.23 Sí-gildar teiknimyndir (22:42)

6.58 Ísland í bítið 9.00 The Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah Winfrey 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Strong Medicine

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Heil og sæl (e)

16.20 Ísland – Trínid og Tóbagó 18.00 Íþróttasjallíð 18.12 Sportíð

18.31 Liló og Stitch (59:65) (Lilo & Stitch) 18.54 Víkingalottó

19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós

20.30 Tiskuprautir (1:12) (Project Runway) Þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti.

21.15 Svona er lífið (1:13)

22.00 Tiúfréttir

22.20 Handboltakvöld

22.40 Gabriela Friðriksdóttir á Fenejvatváringnum 2005 Heimildamynd eftir Ragnheiði Gestsdóttur um þátttöku Íslands í Fenejvatváringnum 2005 með verki Gabrielu Friðriksdóttur, Versations Tetralógía.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag

19.35 Strákarnir 20.05 Veggfóður (5:17) Vala Matt og Hálf-dán sjá um lífstíls- og hönnunarpáttinn Veggfóður.

20.50 Oprah (38:145) (Sexiest Man Alive: Matthew McConaughey & Top Grammy Nominee)

21.35 Missing (16:18) (Mannshvörf) (Phoenix Rising)

22.20 Strong Medicine (20:22) (Samkvæmt læknisráði 4) (Real World Rittenhouse) Lu fær til sín sjúkling sem hún heldur að hafi fengið matareitrun á meðan Andy aðstoðar konu sem hefur verið að reyna að eignast barn og kemst að óþægilegum leyndarmálum.

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag

19.30 The War at Home (7:22) (e) (Cheers) 20.00 Friends (9:24)

20.30 Sirkus RVK (18:30)

21.00 My Name is Earl (8:24)

21.30 The War at Home (8:22) (Empire Spanks Back) Frábærir gamanþættir um foreldrana Dave og Vicky sem á hverjum degi takast á við það vandasama hlutverk að ala upp unglina sína sem eru allt annað en auðveldir í umgengni.

22.00 Invasion (8:22) (Cradle)

22.45 Reunion (7:13) (e) (1992)

19.00 Cheers 19.25 Fasteignasjónvarpið

19.45 Blow Out II – lokapáttur 20.30 Fyrstu skrefin Í þáttunum verður leitast við að sýna á jákvæðan hátt hversu gefandi og skemmtilegt foreldrahlutverkið er og hvað við getum gert til að börnunum okkar líði sem best. Umsjónarmaður þáttarins er Guðrún Gunnarsdóttir söngkona.

21.00 Queer Eye for the Straight Guy Samkynhneigðar tiskulöggur gefa einhleypum, gagnkynhneigðum körlum góð ráð um hvernig þeir megi ganga í augun á hinu kyninu.

22.00 Law & Order: SVU

22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð

18.30 Gillette World Sport 2006 Íþróttir í lofti, láði og legi.

19.00 Grunnskólalífið UMSK í fitness (Liðakeppni) Glæsilegur hópur keppenda spreytti sig á Grunnskólalífið UMSK í fitness sem fram fór að Varná í Mosfellsbæ.

19.25 Spænsku mörkin 2005-2006.

19.55 England – Úrúgvæ Bein útsending frá vináttulandsleik Englands og Úrúgvæ sem fram fer á Anfield í Liverpool.

21.55 2002 FIFA World Cup (Saga HM 2002) Heimsmeistarakeppni í knattspyrnu í Japan og Kóreu 2002 er rakin í máli og myndum.

23.05 Pönkið og Fræbblarnir 0.30 Kastljós 0.50 Dagskrárlok

23.05 Stelpurnar 23.30 Grey's Anatomy (17:36) 0.15 Derek Acorah's Ghost Towns (2:8) 1.00 Breathing Room 2.30 Lifestyle 3.45 Jason X (Stranglega bönnuð börnum) 5.15 Fréttir og Ísland í dag 6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.30 Kallarnir Nr. 5 (e) 0.00 Friends (9:24) 0.25 Sirkus RVK (18:30) (e)

23.20 Jay Leno 0.05 Close to Home (e) 0.50 Cheers – 10. þáttaröð (e) 1.15 2005 World Pool Championship (e) 2.55 Fasteignasjónvarpið (e) 3.05 Östóðvandi tónlist

23.55 US PGA Tour 2005 – Highlights 0.50 HM 2006

### STÖÐ 2 BÍÓ

5.00 Legally Blonde 8.00 Just Married 10.00 Kangeroo Jack 12.00 Bringing Down The House 14.00 Legally Blonde 16.00 Just Married 18.00 Kangeroo Jack 20.00 Bringing Down The House (Allt að verða vitlaus) 22.00 Analyze That (Kæri sáli 2) Mafiuforinginn Paul Witt leitir á náðir vinar sínar, hins virta sálræðings Ben Sobol eftir að losna úr fangelsi. Þönnuð börnum. 0.00 Malibu's Most Wanted (Bönnuð börnum) 2.00 Girl Fever (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Analyze That (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

12.00 Uncut 13.00 E! News 13.30 Hot Love Gone Bad 14.00 101 Sensational Crimes of Fashion! 15.00 101 Sensational Crimes of Fashion! 16.00 101 Sensational Crimes of Fashion! 17.00 101 Sensational Crimes of Fashion! 18.00 Rich Kids: Cattle Drive 19.00 E! News 19.30 Celebrity Soup 20.00 The E! True Hollywood Story 22.00 101 Sexiest Celebrity Bodies 23.00 Celebrity Friends Gone Bad 23.30 Hot Love Gone Bad 0.00 E! News 0.30 Hot Love Gone Bad 1.00 Party @ the Palms 1.30 Girls of the Playboy Mansion 2.00 The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

7.00 Að leikslókum (e) 8.00 Að leikslókum (e) 14.00 Birmingham – Sunderland frá 25.02 16.00 WBA – Middlesbrough frá 26.02 18.00 Bolton – Fulham frá 25.02 20.00 Liverpool – Man. City frá 26.02 22.00 Tottenham – Wigan frá 25.02 0.00 Man. Utd. – West Ham 2.00 Dagskrárlok

visir

## NFS ER Á VISIR.IS

NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttir beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir elki af neinu.



**VIÐ MÆLUM MEÐ...**

**Fyrstu skrefin**

**SkjárEinn kl. 20.30**

**Nýr uppeldisþáttur með Guðrúnu Gunnars**

*Guðrún Gunnars gefur góð ráð hvernig sé best að ala upp blessuð börnin.*



Nýr íslenskur uppeldisþáttur hefur göngu sína á SkjáEinum í kvöld. Í þáttunum verður leitast við að sýna á jákvæðan hátt hversu gefandi og skemmtilegt foreldrahlutverkið er og hvað við getum gert til að börnunum okkar líði sem best. Foreldrar og börn verða í aðalhlutverki og þau fjölmörgu verkefni sem þarf að glíma við þegar börnin eru á fyrsta æviskeiðinu. Færstu sérfræðingar verða svo fengnir til ráðgjafar en umsjónarmaður þáttarins er Guðrún Gunnarsdóttir.

**■ Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

4	8	2	5	1	9	7	3	6
3	1	9	2	7	6	8	5	4
5	6	7	3	8	4	9	2	1
7	3	1	4	6	2	5	8	9
9	2	4	7	5	8	6	1	3
6	5	8	9	3	1	2	4	7
1	7	6	8	2	3	4	9	5
8	9	5	1	4	7	3	6	2
2	4	3	6	9	5	1	7	8

8	2			4				6
		3	1					
	5	1			8	3		
		8	9					3
	6							8
	9				5	7		
		5	8			4	7	
					4	9		
2				7			6	8

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ

**20.45**  
**Fréttir**  
DÆMALAUS VERÖLD – MEÐ ÓLA TYNES

**7.00** Ísland í bitíð **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisíð – fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnábing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/veður

**19.45** Brot úr dagskrá  
**20.00** Fréttir  
**20.10** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur Maður vikunnar.  
▶ **20.45** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimfréttirnar.  
**21.00** Fréttir  
**22.00** Fréttir Fréttir og veður  
**22.30** Storm that Drowned a City

**23.20** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/veður  
**0.20** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.20** Fréttavaktin eftir hádegi **6.20** Hrafnábing/Miklabraut

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.03** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vitt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.35** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Viðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vítinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Sádómen söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.22** Bókabátturinn **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútlit Rásar **2 9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútlit

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

**BYLGIJAN** FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bitíð **9.00** Ivar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalahádegis Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

**AÐRAR STÖÐVAR**

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**  
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**  
**FM 95,7 Effemm** / Zúber tónlistarstöðin  
**FM 102,2 Útlit Latibær** / Fjölskyldu útlit  
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni  
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying  
**FM 105,5 Útlit Boðun** / Kristilegt efni  
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bitíð í bænum  
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni  
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying  
**FM 104,5 Radió Reykjavík** / Tónlist og afþreying

# Flottur 2.650.000 kr.

## Outlander Comfort 4X4 sjálfskiptur með 2,4 lítra 160 hestafla vél

**27.600 kr. á mánuði\***

**Staðalbúnaður í Outlander:**

- Sítingt aldrif
- Álfelgur
- Vindskeið
- Pakbogar
- Skyggðar rúður
- ABS hemlalæsivörn
- Skriðstillir (Cruise control)

**Flottur og frísklegur sportjeppi** sem sameinar þægindi fólksbíls og eiginleika jeppans. Mitsubishi Outlander er bíll fyrir kröfuharða ökumenn og óblíða náttúru.

Outlander er einnig fánlegur í sportútgáfu með glæsilegri leðurinnréttingu, sóllúgu, hita í framrúðu o.fl.

\*Miðað við 30% útborgun og gengistrygðan bílasamning SP til 84 mánaða.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000  
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416  
[www.hekla.is](http://www.hekla.is), [hekla@hekla.is](mailto:hekla@hekla.is)



## HRÓSIÐ

...fær Helga Braga Jónsdóttir fyrir að hafa losað sig við öll aukaklín með því að hætta að borða hveiti og sykur.



## PRÍR SPURÐIR REKTOR HÁSKÓLA ÍSLANDS VILL KOMA HONUM Í HÓP PEIRRA 100 BESTU

### Hvernig má bæta Háskóla Íslands?

#### Parf að efla rannsóknarstarf

Það þarf að vekja áhuga nemenda og kennara á því að rannsóknarstarf verði stórefnt. Það þarf að auka möguleika einstaklinga og samfélagsins á nýjum störfum og bæta um leið tengsl okkar við umheiminn. Þetta byggir allt á miklum samskiptum nemenda og kennara. Við höfum svo margt sem yfir undir margbreytileika því engir tveir eru eins.

Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði



#### Meiri strúktur á framhaldsnám

Það þarf aðallega að koma meiri strúktur á framhaldsnám og fá meiri peninga inn í það. Svo þarf háskólinn að vera samkeppnishæfari varðandi kennara. Það er erfitt að keppa við einkamarkaðinn um kennara. Það er mjög mikið hugsjónastarf sem er unnið hérna.

Hákon Hrafn Sigurðsson, doktor í lyfjafræði



#### Betri lesaðstöðu

Það þarf aðallega meiri peninga inn í kerfið, það vita allir. Til dæmis þarf betri lesaðstöðu í Odda.

Guðfinna Alda, sálfræðinemi



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

#### LÁRÉTT

2 hvetja 6 tveir eins 8 bein 9 tímabils 11 klukkan 12 settum 14 uppspuni 16 klafi 17 æxlunarkorn 18 yfirgef 20 2 eins 21 tryggur.

#### LÖÐRÉTT

1 málmur 3 tveir eins 4 skekkjumörk 5 kraftur 7 klossi 10 stykki 13 sarg 15 kakó 16 margsinnis 19 óreiða.

#### LAUSN

61 oft. 7 treskór, 10 stk, 13 urg, 15 kókó, 5 afh, 16 fól, 20 kk, 21 trú.

LÁRÉTT: 2 óvna, 6 tt, 8 tt, 9 árs, 11 kl, 12 létum, 14 skrók, 16 ok, 17 gró, 18

#### [ VEISTU SVARID ]

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Á Sauðárkróki.
- 2 Dan Brown.
- 3 Eyjólfur Sverrisson.

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000  
EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

INGÓLFUR MARGEIRSSON: GLERSÚLAN HLUTI AF FRÍÐARIÐNAÐI

## Dugleg atvinnuekkja

Það ráku margir upp stór augu þegar listakonan Yoko Ono tilkynnti við hátíðlega athöfn að hún vildi stofnsetja friðarverðlaun og friðarviku hér á landi í tengslum við afmælisdag fyrrum eiginmanns síns, John Lennon. Ono ánaðnaði við sama tækifæri Reykjavíkurborg forlata glersúlu sem reist verður í Viðey en þangað eiga íbúar heimsins að geta farið með óskir sínar um frið og fest þær á listaverkið. Þessi tíðindi komu Ingólfi Margeirssyni, blaðamanni og rithöfund, í sjálfu sér ekki mikið á óvart enda segir hann hina japönsku listakonu vera duglega ekkju að atvinnu.

Hann var nýkominn heim frá Bandaríkjunum þegar Fréttablaðið náði tali af honum en gaf sér smá tíma til að ræða aðeins um þessa merku konu sem margir vilja draga til ábyrgðar fyrir að hafa rústað samstarfi Bítlanna á sínum tíma. „Hún er yfirstéttarstelpa af japönskum ættum sem ólst upp í Bandaríkjunum,“ útskýrir Ingólfur en Ono er af vellauðugum ættum, dóttir bankastjóra og var kostuð í fræga og dýra kvennaskóla í Bandaríkjunum. „Hún upplifði því aldrei neinn skort eða stríðshrylling eins og hún hefur stundum ýjað að í blaðaviðtölum,“ bætir Ingólfur við. Hann segir að listakonan hafi hins

INGÓLFUR MARGEIRSSON Segir að Yoko Ono geri fátt án þess að hafa upp úr því fjárhagslegan gróða. Glersúlan í Viðey sé til að mynda bara hluti af friðariðnaði hennar.



YOKO ONO Hefur séð um að halda minningu Johns Lennon á lofti en enginn skyldi þó vanmeta viðskiptavit hennar enda á listakonan ekki langt að sækja það. FRÉTTABLAÐIÐ / PIJETUR

vegar slitið sig frá þessu borgaralega lífverni og tekið upp listamanns lífverni. „Hún gekk til liðs við Flux hópinn sem aðhylltist conceptional-list og glersúlan í Viðey er dæmi um þá stefnu,“ segir Ingólfur en leiðir hennar og Johns Lennon lágu einmitt saman á sýningu hópsins í London.

Ingólfur segir að það skyldi aldrei vanmeta viðskiptavit Yoko Ono enda eigi hún stutt að sækja það. Ono hefur hagnast

vel á fjárfestingum sínum í fasteignum og jafnvel nautarækt enda framkvæmir hún fátt án þess að hagnast á því fjárhagslega. „Ono hefur einnig grætt vel á ýmsum hugðarmálum Johns Lennon og er friðariðnaðurinn bara einn angur af þeim,“ útskýrir Ingólfur en leyfir sér þó ekki að efast um góða meiningu Ono. „Minning Lennons lifir að miklu leyti vegna umfangs Yoko,“ segir Ingólfur sem telur að eflaust megi finna betri aðferð til að stuðla að friði í heiminum en að troða einhverju drasli í glersúlu úti í Viðey. „Hugmyndin er hin vegar geggjúð og alveg í anda Lennon/Ono.“

freyrgjiga@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Undirbúningur fyrir Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík er nú í fullum gangi en það er sem fyrr **Hrónn Marínósdóttir** sem er framkvæmdastjóri hátíðarinnar. Ráðgert er að hún hefjist 22. september og standi til 8. október en dagskrá hátíðarinnar er nú öll að mótað og hafa erlendir aðilar sýnt henni þó nokkurn áhuga. FIBRESCI, samtök blaðamanna og gagnrýnenda, hafa boðist til að koma og vera með dómmnefnd í kringum hátíðina en þau veittu Baltasar Kormáki verðlaun á Gautarborgarhátíðinni fyrir kvikmyndina A Little Trip to Heaven. Þá hefur tékkneska ríkissjónvarpið ákveðið að koma hingað til lands í kringum hátíðina í þeim tilgangi að ræða við íslenska kvikmyndagerðamenn. Samkeppnin verður því hörð hvað kvikmyndahátíðir í borginni varðar en eins og greint var frá í þessum dálki í gær hefur IFF hátíðinni verið frestað fram á haust en það eru dreifingaaðilar og kvikmyndahúsin sem standa að henni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mikil óánægja með þessa tilhögun meðal þeirra sem standa að Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni en þeir telja þetta vera beina samkeppni við sig. Aðstandendur IFF blása hins vegar á alla gagnrýni, segjast ekki vera í neinu kapphlaupi enda séu aðstæður kvikmyndahátíðanna gjörólíkar. IFF sýni myndir sem höfði til mjög breiðs áhorfendahóps en Alþjóðlegu kvikmyndahátíðin er með óháðar og listrænar kvikmyndir.



Á heimasíðu kvikmyndafyrirtækisins Blue Eyes hefur 10. mars verið settur sem tókudagur á kvikmyndina Mýrina eða Jar City eins og hún er kölluð á enska tungu. Þetta er fyrsta myndin sem gerð verður eftir skáldsögu úr smíðju Arnaldar Indriðarsonar en það er Baltasar Kormáki sem leikstýrir. Ingvar E. Sigurðsson fer með hlutverk Erlends, rannsóknarlögreglumannsins, en aðrir leikarar eru meðal annars Elva Ósk Ólafsdóttir og Björn Hlynur Haraldsson auk **Ágústu Evu Erlendsdóttur** sem hefur í nógu að snúast þessa dagana enda styttest óðum í Grikklandsförina þar sem „vinkona“ hennar, Sílvia Nót, syngur fyrir hönd þjóðarinnar. - fgg



## Kirkjuleg kvikmyndaverðlaun?

Á heimasíðu www.dec.hi.is skrifar Árni Svanur Danielsson, verkefnisstjóri vefmiðla hjá Biskupsstofu, pistil undir heitinu „Kirkjuverðlaun og kvikmyndahátíðir“ þar sem hann viðrar þá hugmynd að kirkjan veiti kvikmyndaverðlaun á einhverjum af kvikmyndahátíðum borgarinnar. „Þetta er enn á mjög óformlegu stigi,“ svarar Árni þegar hann er inntur eftir þessari hugmynd. „Kirkjuleg samtök hafa verið að veita verðlaun um allan heim en mín hugmynd er ættuð frá Svíþjóð,“ heldur hann áfram en á Gautarborgarhátíðinni veitir til að mynda sænska kirkjan einni kvikmynd verðlaun.

Árni hafði samband við forsvarsmenn þeirra verðlauna til að fræðast um hvernig þeim væri hagað en þess má til gamans geta að Nói albínói fékk þau á sínum tíma. „Mér var í kjölfarið boðið að sitja í dómmnefndinni



ÁRNI SVANUR Viðraði hugmyndir um kirkjuleg kvikmyndaverðlaun eftir að hafa setið í sambærilegri dómmnefnd á Gautarborgarhátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIDA

en þekktist boðið í ár,“ segir Árni en það var danska kvikmyndin Drömmen sem hreppti þau að þessu sinni.

Að sögn Árna eru nokkur skilyrði sem þarf að uppfylla þannig

að kvikmynd komi til greina í þennan flokk. Ólíkt því sem margir kynnu að halda þarf hún þó ekki að vera gerð af einhverjum ofur-trúuðum kvikmyndagerðarmanni og fjalla um bein trúarleg málaefni. „Samkvæmt sænsku reglunni verður myndin að falla að hinum trúarlega boðskap kristinnar trúar og leggja áherslu á jákvæð og uppbyggileg gildi,“ segir Árni sem telur að myndin ætti að fjalla um eitthvað sem brynni á fólki – einhvers sem væri tilvistarlegs eðlis. Árni er virkur meðlimur í Deus ex Cinema-hópnum en félagið stendur fyrir Jesúbíói sex næstu sunnudaga í samstarfi við Neskirku. „Við sýnum myndir um líf Jesú frá mismunandi tímum en bæði guðfræðingur og kvikmyndafræðingur munu í lok sýningar tjá sig um þær,“ segir Árni.

- fgg

**DV**

Hefur þú séð DV í dag?

DORRIT KOMIN HEIM ÚR HVÍLDARFERÐ

Við góða heilsu á Bessastöðum





Narnía - Ljónið, nornin og skápurinn

~~1.790,-~~ **790,-**

# STÓRI BÓKAMARKAÐURINN

Perlunni og Akureyri

23. feb. - 5. mars

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 10-18



Heimsmetabók Guinness 2006

~~4.990,-~~ **1.900,-**



Kattabókin

~~5.990,-~~ **1.990,-**




Hringadróttins saga 3 kiljur í öskju

~~5.980,-~~ **2.490,-**



Ísland í hers höndum

~~12.990,-~~ **4.990,-**



Pétur poppari

~~4.980,-~~ **1.890,-**



Veldu flugu

~~5.990,-~~ **1.499,-**



Ferð um fornar sögur

~~4.290,-~~ **1.500,-**



Queer eye for the straight guy

~~4.490,-~~ **990,-**



Harry Potter og viskusteinninn

~~2.480,-~~ **990,-**




Næturvaktin

~~4.280,-~~ **1.990,-**




Já, ég þori, get og vil

~~3.990,-~~ **1.740,-**



Á vængjum söngsins

~~4.980,-~~ **1.990,-**



Abarat

~~3.680,-~~ **1.590,-**



Leyndarmál Húna litla

~~2.290,-~~ **990,-**



Þriðja táknið

~~4.690,-~~ **1.990,-**

## Enn bætast við nýjir titlar!

Á hverjum degi bætast við nýjar bækur á ótrúlegu verði. Margar bækur eru í mjög takmörkuðu upplagi, því er um að gera að drífa sig strax í dag! Ekki er verra að setjast svo niður með nýja bók á fjórðu hæðinni og fá sér einn kaffibolla.



**Bókamarkaður**  
Félags íslenskra  
bókaútgefenda!



BAKÞANKAR

STEINUNNAR  
STEFÁNSDÓTTUR

## Lífi birtan!


Um daginn vaknaði ég við fugla-söng í fyrsta sinn á þessu vori, já vori segi ég því enn og aftur hef ég látið fífla mig af sólinni og birtunni. Tilfinningin segir mér að vorið sé komið þótt skynsemin standi á hinni öxlinni og minni á að íslenskur vetur stendur iðulega langt fram á vor. Ég er svo sem ekki ein um að hafa látið plata mig. Hjá samferðafólkinu tek ég eftir að vorfiðringurinn er alls staðar að vakna með tilheyrandi gleði og tilhlökkun. Og það er vitanlega ekki að ástæðulausu sem við höfum látið blekkjast svona mörg.

**DAG** eftir dag er annaðhvort hlýtt eða bjart, nema hvort tveggja sé. Vetrargosarnir í garðinum eru farnir að blómstra þó að ekki megi gleyma því að auðvitað er raunveruleg ástæða fyrir því að þetta finlega en jafnframt harðgerða blóm er einmitt kennt við veturinn. Svo eru runnarnir líka víða farnir að bruma og þar sem skjól-sælást er jafnvel komnir að því að springa út. Allt styður þetta tilfinninguna fyrir því að vorið sé komið.

**Á MÓTI** kemur svo reynslan. Hvað hefur maður ekki oft látið taka sig í bólinu með þessum hætti áður. Verið sannfærður um að nú væri vorið komið og setið svo uppi með löng kuldatímabil og hret á hret ofan með tilheyrandi vonbrigðum. Þá er nú betra að hlusta á skynsemina og muna að vorið kemur ekki á góunni hér á Íslandi. Iðulega er það ekki einu sinni komið á sjálfan sumardaginn fyrsta þegar harpa heilsar. En kannski er vorið bara hugarástand. Og ef svo er, má þá ekki bara trú á tilfinninguna og gefa skynseminni langt nef. Ákveða að vorið sé komið, njóta þessara björtu og fallegu daga og taka svo bara þann slag þegar hretið kemur.

**Í DAG** er fyrsti dagur marsmánaðar sem er býsna langur mánuður, að minnsta kosti miðað við febrúar. Mars getur svo sannarlega verið kaldur mánuður líka og veðrið býsna rýsjótt. Eitt hefur þessi ágæti mánuður þó fram yfir undangengna fjóra mánuði. Það er blessuð birtan sem öllu breytir. Og hér getum við leyft reynslunni að styðja við tilfinninguna. Það er liðin tíð að venjulegur vinnudagur hefjist í myrkri og ljúki svo líka í myrkri. Sú tíð rennur ekki upp að nýju fyrr en í haust og það er langt þangað til.

## MARKAÐURINN

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000ÞÚ SNERTIR  
FJARLÆGÐINA

SLENSKA AUGLÝSINGASTOFN/SHALS 101 31358 01/2008

Þegar Lexus IS250 ber þig mjúklega eftir veginum og þú finnur allíð, sem þér er gefið, verður fjarlægðin nálæg. Fyrr en varir ertu kominn á áfangastað og þér líður eins og þú hafir aldrei lagt af stað. Innrétting, munaðarþægindi og tæknibúnaður, sem tekur öðru fram, eru umgjörð um líf þeirra sem vilja ná langt. Á Lexus IS250 verður fjarlægur draumur að veruleika.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400

Sjáðu, snertu og prófaðu Lexus IS250. Við erum sannfærðir um að niðurstaðan verður gagnkvæm virðing. Það mun ef til vill koma þér á óvart en við sáum það fyrir. Við gerum nefnilega sömu kröfur til lúxusbíla og þú og njótum þess að tvinna saman afl og hugvit.

Verð frá 3.800.000 kr.

**LEXUS**  
The pursuit of perfection